Í þessari rannsókn þar sem allmargir hrútanna eru rosknar kindur eru forvitnilegar niðurstöður. Efstur í heildareinkunn í rannsókninni er Ári 09-736 en hann er að skila þroskamiklum lömbum og yfirburðir hans úr mati sláturlamba fyrir gerð eru ótrúlega miklir. Þetta er sonur Púka 06-807 og móðurfaðir hans Lubbi 01-940 sem á sínum tíma koma af þessu búi á stöð. Örn 07-708 er með mjög sterkan hóp, sem sýnir jafna yfirburði um nánast alla eiginleika, en hann er undan Fróða 04-963 og móðurfaðir Arnar er Bjargvættur 97-869. Mjög áþekkur lambahópur nema lítið eitt léttari lömb eru þarna undan Blossa 07-705 en yfirburðir hans koma hnífjafnt frá báðum meginþáttum rannsóknarinnar. Blossi er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er

Spakur 00-909. Hrani 07-711 kom mjög vel út í rannsókninni haustið 2008 þegar hann var veturgamalla og á nú feikilega þroskamikil lömb með mjög góðar ómsjarmælingar en hann er sonur Hyls 01-883.

## Dunkur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Akkur	07-289	Frakksso	03-974	113,0	128,7	<b>120,9</b>	16,2	8,6	6,0	27,0	2,7	17,4
Gári	07-290	Erpur	01-919	103,5	58,7	<b>81,1</b>	15,5	8,2	5,9	23,7	3,5	16,7
Öngull	08-297	Raftur	05-966	101,2	117,9	<b>109,6</b>	15,7	8,2	6,0	27,0	3,3	17,4
Staður	09-302	Forði	08-858	87,1	99,9	<b>93,5</b>	15,9	8,2	6,4	25,9	3,3	16,9
Ári	09-304	Gári	07-290	105,5	101,7	<b>103,6</b>	15,3	8,2	5,8	25,0	2,4	17,0
Engill	09-305	Bogi	04-814	114,4	96,7	<b>105,6</b>	15,3	8,6	5,8	25,3	2,8	17,1
Styggur	10-310	Hlekkur	09-061	96,2	94,0	<b>95,1</b>	14,0	8,1	5,8	25,3	3,1	16,8
Ragni	10-311	Magni	06-730	92,2	94,0	<b>93,1</b>	17,2	8,3	6,6	25,8	3,6	17,1
Glókollur	10-312	Vöðvi	06-820	94,6	92,3	<b>93,5</b>	16,2	8,2	6,3	26,1	3,7	16,8
Björn	10-315	Bokki	06-852	108,3	115,0	<b>111,7</b>	15,6	8,4	5,9	26,2	2,7	16,7

Í rannsókninni hér er efstur Akkur 07-289 og er það ekki hvað síst góðar ómsjarmælingar sem lyfta honum í þessum samanburði en það hefur ekki verið mjög algengt um syni Frakkssonar 03-974, en móðurfaðir Akks er Partur 99-914. Björn 10-315 er með góða yfirburði um báða meginþætti rannsóknarinnar en hann er sonur Bokka 06-852 og móðurfaðir hans Erpur 01-919. Engill 09-305 gefur eins og á síðasta ári mjög góðar kjötmatsniðurstöður, en hann er undan Boga 04-814.

## Geirmundarstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Tenór	08-873	Þráður	06-996	108,8	103,1	<b>106,0</b>	16,7	9,5	5,8	27,9	2,3	17,4
Styggur	10-530	Raftur	05-966	87,1	54,7	<b>70,9</b>	16,2	8,8	5,8	25,0	2,4	16,7
Logi	10-532	Raftur	05-966	92,9	116,3	<b>104,6</b>	16,9	9,4	6,2	28,4	2,0	17,4
Hængur	10-533	Kjakur	07-840	112,3	123,6	<b>118,0</b>	16,8	10,6	6,4	28,8	2,3	17,5
Jötunn	10-534	Grábotni	06-833	113,6	94,9	<b>104,3</b>	16,8	10,5	6,3	28,1	2,9	17,2
Tangó	10-536	Tenór	08-873	83,6	96,3	<b>90,0</b>	16,0	8,7	5,8	27,8	2,3	17,3
Bjarmi	10-537	Glámur	09-530	105,5	107,7	<b>106,9</b>	16,2	10,4	6,3	28,2	2,7	17,6

Hér voru veturgömlu hrútarnir í samanburði ásamt Tenór 08-873, sem þá um sumarið hafði verið seldur á sæðingastöð. Stærð afkvæmahópsins undan honum var óvanaleg þar sem um 60 lömb undan honum voru ómmæld og kjötmatsupplýsingar eru fyrir um 150 lömb. Hópurinn undan honum er mjög kostamikill og er vart vafamál að hann er einhver allra öflugasti hrútur sem fékkst undan Þræði 06-996 það eina ár sem hann var notaður á stöð. Móðurfaðir Tenórs, Glói 04-591, var um fjölda ára aðalhrútur búsins á Geirmundarstöðum. Einn veturgömlu hrútanna er með afkvæmahóp sem stendur afkvæmum Tenórs framur um flest nema litla fitu en það eru lömbin undan Hængi 10-533 en hann er sonur Kjarks 08-840 og móðurfaðir hans Ófeigur 06-510, sem oft hefur skilað athyglisverðum lömbum í afkvæmarannsóknnum.

## Gillastaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Tývar	07-182	Týr	06-819	93,7	85,5	<b>89,6</b>	15,0	7,9	6,1	24,8	3,4	16,9
Kaktus	07-187	Reki	05-339	110,4	83,2	<b>96,8</b>	15,0	8,4	5,9	23,9	2,6	16,7
Mundi	07-188		06-119	88,2	73,7	<b>81,0</b>	15,2	7,6	6,1	23,2	2,0	16,8
Rap	08-181	Massi	05-340	100,5	93,8	<b>97,2</b>	16,5	8,5	6,6	25,0	2,9	17,0
Drifandi	08-182	Toppur	07-009	94,4	77,2	<b>85,8</b>	16,1	8,2	6,5	23,9	3,1	16,5

Hálmur	08-184	Neisti	06-822	94,4	69,4	<b>81,9</b>	15,2	7,6	5,9	23,9	3,2	16,5
Bristur	08-190		07-601	84,1	113,6	<b>98,9</b>	15,1	7,9	6,4	26,1	3,2	16,9
Lilli	09-181	Roði	05-507	100,8	103,3	<b>102,1</b>	15,3	8,3	6,2	25,0	2,4	16,8
Leiknir	09-182	Steri	07-855	97,8	117,7	<b>107,8</b>	16,1	8,2	6,4	26,3	2,9	17,2
Álfur	09-183	Steri	07-855	102,2	76,8	<b>89,5</b>	15,2	8,7	6,4	24,2	2,9	16,9
Valmúi	09-188	Rjómi	06-410	88,7	55,6	<b>72,2</b>	16,5	7,8	6,5	23,3	3,5	16,8
Litli-Pungur	09-192	Broddi	07-824	100,2	88,6	<b>94,4</b>	14,9	8,1	6,0	25,2	3,2	17,0
Ari	09-193	Dökkvi	07-809	111,3	151,0	<b>131,2</b>	15,7	9,0	6,4	27,1	2,5	17,2
Valdasteinn	09-194	Prjónn	07-812	93,4	115,0	<b>104,2</b>	15,4	8,6	6,7	26,2	3,0	17,1
D.B.	09-195	Daði Bjarki	07-177	103,0	122,7	<b>112,9</b>	15,0	8,5	6,2	26,4	2,7	17,0
Marteinn	10-180	Forði	08-858	127,7	76,4	<b>102,1</b>	16,3	8,7	5,8	23,8	2,6	16,8
Brandari	10-181	Snær	09-302	121,2	130,7	<b>126,0</b>	15,5	10,0	6,7	26,7	2,9	17,2
Ós	10-182	Kollur	07-006	119,9	113,8	<b>116,9</b>	15,8	8,7	6,0	25,5	2,6	16,8
Garður	10-184	Skugga Sveinn	07-482	101,2	113,4	<b>107,3</b>	13,8	7,6	5,4	25,4	2,4	16,6
	10-185	Práður	07-467	81,8	107,4	<b>94,6</b>	14,9	7,6	6,3	25,8	3,0	16,8
	10-186	Práður	07-467	91,1	114,7	<b>102,9</b>	15,0	7,3	5,8	25,9	2,5	16,6
Jóli	10-187	Kostur	08-272	108,5	120,3	<b>114,4</b>	16,3	8,8	6,5	26,1	2,8	16,9
Tröllli	10-188	Boði	06-604	78,9	74,8	<b>76,9</b>	15,8	8,0	6,8	24,4	3,3	16,8

Hér er ein af stærstu rannsóknunum á landinu öllu. Eins og á síðasta ári þá er það Ari 09-193 sem skipar sér á toppinn en hann er eins og þá að sýna með ólíkindum mikla yfirburði við mælingar á þykkt bakvöðva hjá lömbunum, en þau hafa einnig góð lærahold og jákvæðan samanburð einnig úr kjötmatinu. Þessi svartbotnótti eflingshrútur er fenginn frá Ytri-Fagradal undan Dökkva 07-809. Brandari 10-181 ber ákaflega mikið af um gerð lambanna og vöðvafyllingu en þessi sterki hrútur kemur frá Bassastöðum og er undan Snæ 09-302. Ós 10-182 er með góða yfirburði á báða aðalþætti rannsóknarinnar og ívið meira á kjötmatshlutann en þessi ágætiskind kemur frá Ytra-Ósi og er faðir hans Kollur 07-006. Jóli 10-187 er jákvæður um báða þætti en mest samt fyrir ómsjarmælingarnar og lömbin þroskamikil. Þessi hrútur er fæddur á Stað í Steingrímsfirði og er faðir hans Kostur 08-272. D.B. 09-195 skilar lömbum með mikla vöðvafyllingu eins og faðir hans Daði Bjarki 07-172 frá Hafrafellstungu hafði áður gert. Að lokum skal nefna lömbin undan Marteini 10-180 sem hafa hagfelldasta kjötmatið allra lambanna en bakvöðvi er fremur þunnur hjá þessum lömbum. Marteinn er fenginn frá Stað í Steingrímsfirði og er hann undan Forða 08-858.

## Hallsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Draugur	09-201	Spakur	07-462	79,8	90,0	<b>84,9</b>	16,8	8,8	7,0	25,8	3,5	17,4
Dagur	09-207	Vorm	03-988	119,9	131,7	<b>125,8</b>	17,1	9,7	6,6	26,8	2,9	17,5
Neisti	09-209	Kveikur	05-965	92,1	101,7	<b>96,9</b>	16,3	8,4	6,3	25,9	2,9	17,2
Kubbur	10-212	Vorm	03-988	128,1	83,5	<b>105,8</b>	15,8	10,3	6,3	24,8	2,7	17,4
Staur	10-214	Geir	05-226	108,0	128,2	<b>118,1</b>	17,1	10,2	7,2	27,1	3,0	17,8
Spói	10-215	Hrói	07-836	113,3	106,3	<b>109,8</b>	17,3	9,6	6,7	26,6	3,5	17,3
Móri	10-216	Smyrill	04-800	82,5	46,9	<b>64,7</b>	16,1	8,3	6,8	24,1	3,7	17,0
Völlur	10-217	Asi	07-276	91,3	91,9	<b>91,6</b>	16,6	7,9	6,1	25,1	2,6	17,0

Hér er það lambahópurinn sem er undan Degi 09-207 sem ber verulega af. Lömbin eru þroskamikil og þryðilega vel vöðvuð en samt með fremur litla fitu. Þessi hrútur vakti athygli á héraðssýningu lambsárið og hefur nú sannað að kostir hans erfast með ágætum. Hann er undan Vorm 03-988 en móðurfaðir hans er Vodki 02-205 frá Klífmýri. Staur 10-214 á þarna einnig þrælöflugan hóp og bera afkvæmi hans af um lærahold en faðir hans Geir 05-226 var undan Hyl 01-883 og móðurfaðir Staur er Lundi 03-945. Spói 10-215 á mjög þroskamikil og vel gerð lömb með litla fitu en hann er undan Hróa 07-836 og sammæðra Degi sem fjallað er um hér á undan. Kubbur 10-212 gefur hagfelldast kjötmat allra hrútanna í rannsókninni en

lömbin undan honum bregðast með bakvöðvabykkt. Þessi hrútur er undan Vormi 03-988 eins og Dagur en móðurfaðir Kubbs er Gaddur 04-950.

### Hlíðarbúin - Geirshlíð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gráni	08-101		07-061	112,4	54,6	<b>83,5</b>	16,2	8,8	6,6	23,2	3,8	17,1
Þór	09-681	Fannar	07-808	95,3	150,8	<b>123,1</b>	16,7	8,7	7,1	27,0	3,2	17,1
Finnsi	09-682	Logi	07-321	122,1	100,2	<b>111,2</b>	16,0	9,1	6,4	25,2	3,3	17,1
Alex	09-685	Kveikur	05-965	81,6	119,7	<b>100,7</b>	15,0	8,3	7,0	26,1	2,9	17,0
Jakkson	09-690	Máni	08-680	101,3	117,2	<b>109,3</b>	16,4	9,0	7,1	25,8	3,3	17,1
Moli	09-692	Cat	04-992	121,8	111,2	<b>116,5</b>	15,0	8,6	6,0	25,7	3,3	17,1
Hreinn	09-693	Kjóí	04-816	87,3	54,5	<b>70,9</b>	15,4	8,2	6,8	23,5	4,0	16,9
Tröllli	10-101	Vöðvi	06-820	107,2	81,2	<b>94,2</b>	16,5	8,8	6,8	24,6	3,5	17,0
Bebe	10-103	Jakkson	09-690	95,9	54,2	<b>75,1</b>	15,7	8,3	6,7	23,5	3,5	16,8
Sómi	10-108	Hólmi	08-839	98,1	127,4	<b>112,8</b>	16,4	9,6	7,6	26,5	3,1	17,1
Biggi	10-110	Smyrill	04-800	92,8	74,2	<b>83,5</b>	15,3	8,1	6,6	24,4	3,9	16,7

Þór 09-681 kemur með hæsta heildareinkunn í þessari rannsókn og eru það ákaflega miklir yfirburðir hans í bakvöðvabykkt sem lyftir honum í hæðir öðru fremur. Þessi hrútur er frá Háafelli undan Fannari 07-808 en hann sýndi keimlíkar niðurstöður í rannsókn hér haustið 2010. Moli 09-692 gefur mjög hagstæðan samanburð í kjötmatinu en þungasamanburður er honum í óhag, en þessi hrútur er sonur Cat 04-992. Sómi 10-108 kemur mjög vel út í samanburði ómsjármælinga, mat fyrir gerð er mjög gott en fitumatið er honum óhagstætt. Sómi er sonur Hólma 08-839. Finnsi 09-682 gefur hagstæðastar kjötmatniðurstöður allra hrútanna en þetta er sonarsonur Kveiks 05-965 og fenginn frá Háafelli eins og Þór.

### Hróðnýjarstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Dalur	07-538	Bogi	04-814	90,8	39,9	<b>65,4</b>	15,3	8,2	6,1	24,5	3,1	16,9
Spotti	07-539	Kveikur	05-965	105,3	115,5	<b>110,4</b>	14,5	8,6	5,9	26,0	1,9	16,9
Fróði	08-528	Lóði	00-871	121,5	115,4	<b>118,5</b>	14,8	8,8	5,6	26,3	2,3	17,1
Melur	08-533	Reki	05-339	115,0	120,3	<b>117,7</b>	15,1	9,3	6,1	26,6	2,4	17,0
Arður	09-520	Gróði	07-524	98,0	102,4	<b>100,2</b>	15,4	8,3	6,0	26,0	2,4	17,0
Seðill	09-523	Gróði	07-524	102,9	95,8	<b>99,4</b>	14,2	8,1	5,6	25,5	2,4	16,9
Gólfat	09-525	Herkules	06-522	83,7	104,4	<b>94,1</b>	14,6	8,1	6,2	26,0	2,4	17,1
Seiður	09-527	Púki	06-807	109,6	69,7	<b>89,7</b>	14,5	9,1	6,1	24,5	2,7	16,9
Glámur	09-530	Ylur	05-805	100,0	115,1	<b>107,6</b>	15,0	8,6	6,1	26,4	2,4	17,2
Manni	09-532	Kveikur	05-965	115,5	130,2	<b>122,9</b>	15,2	9,3	6,1	27,0	2,4	17,2
	10-520	Melur	08-533	84,9	112,7	<b>98,8</b>	15,9	8,7	6,7	26,6	2,7	17,0
Tvinni	10-523	Spotti	07-539	105,5	81,9	<b>93,7</b>	14,2	8,1	5,5	24,9	2,3	16,8
Kaðall	10-524	Spotti	07-539	92,7	103,3	<b>98,0</b>	15,4	8,5	6,3	26,2	2,8	16,9
Hrókur	10-525	Hólmi	08-839	77,2	87,3	<b>82,3</b>	14,7	8,2	6,5	26,0	3,2	17,0
Morgann	10-526	Broddi	07-015	121,5	107,1	<b>114,3</b>	15,6	9,5	6,1	26,0	2,4	17,2
Brandur	10-527	Borði	08-838	102,0	101,2	<b>101,6</b>	15,6	9,5	6,7	26,6	3,1	17,1
Tónn	10-529	Tenór	08-873	95,0	127,3	<b>111,2</b>	16,1	8,9	6,6	27,1	2,4	17,2

Hér er það lambahópurinn undan Manna 09-532 sem skipar efsta sætið en þetta eru vöðvabykk og vel gerð lömb sem undan honum koma. Manni var einnig með mjög góða niðurstöðu í rannsókninni haustið 2010 en þessi hrútur er fenginn frá Klifmýri úr ræktuninni þar en móðurfaðir var Öxull 05-448. Fróði 08-528 kemur næstur með heildareinkunn en mesti uppsláttur hjá afkvæmum hans er lítil fita sláturlambanna, en lömbin eru einnig vel vöðvafyllt. Þessi hrútur kemur frá Breiðabólstað og er hann undan Lóða 00-871 og því úr

hópi yngstu sona hans. Þá er Melur 08-533 með öflugan hóp vel gerðra lamba og yfirburðir nokkuð jafnt á báða þætti rannsóknarinnar, en þetta er kollóttur hrútur frá Melum í Árneshreppi undan Reka 05-339 en móðurfaðir hans er Massi 05-340. Bestri gerð hjá sláturlömbum skilar Morgann 10-526 en þessi hrútur kemur frá Broddanesi 1 undan Brodda 07-015 og móðurfaðir hans er Segull 02-352. Spotti 07-539 sem staðið hefur efstur í rannsóknum búsins síðustu tvö ár áður er þarna enn mættur með góðan lambahóp.

## Klifmýri

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Stöpull	07-460	Stólpi	05-447	97,3	79,7	<b>88,5</b>	16,2	9,8	6,8	26,7	3,2	17,1
Kvistur	07-866	Kveikur	05-965	101,6	121,4	<b>111,5</b>	15,6	9,3	6,1	27,6	2,3	17,1
Planki	08-462	Raftur	05-966	70,9	71,5	<b>71,2</b>	15,8	8,8	6,6	25,3	2,6	17,2
Bani	08-464	Tappi	06-450	100,2	63,8	<b>82,0</b>	15,2	9,1	6,0	26,3	3,5	17,2
Fáni	08-465	Gráni	03-957	95,3	86,0	<b>90,7</b>	14,9	8,8	5,9	26,0	2,7	17,0
Hnakki	08-468	Raftur	05-966	97,8	100,6	<b>99,2</b>	15,8	8,9	5,6	27,1	2,4	16,9
Stuðull	08-469	Stöpull	07-460	97,0	107,2	<b>102,1</b>	16,0	9,8	6,9	27,3	2,9	17,3
Logi	09-472	Kveikur	05-965	96,0	108,5	<b>102,3</b>	15,1	8,9	5,9	27,0	2,5	17,2
Lopi	09-475	Prjónn	07-812	100,7	74,1	<b>87,4</b>	15,0	8,8	5,6	25,4	2,4	16,9
Bassi	09-476	Tenór	08-873	126,6	119,5	<b>123,1</b>	15,9	10,0	6,0	27,6	2,4	17,2
Blossi	09-477	Kveikur	05-965	102,3	150,4	<b>126,4</b>	16,9	9,9	6,5	28,7	2,7	17,3
Frakki	10-479	Ófeigur	06-510	92,1	69,8	<b>81,0</b>	14,9	9,2	6,6	25,2	2,7	17,3
Sproti	10-480	Kvistur	07-866	107,4	141,7	<b>124,6</b>	14,0	9,0	5,9	28,9	2,1	17,5
Boði	10-481	Hólmi	08-839	100,8	94,2	<b>97,5</b>	13,6	8,0	4,9	26,1	2,2	17,1
Botni	10-482	Grábotni	06-833	96,6	50,4	<b>73,5</b>	15,5	9,6	6,8	25,6	2,9	17,2
Dáti	10-484	Stuðull	08-469	97,5	103,2	<b>100,4</b>	15,8	9,5	6,5	27,5	3,1	17,0
Nagli	10-485	Grábotni	06-833	110,9	113,6	<b>112,3</b>	15,6	9,6	6,1	28,1	3,1	17,3
Móði	10-486	Grábotni	06-833	93,6	67,8	<b>80,7</b>	15,5	9,1	6,2	25,5	2,7	16,9
Goði	10-487	Áni	08-466	114,1	118,1	<b>116,1</b>	15,9	9,8	6,2	27,9	2,7	17,4

Hér er ein af stærri rannsóknum haustsins og eins og vænta má ýmislegt athyglisvert þar að sjá. Blossi 09-477 er með hæsta heildareinkunn en yfirburði er hann öðru fremur að sækja í þykka vöðva afkvæmanna, en fitusamanburður er honum eilítið í óhag en lömbin eru þyngri en undan öðrum hrútum. Blossi sýndi á síðasta ári í rannsókninni þá yfir hvaða eiginleikum hann býr. Þessi eflingur er frá Geirmundarstöðum sonur Kveiks 05-965 og dóttursonur Snúðs 00-911. Sproti 10-480 mæti til leiks með lömb sem eru feikilega vel vöðvuð en þungasamanburður honum andstæður. Þessi hrútur er undan Kvisti 07-866, sem þarna á einnig sjálfur góðan hóp en móðurfaðir Sprota er Kraftur 02-421. Bassi 09-476 átti öflugan hóp á síðasta ári og einnig nú en lömbin undan honum sækja yfirburði nokkuð jafn í báða aðalþætti rannsóknarinnar. Bassi er frá Geirmundarstöðum sonur Tenórs 08-873. Að lokum skal bent á sterkan lambahóp undan Goða 10-487 en lömbin undan honum sýna yfirburði um nánast alla þætti rannsóknarinnar. Þessi hrútur er undan Ána 08-466 sem þarna reyndist vel og dóttursonur Spaks 07-462.

## Leiðólfsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Biskup	07-322	Séra	06-208	92,5	112,3	<b>102,4</b>	15,4	9,0	7,2	25,4	3,6	17,0
Bjarki	07-605	Gráni	03-957	117,0	111,2	<b>114,1</b>	15,1	9,0	6,4	25,3	3,6	17,1
Glói	08-335	Þráður	06-996	98,1	100,0	<b>99,1</b>	15,1	8,7	6,8	24,5	3,3	16,9
Smári	08-336	Þráður	06-996	97,5	114,1	<b>105,8</b>	14,7	8,6	6,7	25,1	3,0	17,0
Máni	09-322	Reykur	08-324	92,2	79,2	<b>85,7</b>	15,1	8,9	7,1	23,9	3,3	16,8
Rex	09-323	Ylur	05-805	83,9	73,4	<b>78,7</b>	16,2	9,0	7,6	23,8	3,9	16,7
Ljúfur	10-327	Grábotni Skugga	06-833	113,1	105,4	<b>109,3</b>	17,3	10,1	7,2	25,7	3,8	16,9
Höfðingi	10-328	Sveinn	07-482	118,7	108,7	<b>113,7</b>	13,9	8,3	5,3	25,0	3,5	17,0

Dimon[Hitler] 10-334 Undri 05-818 110,9 79,2 **95,1** 16,0 9,2 6,8 24,1 4,5 16,9

Í þessari rannsókn er Bjarki 07-605 með hæsta heildareinkunn og er heldur meira af yfirburðum hans úr kjötmatshlutanum. Þessi hrútur á heima á Lambeyrum en er fæddur í Hafrafellstungu undan Grána 03-957 og dóttursonur Mána 98-552. Þá er Höfðingi 10-328, sem stendur honum næstum, en það er öðru fremur fitumat sláturlambanna sem lyftir honum. Rétt er samt að benda á að lömbin eru létt í þungasamanburði og fá því talsverðar þungaleiðréttingar sem ætíð eru breytingar sem taka verður með gætni. Höfðingi er skyldur Bjarka þar sem faðir hans er Skugga-Sveinn 07-482 í Ásgarði. Þessi hrútur er sjálfur mórauður að lit og stóð haustið 2010 efstur í flokki mislítra lambhrúta í héraðinu.

### Magnússkógar 3

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kvartet	08-184	Tenór	06-172	77,8	92,9	<b>85,4</b>	16,8	8,9	7,0	27,4	3,5	16,9
Kraftur	08-516	Raftur	05-966	105,7	99,9	<b>102,8</b>	17,5	10,4	7,2	27,2	2,7	17,2
Gorbadjöv	09-105	Kvartet	08-184	95,2	106,9	<b>101,1</b>	16,0	8,6	6,1	27,6	3,0	17,0
	09-190	Kveikur	05-965	110,5	121,9	<b>116,2</b>	16,5	9,6	6,4	28,3	2,9	17,2
	09-192	Garður	05-802	105,7	74,5	<b>90,1</b>	16,8	10,4	7,1	26,5	3,3	17,0
	09-193	Prjónn	07-812	112,3	93,8	<b>103,1</b>	16,4	9,7	6,4	26,4	2,3	16,8
	10-108		09-196	103,3	93,9	<b>98,6</b>	17,0	9,8	6,8	26,6	2,8	16,9
	10-113		08-188	96,6	104,0	<b>100,3</b>	17,3	9,9	7,1	27,3	3,0	17,0

Í þessari rannsókn er einn lambahópur sem talsvert skarara framúr hinum og eru það lömbin undan hrúti 09-190 en í rannsókn á síðasta ári skipaði hann einnig toppsætið. Þessi öflug hrútur er einn fjölmargra slíkra undan Kveiki 05-965.

### Skerðingsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fagri Bl	07-276	Lokkur	03-429	103,9	91,1	<b>97,5</b>	17,7	8,0	6,2	24,2	2,7	16,7
Mýri	07-277	Takki	05-446	92,8	71,0	<b>81,9</b>	15,8	8,6	6,7	23,8	4,1	16,7
	08-278	Bifur	06-994	98,9	116,9	<b>107,9</b>	16,4	8,8	6,7	25,6	3,2	17,2
	08-281	Straus	06-272	98,9	126,3	<b>112,6</b>	15,7	9,4	7,0	25,8	2,9	17,3
Partur	08-688	Glói	04-591	100,6	107,2	<b>103,9</b>	18,0	8,8	6,9	25,2	2,9	17,0
Sproti	09-288	Prjónn	07-812	110,5	132,7	<b>121,6</b>	16,1	9,7	6,9	26,0	2,7	17,4
Örn	10-297	Raftur	05-966	86,1	108,0	<b>97,1</b>	15,3	8,9	7,1	24,6	2,8	17,1
Smyrill	10-298	Ylur	05-151	112,8	132,7	<b>122,8</b>	15,9	10,5	7,3	26,0	2,7	17,4
Valur	10-299	Neisti	06-822	96,5	50,7	<b>73,6</b>	16,4	8,4	6,5	23,6	4,1	16,8

Í þessari rannsókn er fremur gott samræmi milli aðalþátta rannsóknarinnar. Efstur stendur lambahópurinn undan Smyrli 10-298 en lömbin undan honum eru ákaflega vel vöðvafyllt og yfirburðir í kjötmati fyrir gerð eru miklir. Þessi hrútur er undan Yl 05-151, Magnússkógum 3, sem er einn mest reyndi kynbótahrútur í héraðinu en Smyrill er skyldleikaræktaður vegna þess að móðurfaðir hans Vívaldi 06-270 var einnig sonur Yls. Sproti 09-288 á þarna einnig mjög glæsilegan lambahóp, en lömbin undan þessum tveim topphrútum bera af um lærahold. Sproti er undan Prjóni 07-812 og móðurfaðir hans er Úði 01-912.

### Skörð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	07-065	Busi	03-946	100,4	100,9	<b>100,7</b>	15,5	8,5	6,1	25,5	2,7	16,8

08-054	Raftur	05-966	128,5	116,5	<b>122,5</b>	15,6	8,6	5,4	25,6	2,1	17,0
08-061	Durgur	06-056	89,0	103,9	<b>96,5</b>	15,2	9,0	6,7	25,6	2,9	17,0
09-061	Mókollur	03-978	102,4	32,8	<b>67,6</b>	15,1	8,5	6,0	23,7	3,9	16,7
09-064	Púki	06-807	86,0	115,9	<b>101,0</b>	16,0	9,3	7,1	26,4	3,1	17,2
09-066		08-054	120,5	131,7	<b>126,1</b>	15,5	9,0	5,9	26,4	2,5	17,1
10-051	Gotti	05-804	117,2	126,6	<b>121,9</b>	16,4	9,6	6,3	26,6	2,7	17,2
10-052	Raftur	05-966	119,3	140,1	<b>129,7</b>	15,3	9,4	6,1	26,6	2,3	17,0
10-053	At	06-806	86,3	93,5	<b>89,9</b>	15,8	8,8	6,8	25,3	2,8	16,9
10-054	Grábotni	06-833	82,4	71,7	<b>77,1</b>	15,1	8,4	6,6	24,2	2,9	16,9
10-055	Grábotni	06-833	64,3	74,6	<b>69,5</b>	15,1	8,3	7,1	24,8	3,5	16,8
10-056		07-069	99,1	114,0	<b>106,6</b>	15,7	9,6	6,9	26,4	3,3	17,4
10-058	Dropi	08-052	87,1	74,7	<b>80,9</b>	16,1	9,7	7,4	24,8	3,2	16,9

Rannsóknin hér sýnir mjög mikinn mun á lambahópunum undan einstökum hrútum. Efsta sæti í heildareinkunn fær hrútur 10-052 með mikla yfirburði í báðum þáttum rannsóknarinnar en samt talsvert meira frá lifandi lömbunum. Ætterni hans er þannig að hann er sonur Rafts 05-966 og dóttursonur Kveiks 05-965. Hrútur 09-066 kemur líkt og árið 2010 með góðan lambahóp en hagstætt fitumat vegur þar líklega einna mest. Þessi hrútur er sonarsonur Rafts 05-966. Lambahópurinn undan hrúti 08-054 er prýðilega vöðvafylltur og fitulífill en þetta er sonur Rafts 05-966 og dóttursonur Lása 02-944. Að lokum skal bent á lambahópinn undan hrúti 10-051, en heldur meira af yfirburðum hans koma frá líflambahluta rannsóknarinnar. Þessi hrútur er sonur Gotta 05-804.

## Stóra-Vatnshorn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sómi	07-014	Lómur	02-923	95,3	98,4	<b>96,9</b>	18,2	10,5	7,8	28,6	3,6	17,7
	07-017	Kveikur	05-965	98,6	112,7	<b>105,7</b>	17,8	10,1	7,4	29,1	3,2	17,8
Kraftur	08-022	Raftur	05-966	104,8	106,7	<b>105,8</b>	18,6	10,8	7,8	28,8	3,2	17,7
	09-026	Þróttur	04-991	129,1	111,7	<b>120,4</b>	17,4	10,7	6,9	28,6	2,5	17,6
	09-028	Kveikur	05-965	99,2	114,2	<b>106,7</b>	17,9	10,1	7,4	28,5	2,8	17,7
Farði	09-029	Kveikur	05-965	110,1	80,4	<b>95,3</b>	18,2	10,3	7,2	27,1	2,7	17,5
	09-030	Magni	07-100	62,8	95,4	<b>79,1</b>	17,8	10,0	8,4	27,8	3,1	17,5
Hábeinn	10-032	Veigar	09-118	82,9	65,0	<b>74,0</b>	19,2	10,0	8,0	26,7	3,3	17,3

Eins og tölulegar niðurstöður sýna eru ákaflega fönguleg lömb í afkvæmahópnum hér. Einn hópur ber talsvert af öðrum í heildareinkunn en það eru lömbin undan hrúti 09-026. Það er sérstaklega fitumatið sem hann sækir yfirburði sína til en benda verður á það að þó að lömbin séu væn er þungasamanburður þeim í óhag og þungaleiðréttingar talsverðar sem ætíð þarf að umgangast af varúð. Þessi eflingshrútur er undan Þrótti 04-991 og móðurfaðir hans er Lóði 00-871.

## Svarfhóll

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kitti	06-509	Máni	03-975	72,3	72,7	<b>72,5</b>	16,8	8,2	6,8	26,0	3,1	16,8
Frændi	06-516		04-411	118,7	93,2	<b>106,0</b>	15,3	8,8	5,7	26,4	2,9	17,2
Fengur	07-500	Cat	04-992	91,9	107,1	<b>99,5</b>	15,5	8,4	6,2	27,2	2,7	17,3
	08-504	Þráður	06-996	85,8	95,6	<b>90,7</b>	15,6	8,4	6,4	26,6	2,9	17,0
Bruni	08-507	Logi	07-825	104,5	90,1	<b>97,3</b>	15,9	9,6	6,7	26,5	3,2	17,1
	08-510	Loki	06-404	105,2	100,0	<b>102,6</b>	15,3	8,9	6,1	27,0	3,1	17,1
	09-500	Tenór	08-873	104,4	114,2	<b>109,3</b>	16,5	8,9	6,3	27,8	2,7	17,3
	09-501	Ketill	08-497	124,0	118,6	<b>121,3</b>	15,4	9,0	5,7	27,7	2,6	17,0
Örvar	09-506	Bogi	04-814	98,4	81,1	<b>89,8</b>	15,4	8,1	5,8	26,2	2,8	17,0

Tóti	10-500	Svali	09-257	92,3	125,7	<b>109,0</b>	15,6	8,8	6,5	28,1	2,8	17,0
Höttur	10-507	Hrói	07-836	91,8	88,7	<b>90,3</b>	15,3	8,4	6,2	26,6	2,9	17,0
Fáfnir	10-510	Raftur	05-966	106,9	118,5	<b>112,7</b>	16,3	9,7	6,7	28,3	2,9	17,1

Í þessari rannsókn er það hrúturinn, 09-501, sem á lambahópinn með hæstu heildareinkunn. Hjá þessum lömbum er það fitumat sláturlambanna sem telur einna mest í jákvæða átt. Þessi hrútur kemur frá Ásgarði og er sonur Ketils 08-497 en móðurfaðir hans er Lási 02-944. Lambahópurinn undan Fáfni 10-510 er einnig öflugur, þetta eru prýðisvel vöðvafyllt og vel gerð lömb. Þetta er einn hinna fjölmörgu sona Rafts 05-966 en móðurfaðir hans Póstur 04-501.

## Valpúfa

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	06-305	Dregill	03-947	101,3	104,5	<b>102,9</b>	14,7	7,5	5,5	24,9	24,9	16,6
	08-325	Raftur	05-966	104,7	100,3	<b>102,5</b>	15,4	8,4	6,2	26,0	26,0	16,6
	08-328	Bifur	06-994	86,8	67,9	<b>77,4</b>	15,7	7,6	6,3	24,0	24,0	16,7
	09-329	Glóðar	08-727	94,7	111,9	<b>103,3</b>	16,6	7,9	6,5	25,9	25,9	16,8
Ári	09-330	Púki	06-807	92,1	104,3	<b>98,2</b>	17,9	8,9	7,6	27,0	27,0	17,0
Bang	09-331	Hvellur	05-969	116,1	76,7	<b>96,4</b>	15,1	8,8	6,1	25,1	25,1	16,9
Veggur	09-333	Garður	05-802	89,5	112,8	<b>101,2</b>	18,6	9,1	8,0	27,3	27,3	17,0
Kraftur	09-334	Þróttur	04-991	86,3	93,0	<b>89,7</b>	15,5	7,7	6,3	25,0	25,0	16,6
Frosti	09-335	Kaldi	03-989	95,8	77,5	<b>86,7</b>	15,3	7,6	5,9	25,0	25,0	16,8
Brjótur	09-336	Bramli	04-952	108,1	131,4	<b>119,8</b>	15,6	8,0	5,9	26,7	26,7	16,9
	10-304	Freyðir	07-810	124,6	124,6	<b>124,6</b>	16,7	9,7	6,8	27,1	27,1	17,1

Það sem vekur hvað mesta athygli við þessa rannsókn er ákaflega mikill munur í fallþunga hjá mjög stórum lambahópum. Í heildareinkunn eru tveir lamahópar sem nokkuð bera af. Hrútur 10-304 kemur með sína yfirburði hnífjafnt í báðum aðalþáttum rannsóknarinnar, en lömbin undan honum eru vel gerð og vöðvafyllt. Þessi hrútur er sonur Freyðis 07-810 en móðurfaðir hans Dabbi 03-220 kom frá Saurhóli. Brjótur 09-336 kemur með talsvert meira af sínum yfirburðum úr líflambahluta rannsóknar, en lítil fita er honum einnig til framdráttar sem vart kemur að óvart þar sem þetta er sonur Bramla 04-952 og dóttursonur Áls 00-868.

## Vífilsdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Greppur	07-455	Erpur	01-919	94,3	114,2	<b>104,3</b>	17,0	8,6	6,8	25,6	2,4	16,9
Máni	08-680	Bifur	06-994	94,9	136,3	<b>115,6</b>	16,9	8,5	6,7	26,5	2,3	17,0
Lolli	09-440	Olli	06-985	101,1	109,4	<b>105,3</b>	16,5	8,1	6,2	25,6	2,6	17,1
Kjarkur	09-443	Bramli	04-952	97,2	96,2	<b>96,7</b>	15,0	8,0	6,0	25,0	2,4	16,6
Ís	09-444	Kaldi	03-989	105,9	83,3	<b>94,6</b>	15,1	8,2	5,9	23,7	1,9	16,6
Dillirófa	09-446	Bogi	04-814	119,7	103,2	<b>111,5</b>	16,6	8,9	6,2	25,1	2,3	16,9
Þorfinnur	10-450	Raftur	05-966	104,8	75,0	<b>89,9</b>	14,9	8,7	6,2	23,8	2,4	16,7
Leggur	10-451	Bolli	06-821	120,8	82,9	<b>101,9</b>	16,5	8,2	5,4	23,9	2,3	16,9
Kútur	10-452		05-316	82,2	97,0	<b>89,6</b>	16,1	8,2	6,8	24,9	2,9	17,0

Þeir tveir lambahópar sem efstir standa hér eru ólíkir um margt. Máni 08-680 sækir alla sína yfirburði í ómvöðvamælingar lifandi lamba en þau hafa mjög þykkar vöðva en fitumatið hjá sláturlömbunum aðeins íþyngjandi. Máni er frá Hlíðarþúunum og er sonur Bifurs 06-994. Dillirófa 09-446 kemur á hinn bóginn með mest af sínum yfirburðum frá hagstæðu kjötmati, en þetta er sonur Boga 04-814 og móðurfaðir hans var Eir 00-455.



## Vestfirðir

### Árbær

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Toppur	07-345	Undri	05-818	97,2	87,6	<b>92,4</b>	18,0	10,7	7,6	27,6	3,6	17,5
Strengur	09-049	Ljúfur	08-859	118,3	119,0	<b>118,7</b>	18,3	10,7	7,0	28,9	3,2	17,2
Dugur	10-026	Tarsan	09-544	69,6	110,6	<b>90,1</b>	17,9	10,4	8,5	28,5	3,6	17,2
Högni												
Heydal	10-028	Sindbad	09-155	109,5	143,7	<b>126,6</b>	18,1	9,4	6,3	29,5	2,3	17,6
Pontíus	10-029	Hlekkur	07-039	97,2	79,7	<b>88,5</b>	18,0	10,2	7,3	27,4	3,6	17,3
Kubbur	10-030		09-050	113,5	99,5	<b>106,5</b>	18,5	11,3	7,4	28,1	3,5	17,6
Dropi	10-031	Bikar	08-041	87,0	105,8	<b>96,4</b>	19,0	11,0	8,4	28,9	4,0	17,7
Pílatus	10-033	Hlekkur	07-039	95,8	81,6	<b>88,7</b>	18,3	10,3	7,4	27,2	3,1	17,2

Lömbin í afkvæmahópunum hér eru mörg frábærlega fönguleg eins og tölurnar sýna glögg. Högni Heydal 10-028 á hópinn með hæsta heildareinkunn. Mesta yfirburði sækir hann í bakvöðvabykkt lambanna þar sem yfirburðir eru miklir en einnig eru sláturlömbin ákaflega fitulítil. Flokkun sláturlamba fyrir gerð er talsvert lakari en hjá hinum hrútunum þrátt fyrir mjög góða stigsgjöf hjá þeim fyrir lærahold. Þessi hrútur kemur frá Heydalsá undan Sindbad 09-155 sem var undan Loga 07-825 en móðurfaðir Högna var Putti 02-787, þannig að þessi hrútur er talsvert fjarskyldur fénu í Árbæ. Strengur 09-049 er eins og á síðasta ári með ákaflega glæsilegan lambahóp og hjá honum eru yfirburðirnir sóttir nánast jafn í báða aðalþætti rannsóknarinnar. Strengur er undan Ljúfi 08-859.

### Fremri-Gufudalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bergur	06-415	Lundi	03-945	133,0	124,1	<b>128,6</b>	17,2	9,6	6,4	26,7	2,4	16,7
Húsi	08-401	Dorri	04-406	71,3	92,7	<b>82,0</b>	17,0	9,0	7,6	25,8	3,4	17,0
Kutti	08-402	Galsi	06-033	92,3	142,5	<b>117,4</b>	18,2	10,0	7,8	27,7	3,1	17,3
Bóbó	09-416	Gosi	08-614	83,1	55,1	<b>69,1</b>	17,5	8,8	7,6	24,1	3,7	16,6
Brollur	09-417	Púki	06-807	112,8	131,7	<b>122,3</b>	17,3	9,3	6,7	27,3	2,7	17,0
Drjóli	09-418	Söslí	08-407	92,4	87,1	<b>89,8</b>	16,7	8,6	6,8	25,1	2,8	17,0
Bylur	09-421	Frakksso	03-974	109,5	89,4	<b>99,5</b>	17,7	9,8	7,1	25,9	3,9	17,1
Pési	10-406	Kutti	08-402	97,4	128,0	<b>112,7</b>	18,1	10,2	7,8	28,1	4,0	17,4
Fannsi	10-408	Roði	05-507	93,0	55,8	<b>74,4</b>	20,2	10,1	8,0	26,2	4,5	17,0

Lambahóparnir í þessari rannsókn skiptast í tvo hópa og er munur milli hópanna mikill. Eins og á síðasta ári þá er það Bergur 06-415 sem dregur lengsta stráið í heildareinkunn og að þessu sinni er það hagstætt fitumat sláturlambanna sem vegur þyngst í niðurstöðunum. Bergur er í hópi öflugustu hrúta sem fram komu undan Lunda 03-945 eftir fyrsta ár í notkun hans á stöð. Brollur 09-417 sækir yfirburði í báða þætti rannsóknarinnar en samt talsvert meira í bakvöðvamælingar en lömbin eru einnig fitulítil. Þetta er sonur Púka 06-807 en móðurfaðir hans Leir 05-412 var sonur Úða 01-912. Þá eru þeir feðgar Kutti 08-402 og Pési 10-406 báðir með lambahópa sem eru að sýna ákaflega mikla yfirburði í líflambahluta rannsóknar en sláturlambasamanburðurinn er aftur á móti aðeins í tæpu meðallagi. Kutti sem er frá Árbæ undan Galsa 06-033 vakti athygli fyrir eistakan vænleika lamba undan honum haustið 2010. Stöðu hans í ár með lambavænleika tekur hópurnar undan Fannsa 10-408, sem sýnir gríðarlegan vænleika en hann kemur frá Skjaldfönn úr Hafnardalsræktuninni þar sem Roði 05-507 er faðir hans og Kjarni 00-507 er móðurfaðirinn.

### Gróustaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
------	-------	-------	-------	---------	----------	-------	------	------	------	------	------	------

Jakki	07-401	Frakkssó	03-974	100,6	104,4	<b>102,5</b>	16,2	8,3	5,7	25,4	2,7	17,0
Jötunn	07-402		06-401	103,3	53,6	<b>78,5</b>	16,7	8,6	5,9	23,9	3,0	16,7
Trefill	07-404	Frakkssó	03-974	120,6	91,6	<b>106,1</b>	16,6	8,8	5,5	25,4	3,0	16,9
Valdi	08-401			96,2	110,8	<b>103,5</b>	17,2	8,9	6,4	26,2	2,8	17,1
	09-401	Frakkssó	03-974	95,3	92,2	<b>93,8</b>	16,7	8,4	6,0	25,0	2,6	16,8
	09-402	Frakkssó	03-974	89,4	72,8	<b>81,1</b>	16,1	8,4	6,1	24,2	3,0	16,8
	09-403	Bogi	04-814	96,3	116,9	<b>106,6</b>	15,8	8,5	5,9	26,2	2,9	16,9
Moli	09-503	Sorró	06-754	98,6	137,2	<b>117,9</b>	16,0	7,8	5,4	28,0	3,2	17,0
	10-405	Jakki	07-401	98,1	115,4	<b>106,8</b>	14,8	7,9	5,3	26,1	2,7	16,9

Í þessari rannsókn er lambahópurinn undan Mola 09-503 sem er með nokkuð hæsta heildareinkunn en yfirburðir hans koma allir úr mælingum og mati á lifandi lömbum. Þessi hrútur á heima á Borg og er undan Sorró 06-754. Jakki 07-401 sem yfirgnæfði rannsókn á síðasta ári er núna með hóp vel um meðallag. Trefill 07-404 er með skýra yfirburði í kjötmatshlutanum en eins og margir hrútar undan Frakkssyni 03-974 er hann ekki að ná miklu úr ómsjarmælingaþætti rannsóknarinnar.

## Hamarland

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Lif/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Svanur	04-090	Ægir	01-916	84,6	119,7	<b>102,2</b>	16,7	7,4	6,3	25,4	3,8	16,7
Þorri	06-098	Týr	02-929	102,3	145,6	<b>124,0</b>	15,9	8,4	6,3	26,5	3,2	16,8
Bessi	07-101	Lómur	02-923	102,1	103,4	<b>102,8</b>	15,2	7,7	5,7	24,3	3,0	16,6
Hreinn	07-102	Keli	05-091	98,7	107,0	<b>102,9</b>	16,0	7,0	5,5	25,3	4,1	16,7
Tindur	07-104	Sómi	02-972	83,4	55,1	<b>69,3</b>	15,0	7,1	5,8	22,0	3,6	16,5
Máni	08-076	Ormur	02-933	99,9	93,0	<b>96,5</b>	16,7	7,3	5,8	24,3	3,6	16,5
Nóri	08-256	Snúður	04-253	88,0	52,9	<b>70,5</b>	16,0	7,0	5,8	22,9	3,7	16,4
Logi	09-084	Demantur	06-166	108,7	110,8	<b>109,8</b>	16,7	8,4	6,3	24,4	2,8	16,9
Hrói	09-263	Hvellur	05-969	104,2	121,3	<b>112,8</b>	15,0	7,7	5,6	24,6	2,3	16,6

Þorri 06-098 á lambahópinum í rannsókninni hér, sem stendur afgerandi hæstur með heildareinkunn og er það bakvöðvaþykktin sem telur langsamlega mest í þeim samanburði. Þessi hrútur er sonur Týs 02-929 en móðurföðurfaðir er Moli 93-986. Hrói 09-263 er með lambahóp þar sem meginþáttur yfirburðanna kemur úr líflambamælingunum en hrútur þessi er fenginn frá Klukkufelli sonur Hvels 05-969.

## Brjánslækur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Lif/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Limbó	04-212	Gormur	99-606	93,9	89,5	<b>91,7</b>	18,1	9,9	7,5	26,5	4,0	17,1
Olli	07-242	Limbó	04-212	108,8	72,8	<b>90,8</b>	18,5	10,2	7,3	25,7	3,6	17,1
Ómur	07-245	Spónn	03-535	103,4	118,1	<b>110,8</b>	18,0	11,1	8,0	27,1	3,5	17,1
Ormur	07-246	Geisli	06-773	105,6	89,6	<b>97,6</b>	18,9	10,8	7,8	26,3	3,6	17,1
Ósómi	07-247	Bogi	04-814	117,5	114,0	<b>115,8</b>	19,1	10,6	7,1	27,3	3,5	17,2
Óðinn	07-248	Týr	06-819	113,5	108,4	<b>111,0</b>	18,7	10,3	7,2	26,6	3,1	17,1
Polli	08-201	Örvar	04-983	92,6	104,5	<b>98,6</b>	18,2	9,7	7,4	26,7	3,3	17,0
Peli	08-203	Rjómi	06-410	98,3	79,3	<b>88,8</b>	19,0	10,3	7,7	26,7	4,3	17,0
Píni	08-205	Ómur	07-245	82,8	95,2	<b>89,0</b>	18,0	10,5	8,2	26,3	3,7	17,2
Potter	08-206	Milli	05-222	98,3	127,0	<b>112,7</b>	18,6	10,8	8,0	27,4	3,5	17,2
Pati	08-208	Ómur	07-245	88,8	80,3	<b>84,6</b>	18,4	10,1	7,8	26,1	3,6	17,2
Prins	08-209	Limbó	04-212	96,7	69,8	<b>83,3</b>	18,0	9,9	7,4	26,1	4,4	17,0
Rummungur	09-211	Pondus	08-204	88,9	104,0	<b>96,5</b>	18,0	10,1	7,9	27,2	4,1	17,1
Röskur	09-212	Potter	08-206	114,9	141,6	<b>128,3</b>	19,9	11,3	7,8	29,0	3,9	17,3
Rati	09-214	Neisti	06-234	102,3	139,2	<b>120,8</b>	18,9	10,8	7,9	27,7	3,1	17,2
Roði	09-216	Pondus	08-204	100,5	103,1	<b>101,8</b>	18,6	10,3	7,6	27,3	4,0	17,0

Refur	09-218	Ósómi	07-247	102,4	89,7	<b>96,1</b>	18,5	10,1	7,4	26,2	3,5	16,8
Skuggi	10-221	Prins	08-209	105,8	86,7	<b>96,3</b>	18,2	9,5	6,8	25,0	2,7	16,9
Snákur	10-222	Ormur	07-246	96,5	136,4	<b>116,5</b>	18,1	10,0	7,5	27,7	3,0	17,1
Stubbur	10-223	Óðinn	07-248	92,2	65,0	<b>78,6</b>	17,8	10,4	7,9	25,4	3,8	16,9
Sjúrdur	10-224	Hlekkur	07-039	92,0	64,5	<b>78,3</b>	18,4	10,3	7,9	25,1	3,8	17,2
Soldán	10-225	Roði	09-216	83,1	83,6	<b>83,4</b>	19,3	10,0	8,1	26,7	4,2	17,0
Sjarmi	10-226	Bjarmi	05-767	117,9	74,0	<b>96,0</b>	18,2	9,6	6,5	24,7	2,9	17,0
Sir	10-227	Pati	08-208	103,6	115,1	<b>109,4</b>	19,5	11,0	8,0	27,9	3,9	17,7
Skari	10-228	Undri	05-818	115,4	107,1	<b>111,3</b>	18,1	9,9	6,7	27,5	4,0	17,1
Safir	10-229	Roði	09-216	89,0	131,3	<b>110,2</b>	18,8	10,1	7,9	28,6	4,3	17,2
Sopi	10-230	Peli	08-203	105,5	83,2	<b>94,4</b>	17,9	9,6	6,9	25,6	3,2	17,1
Sólver	10-231	Olli	07-242	94,6	85,5	<b>90,1</b>	17,5	9,5	7,2	25,9	3,7	17,1

Hér er ein af allra umfangsmestu rannsóknunum á landinu eins og verið hefur um árabíl og fjölmargt athyglisvert sem þar má sjá. Í heildareinkunn á Röskur 09-212 afkvæmahópin sem skipar sér efstur. Talsverður meirihluti af yfirburðum hópsins eru sóttir í líflambahluta rannsóknarinnar. Vænleiki lamba er einnig með afbrigðum góður. Þessi hrútur er undan Potter 08-206, sem vikið verður að síðar í þessum texta en móðurfaðir hans Jusse Björling 02-242 var topphrútur hér fyrir nokkrum árum og kom norðan frá Melum í Árneshreppi. Rati 09-214 kemur næstur með heildareinkunn og yfirburðirnir hjá honum koma nánast allir frá líflambahlutanum en lömbin undan honum eru mjög vel vöðvafyllt. Rati er sonur Neista 06-234 en móðurfaðir hans er Orri 07-240. Snákur 10-222 kemur með alla sína yfirburði frá ómsjarmælingunum en hann er undan Ormi 07-246 en móðurfaðir hans er Mister 05-224. Ósómi 07-247 kemur með ívið meira af sínum yfirburðum frá kjötmatshlutanum og er einna efstur í kjötmatssamanburði. Þessi hrútur er frá Heydalsá af þekktri samsetningu vegna þess að þetta er sonur Boga 04-814 og dóttursonur Örvars 04-983. Potter 08-206 sýnir ekki sömu yfirburði og á síðasta ári og yfirburðirnir fyrir afkvæmahópin hans að þessu sinni eru allir í líflambahlutanum. Þessi hrútur er undan Milla 05-222 en móðir hans ær sem kom frá Hafnardal þegar búskap var hætt þar. Skari 10-228 er með hóp sem sækir heldur meira yfirburðanna í kjötmatshlutann og hagfelld fitumat telur þar nokkuð. Þessi hrútur kemur frá Smáhömrum og er sonur Undra 05-818 og móðurfaðir Skara er Sómi 02-972. Óðinn 07-248 er eins og áður með mjög góðan lambahóp sem sækir yfirburði á bæði borð en Óðinn er fenginn frá Melum undan Tý 06-819. Ómur 07-245 er með hóp mjög vel gerðra lamba en þetta er hrútur frá Hafnardal undan Spóni 03-535 og móðurfaðir hans Stormur 04-456. Safir 10-229 á hóp af vænum, vöðvafylltum og vel gerðum lömbum. Þessi hrútur er talsvert skyldur Ómi vegna þess að hann er sonur Roða 09-216 en móðir hans ær frá Hafnardal undan Spóni 03-535. Sir 10-227 er með lambahóp sem sýnir mikla yfirburði í læraholdum en hann er sonur Pata 08-208 og dóttursonur Pondusar 08-204. Að lokum skal nefna lambahópin undan Sjarma 10-226 sem efstur stendur í kjötmatssamanburði þó að hann komi fremur illa úr líflambasamanburði. Í þessari stóru hjörð hefur um árabíl verið stundað marvisst ræktunarstarf sem tvímælalaust er að koma henni í röð athyglisverðustu hjarða af kollóttu fé, en kynbótafé hefur verið sótt að Hafnardal við Djúp þegar fjárbúskapur lagðist þar af, í mörg af sterkustu ræktunarbúunum á Ströndum og í Reykhólahreppi og nokkru áður á Snæfellsnes. Þessi blöndun er greinilega að skila mjög athyglisverðu fé.

## Grænahlíð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	05-009			101,7	137,3	<b>119,5</b>	18,3	8,1	7,5	27,4	3,0	17,3
	07-543			82,4	86,7	<b>84,6</b>	17,0	7,5	7,3	25,2	3,0	17,1
	08-547			110,2	109,7	<b>110,0</b>	17,9	8,6	7,5	26,9	3,4	17,2
Tossi	09-196	Skeifill	05-191	99,9	122,4	<b>111,2</b>	17,7	8,4	7,6	26,6	2,9	17,2
Rómúlus	09-215	Pondus	08-204	108,1	121,7	<b>114,9</b>	17,9	8,8	7,7	27,0	3,2	17,3
	09-550	Pati	08-208	83,0	76,6	<b>79,8</b>	18,6	8,3	8,2	25,6	3,4	17,1
	09-551	Vísir	08-004	86,7	90,1	<b>88,4</b>	18,8	7,9	7,9	25,8	3,1	17,1
	09-552	Geisli	07-601	127,2	113,1	<b>120,2</b>	18,4	9,1	7,5	26,7	3,2	17,3
	09-553	Vísir	08-004	76,6	68,2	<b>72,4</b>	18,6	7,7	8,0	25,4	3,3	16,9

	09-554	Logi	08-055	112,5	83,1	<b>97,8</b>	18,1	8,6	7,5	25,5	3,1	17,2
Magni	10-557		07-547	96,1	134,7	<b>115,4</b>	16,9	8,2	7,4	28,1	3,1	17,4
Kraftur	10-562	Raftur	05-966	117,8	118,2	<b>118,0</b>	17,4	9,8	7,8	26,9	3,1	17,4

Hér kemur fram glöggur og mikill munur á milli afkvæmahópanna í rannsókninni. Hæsta heildareinkunn fær hrútur 09-552 en lömbin undan honum eru þroskamikil með mjög hagfellt kjötmat og vel gerð. Þessi hrútur kemur úr hyrnda fénu á Smáhömrum sonur Geisla 07-601 og móðurfaðir er Foss 05-801 og næst í móðurlínunni kemur Moli 00-882. Fullorðinn hrútur, 05-009, á þarna lambahóp af þroskamiklum lömbum með gríðarlega mikla yfirburði í bakvöðvamælingu. Þá eru lömbin undan Krafti 10-562 feikilega vel vöðvuð og vel gerð en þetta er hrútur sem fengin er frá Stað í Súgandafirði undan Rafti 05-966 og móðurfaðir hans er Hylur 01-883.

## Kross

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Frakkur	06-145	Ormur	02-933	107,7	118,7	<b>113,2</b>	16,0	8,3	5,8	24,8	3,1	17,0
Hrókur	07-128	Nafni	06-235	93,9	129,1	<b>111,5</b>	15,7	8,6	6,4	24,8	3,1	16,7
Hængur	07-131	Sómi	02-972	103,4	88,0	<b>95,7</b>	15,6	8,5	6,0	23,0	2,9	16,5
Gáski	08-129	Olli	07-242	104,7	64,8	<b>84,8</b>	16,1	8,7	6,2	23,3	3,9	16,7
Þröstur	09-127	Gæskur	08-130	94,7	132,0	<b>113,4</b>	16,7	9,0	6,8	25,4	3,3	17,0
Þristur	09-128	Villi	05-728	95,1	86,3	<b>90,7</b>	16,6	9,2	6,9	23,6	3,9	17,0
Þorri	09-129	Nafni	06-235	104,5	113,1	<b>108,8</b>	15,6	8,8	6,2	24,2	3,3	17,1
Hvellur	09-199	Nafni	06-235	93,1	97,9	<b>95,5</b>	16,6	9,3	7,0	24,0	3,4	16,7
Vörður	10-136	Óðinn	07-248	88,6	95,4	<b>92,0</b>	15,2	8,6	6,5	24,4	4,3	16,8
Vestri	10-137	Skeifill	05-191	107,5	68,5	<b>88,0</b>	15,4	8,1	5,6	21,8	3,1	16,8

Hér eru tveir afkvæmahópar sem standa nánast jafnir og efstir í heildareinkunn. Frakkur 06-145 sækir sína yfirburði úr báðum aðalþáttum rannsóknarinnar, en þetta er sonur Orms 02-933 en móðurfaðir hans Argur 00-129 var hrútur sem kom frá Broddanesi 1. Lambahópurinn undan Þresti 09-127 kemur aftur á móti með alla sína yfirburði úr ómsjarmælingaþætti rannsóknarinnar. Faðir hans er Gæskur 08-130 frá Brjánslæk sem var að skila toppi í rannsóknum undangengin ár og móðurfaðir Spakur 06-193 í Ytri-Múla undan Skefli 05-191, sem þar var að skila ákaflega athyglisverðum niðurstöðum fyrir nokkrum árum.

## Rauðsdalur efri

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Otti	07-239	Milli	05-222	91,1	120,0	<b>105,6</b>	16,0	8,6	6,7	26,5	2,8	16,6
Ari	08-073	Smári	07-283	90,6	79,3	<b>85,0</b>	15,8	8,3	6,5	24,5	2,9	16,6
Trítill	09-052	Jarl	07-068	100,6	89,5	<b>95,1</b>	15,7	8,2	6,1	25,4	2,8	16,4
Máni	09-053	Kútur	08-075	94,1	81,8	<b>88,0</b>	15,7	8,2	6,3	25,4	3,9	16,5
Moli	09-054	Kútur	08-075	117,6	96,9	<b>107,3</b>	15,0	8,1	5,4	25,2	2,6	16,6
Ári	09-055	Bikar	08-041	104,9	93,7	<b>99,3</b>	14,5	8,4	5,9	25,6	3,3	16,7
Ás	09-056		08-042	108,2	116,3	<b>112,3</b>	16,3	8,1	5,9	26,4	3,1	16,5
Bolti	10-058	Peli	08-203	109,9	120,9	<b>115,4</b>	16,8	9,0	6,5	27,2	3,1	16,6
Morri	10-060	Kalli	08-071	101,5	86,7	<b>94,1</b>	15,4	7,6	5,6	25,1	3,6	16,6
Mjólki	10-061	Kútur	08-075	100,0	85,5	<b>92,8</b>	15,4	7,8	5,8	25,4	3,7	16,4

Í þessari rannsókn koma tveir afkvæmahópar nokkru efstir í heildareinkunn. Bolti 10-058 er þarna með þroskamikil, vel vöðvastælt og fremur vel gerð lömb, en hann kemur frá Brjánslæk og er sonur Pela 08-203 og móðurfaðir hans Lubbi 04-211. Ás 09-056 er líkt og á síðasta ári með góðan lambahóp en þessi hrútur kemur frá Árbæ og er faðir hans hrútur 08-042 þar.

## Birkihlíð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Blíður	07-745	Týr	06-621	97,7	102,1	<b>99,9</b>	16,3	9,6	7,2	26,9	2,8	17,4
Bósi	08-632	Bósi	06-227	100,5	93,9	<b>97,2</b>	18,8	10,6	8,3	27,0	3,0	17,5
Tóti	09-633	Hlinur	07-746	99,4	94,8	<b>97,1</b>	16,1	9,9	7,4	26,3	2,9	17,6
Grimmur	09-751	Fannar	07-808	91,5	94,9	<b>93,2</b>	17,2	9,4	7,4	26,8	3,1	17,0
Hlutur	10-601	Straumur	07-229	97,3	85,8	<b>91,6</b>	16,9	9,8	7,5	26,0	3,0	16,9
	10-640	Blíður	07-745	104,4	81,5	<b>93,0</b>	17,7	10,1	7,5	26,0	2,9	17,5
Dreki	10-753	Hrói	07-836	103,9	128,4	<b>116,2</b>	16,9	9,1	6,4	28,9	3,0	17,6
Doðri	10-754	Borði	08-838	100,7	126,9	<b>113,8</b>	20,1	10,5	8,3	28,9	2,8	17,6
Dolli*	10-755	Bolli	06-821	100,3	90,5	<b>95,4</b>	17,7	9,5	7,1	26,3	2,7	17,1

Niðurstöðurnar í þessari rannsókn eru á þann veg að fremur lítil munur kemur fram milli afkvæmahópanna í sláturelamhúslutanum en tveir hrútar skera sig aftur á móti verulega úr í ómsjarmælingunum og koma þannig með hæsta heildareinkunn. Dreki 10-753 gefur góð lærahold og lömbin eru mjög fitulítill en þetta er sonur Hróa 07-836 og móðurfaðir er Jazek 06-744. Lömbin undan Doðra 10-754 eru fádæma þroskamikil og hafa góða vöðvafyllingu. Þetta er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans Blær 03-738.

## Hólar Dýrafirði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Horni	07-108	Heimir	05-107	89,5	105,6	<b>97,6</b>	17,5	8,9	8,2	28,0	3,5	17,3
Melur	08-110	Goði	07-470	109,8	72,1	<b>91,0</b>	16,9	8,7	7,3	25,4	2,9	17,1
Bilsson	08-112		06-114	88,6	95,4	<b>92,0</b>	16,6	8,3	7,6	27,0	3,0	17,1
Mjalli	09-102	Fannar	07-808	118,2	84,6	<b>101,4</b>	16,0	8,8	6,9	26,2	2,9	17,2
Katt	09-103	At	06-806	128,2	131,8	<b>130,0</b>	17,1	10,1	7,5	28,9	3,1	17,6
Öngull	09-104	Krókur	05-803	86,7	110,6	<b>98,7</b>	16,6	8,6	7,9	28,0	3,1	17,2
Sorró	10-110	Hriflon	07-837	75,7	92,0	<b>83,9</b>	16,4	8,4	8,1	26,4	3,2	17,2
Sómi	10-111	Fannar	07-808	107,5	97,5	<b>102,5</b>	17,0	8,9	7,5	26,7	3,2	17,3
Hvellur	10-112	Hvellur	05-969	80,2	82,0	<b>81,1</b>	17,0	7,9	7,7	26,2	3,1	17,2
Fanni	10-113	Bilsson	08-112	101,7	112,4	<b>107,1</b>	16,5	8,9	7,6	27,8	3,3	17,3
Hriflon	10-114	Hriflon	07-837	113,8	123,3	<b>118,6</b>	17,1	9,4	7,7	28,4	3,2	17,2
Ragnar	10-115	Jaki	04-072	115,0	76,2	<b>95,6</b>	17,9	8,8	7,4	26,1	3,4	17,1
Broddi	10-380	Gullmoli	05-552	94,8	114,3	<b>104,6</b>	17,5	8,4	7,7	27,5	2,9	17,0

Hér á búinu eru það tveir afkvæmahópar sem sýna umtalsverða yfirburði í rannsókninni. Katt 09-103 er með gríðarlega mikla yfirburði í báðum meginþáttum rannsóknarinnar, lömbin eru mjög vöðvaþykk með afbragðsgóð lærahold og alla gerð en þessi hrútur sýndi kosti sína strax haustið 2010 í rannsókn þá. Þessi hrútur er undan At 06-806 en móðurfaðir Ítni (Úðasonur 01-912). Þessi hrútur var kominn undir smásjá stöðvanna í vali en reyndist því miður áhættuafgerðar. Hriflon 10-114 er einnig með góða yfirburði í báðum meginþáttum rannsóknarinnar enda lömbin mjög vöðvaþykk og vel gerð. Þessi hrútur er sonur Hriflonar 07-837 en móðurfaðir hans er Ljúfur 05-968.

## Kirkjuból Dýrafirði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Njólí	07-127	Álfur	03-960	104,5	78,5	<b>91,5</b>	15,3	8,4	6,2	25,4	2,9	17,2
Nökkvi	07-129	Álfur	03-960	108,1	95,4	<b>101,8</b>	15,6	9,3	6,7	26,7	3,2	17,5
Negull	07-130	Kveikur	05-965	106,0	88,6	<b>97,3</b>	16,4	9,6	7,1	26,3	3,0	17,2
Otti	08-140	Klettur	04-146	90,2	95,5	<b>92,9</b>	16,8	9,4	7,5	26,5	2,7	17,1
Otur	08-150	Njólí	07-127	84,0	81,2	<b>82,6</b>	16,9	9,7	7,9	26,2	3,0	17,3
Plútó	09-127	Prjónn	07-812	104,9	104,2	<b>104,6</b>	15,9	8,6	6,4	26,8	2,6	17,4

Papi	09-131	Njóli	07-127	119,7	91,8	<b>105,8</b>	15,2	8,8	6,0	26,5	2,9	17,2
Partur	09-135	Fannar	07-808	105,5	162,6	<b>134,1</b>	17,0	9,9	7,4	29,2	3,0	17,3
Prettur	09-136	Njóli	07-127	79,6	93,2	<b>86,4</b>	16,4	9,1	7,6	26,3	2,7	17,4
Pantur	09-138	Goði	07-403	90,4	98,8	<b>94,6</b>	17,3	9,6	7,7	26,7	2,9	17,5
Platon	09-139	Vendill	08-249	71,7	69,2	<b>70,5</b>	16,6	9,1	7,8	25,8	2,9	17,3
Stakkur	10-126	Raftur	05-966	148,0	103,3	<b>125,7</b>	17,5	10,1	6,2	26,8	2,6	17,3
Röðull	10-128	Partur	09-135	107,4	104,1	<b>105,8</b>	17,4	9,2	6,9	27,5	3,0	17,4
Rimill	10-129	Hólmi	08-839	112,5	109,9	<b>111,2</b>	16,3	9,0	6,5	27,1	2,8	17,2
Reyr	10-147	Fannar	07-808	73,2	99,2	<b>86,2</b>	16,9	9,2	8,0	27,2	3,4	17,3

All umfangsmikil rannsókn er hér að þessu sinni og mjög áhugaverði hluti þarna að sjá. Partur 09-135 er að gefa ótrúlega mikla yfirburði í bakvöðvabykkt eins og sjá má hjá nokkrum sonum Fannars 07-808 en lambahópurinn er að öllu leyti ákaflega vel gerður og sterkur. Móðurfaðir Parts er Lundi 03-945. Þá er Stakkur 10-126 með sláturlambahóp sem sýnir fáheyrða yfirburði. Gerð lambanna er mjög góð og fita með ólíkindum lítil miðað við mikinn þroska þeirra. Stakkur er undan Rafti 05-966 en móðurfaðir hans Miðill 06-144 var sonur Lunda 03-945. Lambahópurinn undan Rimli 10-129 er með góða og jafna yfirburði á báða þætti rannsóknarinnar en þetta er sonur Hólma 08-839 og móðurfaðir hans Njóli 07-127, sem mætir með eigin afkvæmahóp í rannsókninni.

### Minni-Hlíð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Freri	06-206	Bredi	04-037	112,2	101,6	<b>106,9</b>	16,5	9,5	7,0	27,4	2,7	17,3
Hringur	08-214	Þráður	06-996	96,6	98,3	<b>97,5</b>	17,7	9,0	7,5	27,8	3,0	17,1
Hér er umfang rannsóknar mun minna en verið hefur síðustu árin. Langbesti lambahópurinn var eins og á síðasta ári undan Bangsímon 08-055 en lömbin eru með verulega þykkari vöðva og gríðarlega vel gerð en fitusamanburður er honum ekki í hag. Bangsímon er undan Salómon 07-097 og móðurfaðir Sindbað 04-077 en þess má geta að Bangsímon er svartflekóttur að lit. Tröllli 10-066 sækir mest af sínum yfirburðum í mjög góðar bakvöðvamælingar um leið og fitusamanburður er hagstæður. Tröllli er sonur Hróa 07-836 og móðurfaðir hans Peli 01-061 er sonur Prúðs 94-834.

## Steinnes

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Pengill	10-136	Grábotni	06-833	124,6	173,7	<b>149,2</b>	16,9	10,5	6,9	29,5	2,8	17,3
Abel	07-130	Kveikur	05-965	117,3	147,3	<b>132,3</b>	17,0	9,8	6,9	28,0	3,3	17,2
Alki	10-135	At	06-806	112,4	116,9	<b>114,7</b>	15,6	9,6	6,4	27,2	3,1	17,2
Lómur	08-133	Raftur	05-966	111,0	117,9	<b>114,5</b>	16,6	9,7	6,9	27,0	3,2	17,3
Elúðnir	08-130	Lóði	00-871	106,9	114,7	<b>110,8</b>	16,4	9,8	7,0	27,2	3,2	17,3
Laxnes	09-143	Lykill	06-136	115,4	103,7	<b>109,6</b>	15,6	8,7	5,8	26,3	3,0	17,2
Róni	10-132	Hrói	07-836	126,0	92,4	<b>109,2</b>	15,8	9,5	5,8	25,7	2,9	16,9
Logi	09-146	Lykill	06-136	95,3	117,0	<b>106,2</b>	16,9	9,5	7,3	26,7	3,0	17,4
Lykill	06-136	Lóði	00-871	96,7	101,7	<b>99,2</b>	16,5	9,6	7,2	26,7	3,6	17,2
Garpur	10-140	Raftur	05-966	94,2	102,4	<b>98,3</b>	17,5	9,3	7,4	26,4	3,0	16,9
Nökkvi	09-137	Bogi	04-814	111,6	82,2	<b>96,9</b>	16,2	8,8	6,1	24,9	2,8	16,9
Nagli	09-134	Nari	08-134	103,4	83,3	<b>93,4</b>	17,4	8,6	6,6	25,7	3,0	17,0
Pílatus	09-138	Púki	06-807	97,6	87,5	<b>92,6</b>	16,7	9,1	6,9	26,1	3,4	16,8
Ariel	09-133	Abel	07-130	71,6	91,8	<b>81,7</b>	16,2	8,4	7,1	25,7	2,9	17,0
Njóli	10-139	Vöðvi	06-820	92,3	67,8	<b>80,1</b>	17,9	9,0	7,4	25,0	3,4	16,9
Þrymur	08-136	Papi	04-964	72,8	70,9	<b>71,9</b>	16,5	9,6	8,0	25,0	3,1	16,8

Nóri	06-140	84,1	45,1	<b>64,6</b>	17,0	8,9	7,3	24,4	3,5	16,9
------	--------	------	------	-------------	------	-----	-----	------	-----	------

Hér er stór rannsókn og Þengill 10-136 með fádæma yfirburði og er heildareinkunn hans ein sú allra hæsta í rannsóknunum haustið 2010. Yfirburðir hans í bakvöðvabykkt eru gríðarlega miklir og lömbin hafa góð lærahold og sýna afgerandi yfirburði í mati fyrir gerð. Hrutur þessi er sonur Grábotna 06-833 en móðurfaðir hans Abel 07-130 sem fjallað er um hér á eftir og móðurmóðurfaðir Þengils er síðan Lási 02-944. Abel 07-130 mætir eins og á umliðnum árum með ákaflega öflugan lambahóp en lömbin eru feikilega vel gerð og þéttholda en þetta er einn ótalsmargra sona Kveiks 05-965 sem skipa sér á toppinn. Alki 10-135 á mjög vel gerðan lambahóp sem sækir yfirburði jafnt á bæði borð en þungasamanburðurinn er aftur á móti honum heldur óhagstæður. Alki er undan At 06-806 en móðurfaðir hans Spakur 04-131 var toppur hér á búinu til fjölda ára. Lómur 08-133 er með lambahóp sem hefur öll sterkustu einkenni kjötgæðakinda en þessi hrútur er undan Rafti 05-966 og dóttursonur Lóms 02-923.

### Stóra-Giljá

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	
Lambás	07-648	Helgi	05-205	120,8	139,1	<b>130,0</b>	14,9	9,6	7,0	26,7	3,3	16,6	
Kjarkson	10-639	Kjarkur	08-840	134,3	120,8	<b>127,6</b>	15,1	9,8	6,9	26,1	3,3	17,1	
Þjarkur	10-636	Kjarkur	08-840	104,7	129,9	<b>117,3</b>	15,1	8,9	7,1	26,7	3,4	16,7	
Argur	08-604	340	05-610	114,9	117,0	<b>116,0</b>	15,1	8,4	6,5	25,5	3,0	16,8	
Lás	09-610	Lambás	07-648	107,1	115,4	<b>111,3</b>	15,3	8,6	6,9	25,9	3,4	16,4	
Fengur	08-601			106,0	109,7	<b>107,9</b>	14,7	8,5	6,7	25,4	3,2	16,5	
Sauðanes	07-647	Hylur	01-883	84,8	114,8	<b>99,8</b>	15,1	8,2	7,2	25,8	3,0	16,4	
	86	05-603	Hnúi	00-630	110,3	81,8	<b>96,1</b>	14,3	8,1	6,2	24,1	3,4	16,4
		07-641	Barði	03-601	90,9	98,5	<b>94,7</b>	14,2	8,2	6,8	24,7	3,0	16,7
		07-628	Lopi	02-650	101,4	79,6	<b>90,5</b>	14,7	8,6	6,9	24,1	3,5	16,3
Sæll	10-637	Snær	09-608	96,7	76,7	<b>86,7</b>	14,2	8,0	6,5	24,2	3,7	16,3	
Ás	09-611	Lambás	07-648	83,0	79,1	<b>81,1</b>	14,3	8,1	7,0	24,3	3,4	16,5	
Snær	09-608	Snar	07-649	92,1	65,3	<b>78,7</b>	15,1	8,8	7,4	24,2	4,2	16,4	
	4	06-629		04-614	70,0	75,6	<b>72,8</b>	14,2	8,0	7,3	23,8	3,7	16,6

Hér er að vanda ein af stærri rannsóknunum. Lambás 07-648, sem var í einu af efstu sætum rannsókna yfir allt landið bæði haustið 2009 og 2010 mætir enn til leiks með lambahóp sem slær öllum öðrum við í samanburði enda lömbin mjög þéttholda og vel gerð. Þessi hrútur er fenginn frá Sveinungsvík undan Helga 05-205 sem er hrútur fæddur á Snartarstöðum sem hefur reynst dugandi kynbótahrútur austur þar. Fast á hæla lambanna undan Lambási kemur lambahópur undan Kjarkssyni 10-639 en það er sá hópurinn sem kemur langsamlega best í kjötmatssamanburði enda kjötmatsniðurstöður mjög góðar og vöðvar eru líka þykkir. Eins og nafnið bendir til er þetta sonur Kjarks 08-840 en móðurfaðir hans er hrútur 04-605. Annar sonur Kjarks, Þjarkur 10-636, kemur í þriðja sætið en hjá honum er heldur meira af yfirburðunum fengnir í samanburði bakvöðvamælinganna. Móðurfaðir Þjarks er Gunnir 99-624. Argur 08-604 mætir til leiks með lambahóp sem hefur jákvæðan samanburð fyrir flesta þætti en hann var einnig haustið 2010 að gefa mjög jákvæðar niðurstöður. Faðir hans 05-610 var af snæfellskum uppruna en móðurfaðir er Dropi 02-625. Að síðustu skal nefna lambahóp undan Lási 09-610 sem kemur þrýðilega jákvæður í samanburði en þetta er hrútur undan Lambási 07-648 og móðurfaðir hans er Hylur 02-649.

### Sunnuhlíð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bent	10-667	Fálki	06-834	123,9	116,6	<b>120,3</b>	15,1	8,7	6,1	23,9	2,8	16,3
Dreitill	08-669	Austri	06-667	101,2	115,6	<b>108,4</b>	15,0	7,8	6,2	23,6	2,4	16,4
Mókollur	08-671	Draupnir	05-553	101,4	112,8	<b>107,1</b>	14,9	8,0	6,3	24,3	3,4	16,2

Móri	09-671	Mókollur	08-671	103,8	109,9	<b>106,9</b>	14,8	7,9	6,1	24,0	3,2	16,2
Hnakkí	09-668	Hagi	06-668	93,8	116,1	<b>105,0</b>	16,3	8,1	7,0	24,1	3,1	16,4
Ljúfur	07-667	Spakur	06-670	102,3	95,1	<b>98,7</b>	14,1	7,6	5,8	22,9	2,8	16,2
Trítill	09-667	Austri	06-667	101,4	93,6	<b>97,5</b>	14,8	7,9	6,2	22,9	2,9	16,1
Steggur	06-669	Seðill	04-668	87,3	101,2	<b>94,3</b>	15,2	7,9	6,7	23,6	3,4	16,2
Snoddas	03-671	Þorri	01-667	103,3	64,9	<b>84,1</b>	15,5	8,0	6,4	22,1	3,2	16,0
Bjartur	08-674	Steggur	06-669	82,1	70,6	<b>76,4</b>	15,1	7,7	6,7	22,2	3,2	15,9

Í rannsókn hér er einn lambahópur sem ber verulega af hinum og fær hæsta einkunn fyrir báða aðalþætti rannsóknarinnar. Þetta eru lömbin undan Bent 10-667 en yfirburðir þeirra eru verulegir bæði um vöðvaþykkt og ekki síður gerð lambanna í kjötmati. Þessi hrútur er sonur Fálka 06-834 og móðurfaðir hans Moli 02-670.

### Sveinsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Penni	09-708	Cat	04-992	117,0	122,4	<b>119,7</b>	16,1	9,5	6,3	26,2	2,5	17,4
Gustur	09-705	Kveikur	05-965	99,9	110,6	<b>105,3</b>	16,1	8,3	6,0	25,7	2,6	16,9
Orri	09-710	Kveikur	05-965	107,3	79,5	<b>93,4</b>	15,6	8,4	5,7	24,6	3,3	16,9
Ófeigur	09-709	Þróttur	04-991	71,3	94,6	<b>83,0</b>	16,0	7,9	6,5	25,3	3,0	16,8

Í þessari litlu rannsókn styrkir Penni 09-708 enn sína mynd sem kjötgæðakind, en hann var einnig með góðan hóp haustið 2010. Lömbin að þessu sinni hafa afgerandi yfirburði yfir hina hópana bæði um vöðvaþykkt og gerð sláturlamba, Penni er undan Cat 04-992 en móðurfaðir hans Hafur 02-733.

### Syðri-Ey

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Frakkur	08-715	Raftur	05-966	133,3	119,0	<b>126,2</b>	17,0	9,0	6,5	26,6	2,9	16,8
Lindi	08-720	Jón Páll	04-990	126,1	112,9	<b>119,5</b>	16,2	9,1	6,6	26,5	3,1	16,9
Rökkvi	09-728	Dökkvi	07-809	84,9	105,4	<b>95,2</b>	17,4	8,8	7,8	26,9	3,9	16,7
Kraftur	10-741	Raftur	05-966	97,3	83,0	<b>90,2</b>	15,9	8,0	6,6	25,3	3,3	16,8
Eðaltoppur	08-716	Blettur	05-967	69,1	106,6	<b>87,9</b>	15,2	7,9	7,2	26,4	3,2	16,5
Botni	10-737	Grábotni	06-833	89,8	74,4	<b>82,1</b>	16,6	7,9	6,9	25,4	3,3	16,5

Í rannsókninni hér eru mjög skýrar línur, tveir lambahópar bera verulega af hinum. Feður þeirra eru um leið þeir tveir hrútar sem voru að skipa sér í toppsæti á búni bæði haustin 2010 og 2009. Yfirburðir þeirra beggja koma fram í sömu eiginleikum. Þeir eru að gefa þykkari vöðva en hinir hrútarnir, betri gerð og ívið minni fitu. Frakkur er sonur Rafts 05-966 og dóttursonur Týs 02-929 en Lindi 08-720 er undan Jóni Páli 04-990 og dóttursonur Lunda 03-945.

### Syðri-Langamýri

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Sigmundur	10-704	At	06-806	112,6	122,0	<b>117,3</b>	16,3	9,7	6,9	25,6	3,1	16,8
Styggur	10-703	Raftur	05-966	107,8	120,8	<b>114,3</b>	16,3	9,5	6,9	25,5	2,9	16,7
Gráni	09-701	Þróttur	04-991	100,2	93,7	<b>97,0</b>	17,1	8,7	6,8	24,1	2,3	16,5
Öngull	10-701	Ári	09-081	71,8	65,1	<b>68,5</b>	16,8	8,2	7,2	23,8	3,4	16,4



Þó að rannsóknin hér sé takmörkuð að umfangi sýnir hún skýran mun á lambahópunum undan hrútunum sem eru feður lambanna. Hrútarnir tveir sem eiga bestu lömbin eru Sigmundur 10-704 og Styggur 10-703 og eru yfirburðir lambanna ákaflega líkir í báðum hópunum en þeir eru í vöðvaþykkt, gerð og fremur lítilli fitu. Sigmundur er undan At 06-806 og móðurfaðir Langleggur 07-705 sem er undan Oddi 02-942 en Styggur er hins vegar sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans er Langleggur sá er að framan er nefndur.

### Víkur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fauti	09-440	Bramli	04-952	129,9	147,0	<b>138,5</b>	15,0	8,2	5,3	28,3	2,5	17,3
Svipur	08-433	Papi	04-964	107,9	134,4	<b>121,2</b>	14,2	7,7	5,3	27,3	2,3	17,3
Grákollur	10-447	Snigill	06-423	119,9	95,4	<b>107,7</b>	15,2	7,9	5,4	25,8	3,0	17,2
Blævar	10-445	Gepill	08-434	91,4	112,6	<b>102,0</b>	15,1	6,7	5,5	26,2	2,4	17,2
Straumur	06-422	Áll	00-868	102,9	99,1	<b>101,0</b>	14,4	7,5	5,4	25,8	2,9	17,3
Deli	10-444	Gepill	08-434	84,4	71,4	<b>77,9</b>	15,2	6,9	5,9	24,5	2,8	16,8
Kokkur	09-442	Snigill	06-423	78,6	57,0	<b>67,8</b>	16,3	7,1	6,6	23,8	2,9	17,1

Fauti 09-440 er með lambahóp sem sýnir ákaflega mikla yfirburði en hann er hæstur í einkunn fyrir báða aðalþætti rannsóknarinnar, lömbin bera mikið af um vöðvaþykkt og einnig í mati fyrir gerð sláturlamba og eru fitulítill. Fauti er sonur Bramla 04-952 en móðurfaðir er Eir 00-881. Svipur 08-433 er hins vegar að sækja yfirburði fyrir sín lömb fyrst og fremst til bakvöðvamælinganna en hann hafði áður veturgamall haustið 2009 fengið góðar niðurstöður í rannsókn. Svipur er sonur Papa 04-964 en móðurfaðirinn Lindi 03-404 var undan Hyli 01-883.

### Vindhæli

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Glói	09-696	Glói	07-109	129,7	120,2	<b>125,0</b>	17,3	8,9	6,8	26,4	4,1	17,1
	06-682	Langidal	01-931	105,8	111,9	<b>108,9</b>	15,2	7,6	6,1	25,3	3,3	16,4
	06-681	Ormur	02-933	105,2	112,1	<b>108,7</b>	16,1	7,3	6,2	25,1	3,1	16,4
	08-692		04-668	97,7	118,2	<b>108,0</b>	15,6	7,8	6,6	25,7	3,2	16,6
Jón Austmann	07-688	Snafs	03-378	111,3	102,0	<b>106,7</b>	15,7	8,1	6,4	25,2	3,5	16,4
	04-668			102,9	99,0	<b>101,0</b>	16,2	7,8	6,6	24,9	3,5	16,6
	04-669			105,7	89,0	<b>97,4</b>	16,7	7,7	6,6	24,4	3,6	16,6
Frændi	09-697	Toppur	07-599	103,2	90,0	<b>96,6</b>	16,1	7,4	6,3	24,6	3,6	16,6
	05-675			78,5	81,4	<b>80,0</b>	15,9	7,3	6,8	24,6	3,7	16,3
Keli	09-651		04-668	79,4	71,5	<b>75,5</b>	15,4	7,4	6,8	23,7	3,9	16,0

Einn afkvæmahópurinn ber feikilega mikið af öllum hinum en það eru lömbin undan Glóa 09-696 en yfirburðir hjá þeim eru mjög miklir bæði um vöðvaþykkt og gerð lamba í kjötmatinu. Þessi hrútur kemur frá Heydalsá undan Glóa 07-109 frá Hafnardal og móðurfaðir er Bjarmi 05-767.

## Skagafjörður

### Brúnastaðir Fljótum

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ýmir	07-032	Mímir	04-951	106,6	120,3	<b>113,5</b>	17,1	10,3	7,3	28,3	2,5	17,4
Bjálki	07-036	Raftur	05-966	104,6	114,3	<b>109,5</b>	15,8	9,8	6,9	27,7	2,4	17,6
Spori	08-030	Papi	04-964	104,7	91,9	<b>98,3</b>	15,5	9,4	6,5	27,4	3,0	17,3
Spotti	08-036	Þráður	06-996	108,6	123,0	<b>115,8</b>	15,7	9,1	6,1	28,1	2,6	17,2
Reyr	08-038	Freyr	06-030	95,0	115,0	<b>105,0</b>	16,7	9,6	7,1	28,1	2,6	17,5
Andri	09-023	Undri	05-818	102,2	70,1	<b>86,2</b>	17,3	9,8	7,0	26,5	3,0	17,2
Krapi	09-027	Áni	07-028	83,8	104,7	<b>94,3</b>	15,6	8,8	6,9	27,4	2,7	17,1
Mór	09-028	Grani	07-031	78,9	37,3	<b>58,1</b>	16,0	8,8	7,0	24,2	3,0	17,2
Hrannar	09-031	Fannar	07-808	92,8	103,3	<b>98,1</b>	15,6	8,8	6,4	27,6	2,7	17,2
Nökkvi	09-032	Dökkvi	07-809	108,9	107,9	<b>108,4</b>	15,4	9,6	6,6	27,8	2,8	17,2
Kónn	09-035	Prjónn	07-812	86,4	105,7	<b>96,1</b>	15,5	9,3	7,1	27,5	2,7	17,2
Snær	09-036	Sokki	07-835	92,4	76,9	<b>84,7</b>	17,1	9,3	6,9	26,3	2,6	17,2
Þáttur	09-039	Máttur	08-031	99,9	83,5	<b>91,7</b>	16,4	9,4	6,7	27,1	2,9	17,3
Massi	10-025	Klassi	09-607	92,7	71,3	<b>82,0</b>	17,4	10,5	8,2	26,3	2,7	17,4
Bassi	10-026	Spakur	08-289	86,5	84,8	<b>85,7</b>	16,1	9,4	7,2	26,9	2,9	17,3
Trassi	10-027	Kollur	07-643	97,1	96,1	<b>96,6</b>	16,4	9,3	6,7	27,0	2,6	17,3
Muggur	10-029	Kveikur	05-965	109,4	97,7	<b>103,6</b>	18,1	9,6	6,4	27,3	2,6	17,1
Höskuldur												
Keisari	10-031	Mundi	06-832	116,2	99,0	<b>107,6</b>	15,9	10,0	6,6	27,2	2,7	17,5
Bráður	10-032	Grábotni	06-833	117,5	80,1	<b>98,8</b>	15,4	9,3	6,0	25,9	2,3	17,1
Blámi	10-033	Grábotni	06-833	107,4	77,3	<b>92,4</b>	15,5	9,5	6,5	26,3	2,8	17,2
Bárður	10-035	Borði	08-838	114,2	126,9	<b>120,6</b>	16,7	9,9	6,6	28,5	2,7	17,5
Ós	10-036	Hólmi	08-839	80,4	111,1	<b>95,8</b>	15,7	9,1	7,3	28,0	2,5	17,4
Aðall	10-037	Eðall	09-030	78,6	97,7	<b>88,2</b>	16,2	8,7	6,9	27,7	3,1	17,1
Myrkvi	10-038	Depill	09-037	133,5	134,0	<b>133,8</b>	17,1	10,3	6,5	28,5	2,8	17,6

Eins og undanfarin ár þá er hér ein af allra umfangsmestu rannsóknunum á landinu öllu. Að þessu sinni koma fram nýir toppar á meðal yngstu hrútanna. Lambahópurinn undan Myrkva 10-038 er með hæstu einkunn úr samanburðinum fyrir báða aðalþætti rannsóknarinnar enda eru lömbin glæsileg. Þau eru þroskamikil með þykka vöðva, hæsta stigun fyrir lærahold, og mjög vel gerð að öllu leyti. Myrkvi er gemlingslamb og faðir hans Depill 09-037 var að gefa mjög jákvæða niðurstöðu í rannsókninni á síðasta ári en hann er sonur Sokka 07-835. Móðurfaðir Myrkva er hins vegar Ýmir 07-032, sem síðar er vikið að. Myrkvi er svartur að lit eins og nafnið kann að gefa til kynna. Undan Bárði 10-035 er einnig glæsilegur lambahópur að gerð en yfirburðir þeirra eru öllu meiri í líflambahluta rannsóknarinnar. Bárður er undan Borða 08-838 en móðurfaðir hans Tryggur 03-038 var úr kollótta fénu þar sem hann var sonur Styggs 99-877. Hrutarnir sem eiga lambahópana sem næstir standa í heildareinkunn eru toppar rannsókna héraðs frá síðustu árum. Hjá Spotta 08-036 eru yfirburðirnir að þessu sinni talsvert meira frá bakvöðvamælingunum en hann er sonur Þráðar 06-996 og móðurfaðir hans Kjalvar 02-943. Lömbin undan Ými 07-032 hafa eins og áður hefur verið mjög þykkar bakvöðva og eru prýðisvel gerð en hann er sonur Mímis 04-951 og dóttursonur Flotta 98-850. Bjálki 07-036 er eins og áður með mjög þétttholda lambahóp en hann er sonur Rafts 05-966 og dóttursonur Týs 02-929.

### Geldingaholt

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fannar	05-445	Frosti	02-913	112,8	91,8	<b>102,3</b>	17,6	9,5	7,1	27,0	2,9	17,0
Urriði	06-448			101,4	121,3	<b>111,4</b>	16,0	9,7	7,4	27,9	2,7	17,2
Háll	07-441	Áll	00-868	103,8	98,2	<b>101,0</b>	16,8	9,5	7,3	27,3	3,0	17,3
Valur	07-443	Partur	99-914	86,4	75,6	<b>81,0</b>	15,9	8,7	7,2	26,5	3,0	16,8
Stólpi	08-441	Kveikur	05-965	81,5	103,4	<b>92,5</b>	15,8	9,2	7,6	27,4	3,0	17,1

Dindill	08-442	Kveikur	05-965	94,8	94,7	<b>94,8</b>	16,6	9,3	7,4	27,4	3,2	17,1
Pinni	10-443	Prjónn	07-812	114,0	104,6	<b>109,3</b>	16,7	9,7	7,0	26,9	2,4	17,0
Skarði	10-445			140,4	113,5	<b>127,0</b>	15,8	9,9	6,2	27,9	2,9	17,3

Hér á þessu búi ber lambahópurinn undan Skarða 10-445 mjög af hinum, sérstaklega eru yfirburðir í kjötmatinu feikilega miklir, sláturlömbin vel gerð og mjög fitulítill en þungasamanburðurinn er honum aðeins í óhag.

### Halldórsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Óli	05-426	Örvar	04-983	96,5	71,7	<b>84,1</b>	16,9	9,3	6,8	24,4	3,6	17,2
Síli	07-426	Óli	05-426	86,7	93,9	<b>90,3</b>	16,0	8,5	6,4	25,0	3,4	16,8
Baugur	07-428	Jói	05-427	94,7	89,1	<b>91,9</b>	15,8	8,9	6,4	24,4	3,3	16,9
Sturibrand	08-426	Garpur	04-815	104,0	107,6	<b>105,8</b>	16,4	9,3	6,5	25,6	3,5	17,3
Glitnir	08-429	Hreinn	07-105	109,0	98,8	<b>103,9</b>	16,4	8,9	6,1	24,8	3,1	17,3
Gustur	08-457	Hvellur	05-969	88,8	144,4	<b>116,6</b>	16,4	9,1	6,8	27,4	3,2	17,4
Furði	10-426	Undri	05-818	97,8	103,9	<b>100,9</b>	16,0	8,8	6,3	25,3	3,3	17,2
Bumbi	10-427	Bolli	06-821	106,1	101,2	<b>103,7</b>	16,1	8,9	6,1	25,1	2,7	17,2

Hér er aðeins ósamræmi hjá sumum lambahópunum á aðalþáttum rannsóknarinnar. Efstur með heildareinkunn er lambahópurinn undan Gusti 08-457 en yfirburðir hans eru gríðarlega miklir fyrir bakvöðvamælingar en kjötmatsniðurstöður ná tæpast meðallagi, en hér er hyrndur hrútur í samanburði við kollóttu, sem vafalítið hefur áhrif á niðurstöður en Gustur er sonur Hvels 05-969. Hagstæðustu kjötmatsniðurstöðurnar eru fyrir lömbin undan Glitni 08-429 en hann stóð efstur í rannsókn á síðasta ári. Glitnir kemur frá Heydalsá undan Hreini 07-105 en móðurfaðir Glámur 03-018.

### Ingveldarstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Snær	07-155	Hvellur	05-969	93,1	100,7	<b>96,9</b>	15,2	7,9	6,0	26,0	3,3	17,3
Bylur	07-156	Hylur	01-883	98,7	86,7	<b>92,7</b>	15,5	8,4	6,5	25,3	3,2	17,1
Alli	07-157	Áll	00-868	85,0	98,8	<b>91,9</b>	15,0	7,9	6,3	25,9	2,9	17,1
Lómur	07-159	Lómur	02-923	97,7	77,5	<b>87,6</b>	15,0	7,9	5,8	24,4	2,5	17,0
Stubbur	09-151	Freyðir	07-810	107,6	105,9	<b>106,8</b>	14,8	7,7	5,1	26,1	2,7	17,0
Kraftur	09-153	Raftur	05-966	124,4	103,0	<b>113,7</b>	15,7	8,6	5,8	26,1	2,7	16,8
Svanur	09-154	Máni	03-975	85,8	84,4	<b>85,1</b>	16,0	7,8	6,1	25,3	2,9	16,8
Pinni	10-158	Prjónn	07-812	97,1	107,8	<b>102,5</b>	15,8	8,1	6,1	26,0	2,6	17,3
Kraftsson	10-159	Kraftur	09-153	115,0	110,1	<b>112,6</b>	16,2	8,4	5,7	26,2	2,3	17,1
Logi	10-160	Kveikur	05-965	96,3	110,3	<b>103,3</b>	15,8	8,4	6,6	26,5	3,1	17,1

Lambahóparnir undan þeim feðgum Krafti 09-153 og Kraftssyni 10-159 standa efstir í þessari rannsókn og báðum er það sammerkt að lömbin undan þeim eru að skila öllu meira af yfirburðum úr kjötmatshluta. Kraftur var með góðan hóp í rannsókn 2010. Lömbunum undan þeim báðum er sammerkt að koma jákvæðir út í þungasamanburði og vera vöðvafyllt og fitulítill. Kraftur er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans er Mávur 03-160. Móðurfaðir Kraftssonar er hins vegar Bylur 07-156.

### Keta á Skaga

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
------	-------	-------	-------	---------	----------	-------	------	------	------	------	------	------

Blossi	07-129	Kveikur	05-965	91,9	64,9	<b>78,4</b>	17,7	10,1	8,0	27,0	4,0	16,9
Ljótur	08-033	Þróttur	04-991	100,3	131,9	<b>116,1</b>	17,1	10,1	7,7	29,0	3,2	17,5
Geir	09-029	Fannar	07-808	103,5	86,5	<b>95,0</b>	17,1	10,4	7,8	27,1	3,8	17,1
Grani	09-030	Fannar	07-808	123,2	127,1	<b>125,2</b>	18,4	11,3	7,9	29,1	3,5	17,4
Ás	09-032	Drumbur	07-132	86,5	104,8	<b>95,7</b>	17,0	9,8	7,9	27,8	3,5	17,1
Kubbur	09-033	Drumbur	07-132	97,7	105,9	<b>101,8</b>	17,5	10,4	8,0	27,8	3,4	17,5
Logi	09-034	Blossi	07-129	97,8	90,6	<b>94,2</b>	17,5	10,1	7,8	27,6	3,7	17,2
Eldur	09-035	Blossi	07-129	72,1	86,1	<b>79,1</b>	18,2	9,8	8,4	27,6	4,1	17,4
Botni	10-030	Grábotni	06-833	93,2	78,2	<b>85,7</b>	17,4	10,0	7,9	27,0	3,7	16,9

Eins og tölurnar sýna eru mjög fönguleg og vel gerð lömb í afkvæmahópunum en sum helst til feit. Grani 09-030 staðfestir rækilega niðurstöður síðasta árs að hann er feikilega öflugur faðir sláturlamba sérstaklega er gerð þeirra frábær. Þessi snillingur er undan Fannari 07-808 en móðurfaðir hans Frami 05-033 var öflugur sonur Snúðs 00-911 sem þarna var notaður um árabíl. Lambahópurinn undan Ljóti 08-033 gefur mikla yfirburði í bakvöðvamælingunum og lömbin undan honum eru einnig mjög vel gerð. Þessi hrútur er sonur Þróttar 04-991 og móðurfaðir hans Kolumbus 01-033 var sonur Mola 03-986.

## Ríp

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Spaði	08-244	Blettur	05-967	92,7	85,4	<b>89,1</b>	16,0	9,5	7,2	27,5	2,8	17,3
Garpur	08-245	Þráður	06-996	96,8	96,4	<b>96,6</b>	16,8	9,8	7,3	28,4	3,0	17,4
Dreitill	08-248	Dropi	06-998	98,1	115,7	<b>106,9</b>	16,6	10,2	7,5	28,9	3,2	17,6
Eldur	08-249		07-242	95,4	65,8	<b>80,6</b>	17,0	9,7	7,3	26,6	3,3	17,4
Gormur	08-250	Lykill	03-977	91,0	94,4	<b>92,7</b>	17,0	9,2	7,2	27,1	2,4	17,2
Máni	09-246	Spaði	08-244	94,9	112,1	<b>103,5</b>	17,2	10,3	7,8	28,8	3,0	17,5
Ási	09-247		07-243	96,5	108,3	<b>102,4</b>	17,1	9,7	7,3	28,5	2,6	17,5
Sproti	10-241	Hólmi	08-839	107,5	111,5	<b>109,5</b>	18,3	10,6	7,6	28,9	2,8	17,3
Freyr	10-242	Freyðir	07-810	115,6	108,2	<b>111,9</b>	17,6	9,8	6,8	28,5	2,8	17,4
Kubbur	10-243	Borði	08-838	112,2	124,2	<b>118,2</b>	17,7	10,7	7,5	29,3	3,0	17,6
Klaki	10-244	At	06-806	122,2	100,1	<b>111,2</b>	17,7	10,4	6,7	28,3	2,8	17,5
Raftsson	10-246	Raftur	05-966	109,1	124,1	<b>116,6</b>	17,0	9,8	6,9	29,6	2,9	17,7
Logi	10-247	Eldur	08-249	85,8	78,7	<b>82,3</b>	17,0	9,7	7,6	27,4	3,3	17,5
Klettur	10-248	Ljúfur	09-248	115,8	111,0	<b>113,4</b>	17,2	9,9	6,8	28,3	2,7	17,6
Oddi	10-250	Brodði	07-824	102,4	66,6	<b>84,5</b>	17,7	10,2	7,5	26,9	3,1	17,3

Hér er allstór rannsókn og það ánægjulega við niðurstöður hennar er að hér eru það lömbin undan yngstu hrútunum sem eiga sviðið. Hæstur í heildareinkunn er hópurinn undan Kubbi 10-243. Heldur meira af yfirburðunum kemur í ómsjarmælingahlutanum þar sem hópurinn stendur efstur í samanburði en lömbin eru einnig ákaflega vel gerð. Kubbur er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans er Hvellur 05-969. Lambahópurinn undan Raftssyni 10-246 stendur næstur í heildarsamanburði og aðalsmerki lambanna undan honum er þykkur vöðvi bæði í baki og lærum. Þetta er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðirinn Polli 05-249 er sonur Áls 00-868. Lambahópurinn undan Kletti 10-248 sækir yfirburði nokkuð jafnt í báða aðalþætti rannsóknarinnar en í sláturniðurstöðunum er fituflokkun honum hagstæð í samanburði. Klettur er sonur Ljúfs 09-248 sem toppaði rannsóknina hér á síðasta ári, en móðurfaðirinn 07-243 var undan Kveiki 05-965. Freyr 10-242 er með heldur meira af yfirburðum sinna lamba í kjötmatinu og vegur fitumatið þar mest. Freyr er sonur Freyðis 07-810 og er nokkuð skyldleikaræktaður þar sem Raftur 05-966 er móðurfaðir hans. Að lokum skal vikið af lambahópnum undan Klaka 10-244 en allir yfirburðir hans koma frá kjötmatinu og stendur hann efstur í þeim samanburði enda lömbin vel gerð og fitulítill. Klaki er sonur At 06-806 en dóttursonur Polla 05-249 sem að framan er nefndur.

## Stóra-Gröf ytri

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Þorri	05-379	Týr	02-929	113,3	100,6	<b>107,0</b>	15,4	8,9	6,6	27,5	3,1	17,2
Uggi	07-377			114,8	126,9	<b>120,9</b>	17,2	9,7	7,3	28,3	2,8	17,1
Golfat	07-378	Gráni	03-957	89,4	95,8	<b>92,6</b>	16,8	9,3	7,7	27,9	3,2	17,1
Róni	07-379	Raftur	05-966	110,3	101,9	<b>106,1</b>	16,8	9,4	7,2	27,6	3,0	17,1
Krákur	07-381	Mímir	04-951	102,1	92,3	<b>97,2</b>	16,7	9,4	7,4	27,3	2,9	17,1
Hamar	07-383	Kátur	05-378	90,3	80,7	<b>85,5</b>	16,3	8,7	7,2	27,0	3,1	17,0
Sprelli	08-380	Þorri	05-379	105,9	69,2	<b>87,6</b>	16,0	9,1	7,0	26,6	3,0	17,0
Illugi	09-378	Krákur	07-381	106,8	154,0	<b>130,4</b>	16,3	9,7	7,4	30,5	2,9	17,4
	10-380			104,7	114,6	<b>109,7</b>	16,9	9,7	7,5	28,1	2,7	17,2
Fálki	10-381	Fannar	07-808	91,2	88,5	<b>89,9</b>	16,3	9,4	7,8	27,0	2,9	17,1
Njáll	10-383			88,0	109,7	<b>98,9</b>	16,7	9,3	7,8	28,0	3,1	17,2

Í heildareinkunn hér stendur langefstur lambahópurinn undan Illuga 09-378 en yfirburðirnir hjá hópnum eru nær allir sóttir í ótrúlega mikla yfirburði í bakvöðvamælingunum en lömbin eru um leið prýðisvel gerð. Illugi er undan Kráki 07-381 sem stóð efstur í rannsókninni hér á síðasta ári en Frosti 02-913 er móðurfaðir Illuga. Uggi 07-377 mætir til leiks með lambahóp sem að öllu leyti er að sína mjög góða yfirburði.

### Stóru-Akrar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Skari	09-652	Raftur	05-966	159,1	166,1	<b>162,6</b>	15,8	10,3	5,6	28,9	2,3	17,4
Kubbur	09-656	Þróttur	04-991	80,0	67,5	<b>73,8</b>	14,9	8,4	6,2	25,9	2,9	17,1
Smyrill	09-658	Naggur	07-658	79,1	72,5	<b>75,8</b>	14,5	7,7	5,7	25,8	2,8	16,9
Leppur	09-659	Risi	07-657	75,7	77,3	<b>76,5</b>	14,8	8,0	6,0	25,9	2,3	17,0
Magni	10-651	Massi	09-654	103,8	109,3	<b>106,6</b>	16,4	9,9	6,9	27,1	2,3	17,2
Legó	10-656	Kubbur	09-656	100,0	86,3	<b>93,2</b>	14,8	8,6	5,8	26,1	2,4	17,0
Kóni	10-657	Fálki	06-834	112,2	81,9	<b>97,1</b>	14,8	8,1	5,0	25,8	2,5	16,9
Örn	10-658	Fálki	06-834	101,5	105,2	<b>103,4</b>	15,0	9,0	6,1	27,5	2,9	17,0

Hér er mættur til leiks einn mest afgerandi lambahópurinn í öllum rannsóknum á landinu haustið 2011. Þetta er lambahópurinn undan Skara 09-652 sem strax haustið 2010 sýndi einstaka yfirburði en bætir nú um enn betur. Lömbin undan honum eru frábærlega vel vöðvafyllt með sáralitla fitu. Skari er sonur Rafts 05-966 en móðurfaðir hans Segull 03-613 var um árabíl toppur hér á búinu en hann var undan Leka 00-880. Búið var að velja Skara sem kandidat fyrir sæðingastöðvarnar vorið 2011 þegar þessi mikla úrvalskind því miður drapst.

### Syðra-Skörðugil

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bruni	07-432	Kaldi	05-460	109,0	102,5	<b>105,8</b>	16,0	9,8	6,4	28,1	3,2	17,6
Næðingur	08-436	Kaldalóns	06-074	99,6	89,5	<b>94,6</b>	16,9	9,8	6,8	26,9	2,6	17,5
Sprettur	08-440	Hvellur	05-969	113,7	105,6	<b>109,7</b>	16,5	9,8	6,2	28,0	2,6	17,4
Logi	09-069	Kveikur	05-965	93,4	114,5	<b>104,0</b>	16,8	9,7	6,8	28,5	2,7	17,4
Staður	09-071	Krókur	05-803	99,7	78,0	<b>88,9</b>	16,8	9,8	6,7	26,9	2,9	17,2
Bakki	09-072	Krókur	05-803	100,2	85,7	<b>93,0</b>	16,5	10,7	7,6	27,8	3,4	17,7
Snær	09-073	Fannar	07-808	75,0	80,8	<b>77,9</b>	16,2	9,7	7,4	26,6	2,5	17,2
Holti	09-074	Vorm	03-988	106,3	97,3	<b>101,8</b>	16,7	10,1	6,8	27,8	2,9	17,4
Sótraftur	09-075	Raftur	05-966	96,0	107,2	<b>101,6</b>	17,1	10,0	7,0	28,4	2,9	17,7
Tálkni	10-458	Uggi	07-434	107,6	112,6	<b>110,1</b>	16,1	10,0	6,6	28,1	2,5	17,4
Búkur	10-459	Bolur	08-438	91,2	59,4	<b>75,3</b>	16,4	10,1	7,4	26,2	3,8	17,4
Garri	10-460	Stormur	07-465	81,7	93,8	<b>87,8</b>	16,7	9,2	6,9	27,3	2,3	17,3

Trekkur	10-461	Næðingur	08-436	107,0	151,3	<b>129,2</b>	16,7	9,8	6,4	30,8	3,1	17,5
Teigur	10-462	Hólmi	08-839	84,3	78,1	<b>81,2</b>	16,0	9,2	6,8	26,6	2,7	17,2
Listi	10-463	Borði	08-838	101,8	126,2	<b>114,0</b>	17,0	10,2	7,0	29,6	3,1	17,7
Fjalar	10-464	Borði	08-838	127,5	104,8	<b>116,2</b>	16,8	10,8	6,5	28,3	3,2	17,7

Hér á þessu landsþekkt ræktunarbúi eru þær ánægjulega niðurstöður að toppinn í rannsókninni fylla hópar undan yngstu hrútunum, en á síðasta ári var einmitt bent á að þá voru engar nýjar sprengjur meðal yngstu hrútanna. Í heildareinkunn er það hópurinn undan Trekki 10-461 sem skipar efsta sætið en yfirburðirnir hjá honum eru að langstærstum hluta sóttir til bakvöðvamælinganna þó að lömbin búi einnig yfir úrvals kjötgæðum. Trekkur er undan Næðingi 08-436 en móðurfaðir hans Fróði 03-458 var sonur Lóða 00-871. Fjalar 10-464 stendur langefstur með sinn lambahóp í kjötmatsþætti rannsóknarinnar en kjötmatsniðurstöðurnar eru afbragðsgóðar bæði um gerð lambanna og fitumatið. Þessi hrútur er sonur Borða 08-838 og dóttursonur Gólíats 07-435 sem var undan Grána 03-957. Annar sonur Borða, Listi 10-463, fylgir þétt að baki bróður sínum í heildareinkunn, lömbin mjög bakþykk og vel gerð en fitumatssamanburður heldur óhagstæður. Móðurfaðir Lista er Snerill 00-459 sonur Húns 92-809 sem þarna var notaður í allnokkur ár. Lambahópurinn undan Tálkna 10-458 er að öllu leyti mjög vel gerður en þungasamanburðir aðeins í óhag. Tálkni er sonur Ugga 07-434 en dóttursonur Loka 02-432 sem var sonur Snerils 00-459 sem áður er nefndur.

## Syðri-Hofdalir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmát	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Jóli	07-526	Ísar	06-526	109,8	77,5	<b>93,7</b>	14,4	8,3	5,6	26,1	3,0	16,9
Júlli	07-529	Álfur	03-960	106,3	111,4	<b>108,9</b>	14,8	8,7	6,1	27,4	2,3	17,0
Jolli	07-533	Bjartur	03-020	99,1	88,8	<b>94,0</b>	15,8	8,9	6,5	26,5	2,5	17,2
Kveikur	08-528	Hvellur	05-969	94,1	58,8	<b>76,5</b>	14,6	8,3	6,1	25,5	3,1	17,0
Kuldi	08-530	Spindill	07-344	99,1	103,4	<b>101,3</b>	15,8	9,1	6,7	27,1	2,7	17,4
*Lobbi	09-527	Jolli	07-533	79,9	86,0	<b>83,0</b>	15,5	8,4	6,7	26,5	2,9	17,1
Lúlli	09-528	Júlli	07-529	118,0	145,7	<b>131,9</b>	14,9	9,3	6,3	28,5	2,3	17,3
Lási	09-530	Ingi	05-526	106,9	94,7	<b>100,8</b>	14,3	8,8	6,2	27,1	2,9	17,1
Lonni	09-532	Jonni	07-527	78,1	78,2	<b>78,2</b>	14,6	8,8	7,1	26,9	3,2	17,0
Lalli	09-533	Gráni	08-688	76,5	78,2	<b>77,4</b>	14,8	8,5	7,2	26,0	2,9	17,1
Leppur	09-534	Gráni	08-688	121,9	125,3	<b>123,6</b>	14,7	9,9	6,8	27,8	2,4	17,4
Lubbi	09-535	Mjóður	07-811	99,9	119,5	<b>109,7</b>	15,0	9,0	6,6	28,1	2,6	17,4
Massi	10-527	Grábotni	06-833	101,0	83,9	<b>92,5</b>	15,8	9,8	7,3	26,6	2,8	17,2
Meiri	10-532	Hamar	09-106	104,6	108,6	<b>106,6</b>	15,6	9,5	6,8	28,3	3,3	17,4

Hér er það lambahópurinn undan Lúlla 09-528 sem efstur stendur í heildarsamanburðinum, en talsvert meira af yfirburðunum koma í líflambasamanburinum en kjötmatinu sem samt er mjög hagfelld. Lúlli er undan Júlla 07-529 en móðurfaðir hans Holti 02-528 kom frá Holti í Þistilfirði undan Gletti 01-012. Leppur 09-534 á þann lambahópinn sem langbest stendur í kjötmatsþætti, sláturlömbin vel geð og fitulítill og lifandi lömbin með besta stigun fyrir lærahold. Leppur kemur frá Sandfellshaga 2 í Öxarfirði undan Grána 08-688 og móðurfaðir hans er Dreitill 00-891.

## Tunga

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmát	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Logi	07-114	Kveikur	05-965	103,0	126,5	<b>114,8</b>	16,2	9,8	6,8	28,4	2,6	17,3
Max	08-107	Djásni	06-001	79,7	105,0	<b>92,4</b>	15,7	8,8	6,9	27,8	2,7	17,3
Póker	08-108	Bjálki	06-995	109,2	130,7	<b>120,0</b>	16,5	10,0	6,8	28,7	2,9	17,6
Móri	09-106	Smyrill	04-800	110,0	69,4	<b>89,7</b>	16,3	9,1	6,1	26,3	2,9	16,9
Bikar	09-107	Mjóður	07-811	93,6	56,3	<b>75,0</b>	15,8	9,5	6,8	26,3	2,9	17,4

Vassi	09-109	Vasi	07-106	106,7	121,6	<b>114,2</b>	15,7	9,3	6,2	29,3	3,1	17,6
Atgeir	09-113	At	06-806	66,5	87,3	<b>76,9</b>	15,9	8,7	7,0	27,4	3,5	17,4
Kvistur	10-109	Borði	08-838	97,1	154,8	<b>126,0</b>	17,6	10,8	7,8	31,1	3,4	17,7
Hvítur	10-111	Grábotni	06-833	98,5	71,5	<b>85,0</b>	15,1	8,9	6,2	26,3	3,1	17,1
Grámi	10-112	Grábotni	06-833	98,6	107,8	<b>103,2</b>	15,1	8,3	5,8	27,8	2,7	17,1

Hér kemur fram skýr munur á milli afkvæmahópanna. Efstur í heildareinkunn er hópur undan Kvisti 10-109. Afkvæmi hans bera mikið af um vænleika og yfirburðir í bakvöðvamælingum eru feikilegir, sláturlömbin bera af með afbrigðum fyrir gerð en fitusamanburðurinn er honum mjög í óhag. Þessi snillingur er undan Borða 08-838 og aðeins skyldleikaræktaður þar sem Kveikur 05-965 er móðurfaðir hans. Póker 08-108 sem toppaði rannsókn hér á síðasta ári mætir nú með mjög sterkan hóp, lömbin mjög vel vöðvuð og gerð. Póker er undan Bjálka 06-995 og dóttursonur Abels 00-890. Logi 07-114 átti góðan hóp haustið 2010 og kemur enn betur út úr samanburðinum núna en stærri hluti yfirburðanna koma frá bakvöðvamælingum sem tæpast kemur að óvart með son Kveiks 05-965 og dótturson Úða 01-912. Vassi 09-109 er með lambahóp sem kemur vel í öllum samanburði.

## Veðramót

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Flækingur	05-122	Kuldi	03-924	120,3	139,0	<b>129,7</b>	15,5	9,2	6,2	27,5	2,6	17,1
Reynir	07-125	Stormur	04-456	110,8	112,0	<b>111,4</b>	15,5	9,0	6,3	26,4	2,8	17,1
Immi												
ananas	09-121	Pongó	06-125	101,0	66,7	<b>83,9</b>	14,6	8,3	6,1	24,1	3,3	16,8
Breki	09-122	Pongó	06-125	83,7	67,4	<b>75,6</b>	15,0	8,6	7,0	25,4	4,1	16,9
Gassi	09-123	Gotti	05-804	112,6	149,7	<b>131,2</b>	14,7	9,5	6,5	27,6	2,3	17,3
Demantur	09-124	Rúbín	08-004	75,0	86,1	<b>80,6</b>	15,1	8,7	7,2	25,8	3,5	17,1
Mikki	10-121	Grábotni	06-833	102,2	118,0	<b>110,1</b>	14,6	8,5	6,2	27,1	3,4	17,3
Plús	10-123	Gróði	07-123	117,7	138,0	<b>127,9</b>	14,6	9,1	6,1	28,0	3,1	17,4
Golfat	10-126	Gráni	06-104	78,4	38,4	<b>58,4</b>	15,0	7,5	6,4	24,3	3,3	16,8

Rannsóknin hér skiptir hrútunum nánast í tvo aðskilda hópa út frá niðurstöðum fyrir lambahópna. Gassi 09-123 kemur með hæsta heildareinkunn. Lömbin undan honum bera af um gerð og yfirburðir í ómsjarmælingahlutanum er með ólíkindum miklir. Gassi kemur frá Sandfellshaga 2 undan Gotta 05-804 en móðurfaðir hans er Gaur 04-532 á Snartarstöðum. Flækingur 05-122 á lambahóp þar sem vöðvabykkt kemur ákaflega vel í samanburði en lömbin eru til viðbótar fitulítil. Flækingur er líklega einn fárra sona Kulda 03-924 sem enn eru í notkun. Plús 10-123 stendur vel undir nafni en lömbin undan honum eru lærasterk og vöðvabykkt. Plús er undan Gróða 07-123 sem sýndi góða hluti í rannsókninni hér 2010 en móðurfaðir Plúss er Raftur 05-966. Reynir 07-125 er þarna með lambahóp sem er að sækja sína yfirburði nánast alveg jafnt til beggja meginþátta rannsóknarinnar. Reynir er fenginn frá Hafnardal haustið sem fjárbúskap lauk þar undan Stormi 04-456 og dóttursonur Hlyns 03-536. Lambahópurinn undan Mikka 10-121 sækir sína yfirburði að langmestu leyti til bakvöðvamælinga en Mikki er undan Grábotna 06-833 og dóttursonur Kulda 03-924.

## Prasastaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Amlí	07-090	Bramlí	04-952	119,6	143,1	<b>131,4</b>	17,4	9,7	6,3	29,1	2,5	17,5
Frakkur	09-088	Frakksso	03-974	90,7	93,0	<b>91,9</b>	17,2	9,4	7,0	26,7	3,2	17,3
Kappi	09-089	Garpur	04-815	109,9	104,5	<b>107,2</b>	16,9	9,6	6,5	26,7	2,4	17,4
Blackout	09-090	Kveikur	05-965	139,4	132,4	<b>135,9</b>	17,2	9,5	5,7	27,7	1,9	17,4
Megatron	09-091	Kjói	04-816	91,4	81,4	<b>86,4</b>	17,9	9,1	6,8	25,8	2,1	17,0
Töfri	09-093	Undri	05-818	106,5	78,4	<b>92,5</b>	17,4	9,1	6,3	25,8	2,5	17,0

Starskrim	09-094	Kveikur	05-965	102,2	103,7	<b>103,0</b>	17,0	9,2	6,5	27,1	2,5	17,2
Svanur	10-086	Bogi	04-814	86,5	61,6	<b>74,1</b>	17,2	8,7	6,6	24,5	2,3	17,0
Sunni	10-087	Bogi	04-814	93,0	121,3	<b>107,2</b>	16,3	8,3	6,1	27,8	2,6	17,1
Holur	10-089	Hólmi	08-839	62,9	59,3	<b>61,1</b>	16,2	7,4	6,4	24,9	3,0	17,0
Porri	10-091	Bogi	04-814	98,4	99,9	<b>99,2</b>	16,0	8,9	6,3	27,0	2,8	17,3
Þeli	10-094	Borði	08-838	99,7	99,7	<b>99,7</b>	16,0	9,3	6,6	27,0	2,8	17,5
Lúkas	10-095	Baddi	09-081	79,3	112,0	<b>95,7</b>	18,2	9,4	7,4	28,3	2,8	17,5
Baldur	10-193	Akli	07-090	89,8	108,1	<b>99,0</b>	16,0	8,1	6,1	27,6	2,4	17,2

Hér er fátt nýrra tíðinda frá síðasta ári í niðurstöðum rannsóknarinnar nú en eins og þá eru yfirburðir toppanna sem eru þeir sömu og þá feikilega miklir. Blackout 09-090 er einstaklega mikil fituleysiskind en afkvæmi hans auk þess vöðvaþykki og mjög vel gerð. Þessi svartí snillingur er undan Kveiki 05-965 og dóttursonur Spaks 00-909. Akli er að skila feikilega þykkum vöðvum og góðri gerð en keppir ekki í fituleysinu við Blackout. Akli er sonur Bramla 04-952 en móðurfaðir hans er Hylur 01-883. Báðum þessum miklu köppum er það sameiginlegt að fram í ættir á móðurhliðina eru þeir út af fjárskiptaám frá Smáhömrum.



## Eyjafjarðarsýsla

### Hrafnstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Þristur	10-577	Melur	05-584	93,0	131,0	<b>112,0</b>	18,0	8,8	7,1	28,9	1,8	16,7
Gráni	09-600	Broddi	07-015	129,0	92,0	<b>110,0</b>	16,5	9,1	5,9	26,5	1,8	17,0
Dalur	07-593	Geisli	06-773	94,0	119,0	<b>107,0</b>	16,8	7,9	6,2	27,9	1,6	16,9
Moli	09-598	Gullmoli	05-552	98,0	111,0	<b>105,0</b>	18,6	9,7	7,7	28,1	2,4	17,1
Guðjón	10-582	Klaufi	08-152	89,0	114,0	<b>102,0</b>	18,4	8,9	7,4	28,2	2,7	17,2
Fjörður	10-580	Ullur	08-114	95,0	107,0	<b>101,0</b>	18,0	9,3	7,4	28,0	2,8	17,1
Hnífill	09-599	Broddi	07-015	116,0	83,0	<b>99,0</b>	16,3	9,2	6,3	26,7	2,6	16,7
Bakki	10-576	Gustur	05-587	86,0	95,0	<b>91,0</b>	16,9	8,3	6,7	26,9	2,0	16,9
Giljagaur	10-578	Broddi	08-597	73,0	104,0	<b>88,0</b>	17,1	8,4	7,3	27,7	2,6	17,1
Broddi	08-597	Svanur	05-556	81,0	91,0	<b>86,0</b>	17,8	8,4	7,2	27,3	2,5	16,8
Bjartur	10-579	Gustur	05-587	88,0	68,0	<b>78,0</b>	17,4	8,3	6,8	26,3	2,6	17,0

Samræmi á milli aðalþátta rannsóknarinnar mætti gjarnan vera betra. Þristur 10-577 stendur hæstur með heildareinkunn en yfirburðina er hann alla að sækja í bakvöðvamælingar lambanna. Faðir Þrists var Melur 05-584 en móðurfaðir Sómi 05-586 sem einnig var frá Melum í Árneshreppi undan Ljóma 02-971. Gráni 09-600 á í rannsókninni lambahóp sem skarar mjög framúr hinum hópunum í kjötmatshlutanum. Þessi hrútur kemur frá Broddanesi 1 undan Brodda 07-015 og dóttursonur Gullmola 05-552.

### Halldórsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Pompeus	04-313	Abel	00-890	139,0	134,0	<b>136,0</b>	13,6	7,3	4,1	29,9	2,4	17,2
Smellur	10-005	Hvellur	05-969	112,0	148,0	<b>130,0</b>	16,7	7,7	6,1	29,2	2,7	17,4
Gaur	05-255	Lækur	97-843	112,0	131,0	<b>121,0</b>	15,2	8,5	6,2	29,4	2,6	17,6
	09-269	Græðir	05-256	103,0	116,0	<b>110,0</b>	16,6	8,5	6,9	28,3	2,6	17,2
Heydalur	07-264		05-180	101,0	115,0	<b>108,0</b>	19,1	8,0	7,4	28,0	2,8	17,3
Plútó	10-003	Hyrnir	03-958	116,0	88,0	<b>102,0</b>	16,1	8,1	6,1	27,0	2,8	16,8
Móses	09-001	Prófill	06-319	107,0	87,0	<b>97,0</b>	16,8	8,4	6,8	27,1	3,3	17,2
	06-093	Klasi	05-316	101,0	89,0	<b>95,0</b>	14,2	7,7	5,7	27,3	3,7	17,1
Muggur	06-321	Gyllir	02-308	93,0	95,0	<b>94,0</b>	14,0	7,3	5,6	27,7	3,4	17,2
	07-077	Garpur	04-815	95,0	86,0	<b>91,0</b>	15,1	7,2	5,8	27,1	3,6	17,2
Spotti	10-006	Blossi	08-051	82,0	97,0	<b>89,0</b>	15,9	6,9	6,3	27,7	3,4	17,3
Blossi	08-051	Ljómi	06-124	90,0	83,0	<b>87,0</b>	15,7	8,0	6,7	26,9	3,6	17,3
Fjarki	09-004		06-073	89,0	81,0	<b>85,0</b>	13,9	6,7	5,3	26,8	3,3	16,9
Otur	10-001	Raftur	05-966	96,0	73,0	<b>85,0</b>	16,1	7,8	6,5	26,6	3,2	17,0
Keisari	10-010	Pompeus	04-313	101,0	55,0	<b>78,0</b>	14,1	7,0	5,2	25,4	3,3	16,7

Hér er allstór rannsókn og nokkuð gott samræmi á milli aðalþáttanna tveggja með niðurstöður. Pompeus 04-313 hefur áður sýnt hér góða hluti í rannsókn. Lömbin undan honum koma mjög vel í samanburði bæði um vöðvabyggt og litla fitu. Á það er samt rétt að benda að þungasamanburður lambanna er mjög óhagstæður og þess vegna hluti af yfirburðunum reiknaðar leiðréttingar. Hrútur þessi er frá Vatnsenda undan Abel 00-890 og Áll 00-868 er móðurfaðir hans. Næstur að heildareinkunn kemur lambahópurinn undan Smelli 10-005 en mest af yfirburðum hans koma frá bakvöðvamælingum en lömbin hafa einnig þykkar lærvöðva. Smellur er sonur Hvells 05-969 og móðurfaðir hans er 04-055. Gaur 05-255 er með lambahóp sem er ríkur af kostum og fær því góða útkomu. Lömbin undan honum toppa með lærahold. Gaur er frá Torfufelli undan Læki 97-843 og dóttursonur Bjarts 93-800.

## Suður-Pingeyjarsýsla

### Vatnsleysa

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Vöðvi	10-666	Kúði	08-652	121,0	147,0	<b>134,0</b>	16,4	9,6	5,8	32,1	2,4	17,6
Fengur	09-655	Púki	06-807	132,0	128,0	<b>130,0</b>	17,2	9,3	5,2	30,2	1,9	17,5
Nafni	09-736	Ylur	06-152	87,0	151,0	<b>119,0</b>	17,6	9,0	6,7	31,9	2,5	17,5
Aron	10-664	Garpur	09-661	108,0	108,0	<b>108,0</b>	16,6	9,0	5,9	30,0	2,5	17,3
Klettur	10-665	Boði	08-653	100,0	108,0	<b>104,0</b>	16,5	8,8	6,0	29,8	1,9	17,1
Silfri	07-643	Álfur	03-960	102,0	63,0	<b>83,0</b>	17,4	9,3	6,4	27,5	2,6	17,1
Puntur	10-667	Kúði	08-652	80,0	84,0	<b>82,0</b>	16,3	8,1	6,1	29,0	2,3	17,1
Moli	10-663	Silfri	07-643	90,0	69,0	<b>79,0</b>	16,5	8,9	6,4	28,2	2,4	17,4
Dökkvi	10-668	Kveikur	05-965	88,0	35,0	<b>62,0</b>	16,5	8,1	5,9	26,8	1,9	16,8

Efstur í þessari rannsókn stendur lambahópur undan Vöðva 10-666 en lömbin undan honum koma mjög vel í samanburði lifandi lamba og sláturlömbin auk þess mjög vel gerð. Þessi hrútur er úr sterkri ræktun á búinu um marga ættliði en faðir hans Kúði 08-652 hafði sýnt mjög mikla yfirburði í afkvæmarannsóknnum en móðurfaðir Vöðva er Arður 04-620. Lambahópurinn undan Fengi 09-655 stendur öllum ofar í kjötmatssamanburði og fituleysi lambanna telur þar öðru meira en lömbin eru einnig vöðvaþykk. Fengur er sonur Púka 06-807 og dóttursonur Botna 05-632. Þá skal nefna hópinn undan Nafna 09-736 en yfirburðir hjá honum koma allir og gott betur í skoðun lifandi lamba en vöðvafylling þeirra er mjög góð en hins vegar skemmir fitusamanburður mikið fyrir honum í kjötmatshluta rannsóknarinnar. Þessi hrútur er fæddur á Bjarnasöðum í Öxarfirði undan Yli 06-152 en móðurfaðir hans er Lóði 00-871.

### Fjósatunga

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Logi	08-446	Kveikur	05-965	114,0	142,0	<b>128,0</b>	15,0	8,4	5,1	30,0	2,1	17,3
Hrekkur	10-415	Hriflon	07-837	106,0	149,0	<b>127,0</b>	14,0	8,1	5,0	31,7	2,5	17,3
Snöggur	10-425	Sóði	09-515	113,0	105,0	<b>109,0</b>	14,8	8,9	5,3	29,2	2,2	17,1
Rafall	10-423	Raftur	05-966	107,0	100,0	<b>104,0</b>	14,3	8,1	5,0	28,9	2,5	17,3
Snarti	09-445	Dökkvi	07-809	100,0	107,0	<b>103,0</b>	15,3	8,7	5,7	29,3	2,7	17,2
Þrjótur	09-448	Raftur	05-966	102,0	101,0	<b>101,0</b>	14,8	8,4	5,4	29,3	2,9	17,1
Goði	10-422	Grábotni	06-833	107,0	73,0	<b>90,0</b>	14,6	8,5	5,3	28,2	3,1	17,0
Draflí	09-735	Blossi	07-823	92,0	53,0	<b>72,0</b>	14,6	8,1	5,5	27,6	3,6	17,2
Teinn	09-443	Þrjónn	07-812	73,0	57,0	<b>65,0</b>	14,0	7,9	5,9	27,2	3,0	17,0

Tveir hópar bera talsvert af í þessari rannsókn og það sem þeim er sammerkt er að feður beggja hópanna eru fæddir á Hlíðarenda í Bárðardal. Logi 08-446 er þarna með vöðvaþykk og fitulítill lömb en þessi hrútur var haustið 2009 í hópi allra hæstu hrúta yfir allt landið í afkvæmarannsóknunum þá. Logi er einn hinna fjölmörgu toppa undan Kveiki 05-965 og móðurfaðir hans Köggull 01-457. Lömbin undan Hrekkki 10-415 eru enn vöðvaþykkri en undan Loga en þungasamanburður er þeim óhagstæður. Hrekkur er sonur Hriflonar 07-837 og dóttursonur Dropa 03-753.

### Hrifla

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Ás	09-058	Hriflon	07-837	129,0	142,0	<b>136,0</b>	15,6	9,5	5,1	30,0	1,9	17,8
Kláfur	10-068	Grábotni	06-833	114,0	118,0	<b>116,0</b>	16,0	9,0	5,3	29,1	1,8	17,3
Viður	10-063	Drumbur	08-055	108,0	124,0	<b>116,0</b>	16,6	9,8	6,1	29,7	2,0	17,5
Refur	10-067	Raftur	05-966	107,0	118,0	<b>112,0</b>	15,9	8,9	5,4	29,3	2,0	17,4

Lúsi	09-062	Púki	06-807	103,0	109,0	<b>106,0</b>	15,5	9,0	5,5	29,0	2,1	17,6
Dúkur	10-069	Borði	08-838	97,0	98,0	<b>98,0</b>	16,3	8,9	5,8	28,9	2,5	17,3
Galli	10-064	Þór	09-057	91,0	102,0	<b>97,0</b>	17,0	8,7	6,0	28,7	2,2	17,4
Kóngur	10-065	Ás	09-058	106,0	79,0	<b>93,0</b>	15,9	9,6	5,9	28,1	2,5	17,4
Mörður	10-066	Raftur	05-966	106,0	69,0	<b>87,0</b>	16,0	9,7	6,0	27,7	2,6	17,2
Kalli	10-071	Vöðvi	08-620	73,0	85,0	<b>79,0</b>	18,0	9,7	7,5	28,4	2,8	17,6
Sorró	10-070	Vöðvi	06-820	87,0	70,0	<b>79,0</b>	17,4	8,8	6,3	26,9	2,1	17,4
Fjarki	09-149	Bjartur	07-141	56,0	85,0	<b>70,0</b>	16,6	8,6	7,0	28,1	2,0	17,2

Haustið 2010 sannað Ás 09-058 sig sem kjöttgæðakind og með rannsókninni núna styrkir hann stöðu sína enn sem slíkur. Lömbin undan honum eru vöðvabykk, með afbragðs lærahold og til viðbótar er þetta fituleysishrútur. Ás er undan Hrifloni 07-837 en móðurfaðir hans Prúður 01-132 var sonur Prúðs 94-834. Þá eru lambahópar undan nokkrum af veturgömlu hrútunum athyglisverðir. Kláfur 10-068 sækir yfirburði jafnt til beggja þátta rannsóknarinnar en þetta er einnig eindregin fituleysiskind. Kláfur er sonur Grábotna 06-833 en dóttursonur Vönduls 03-051 og þannig af sama ættarmeidi og Ás vegna þess að Vöndull er sonur Prúðs 01-132. Lömbin undan Viði 10-063 eru mjög stælt og hann kemur með best gerðarmat allra lambahópanna. Viður er undan Drumbi 08-055 en móðurfaðir hans Hiti 04-065. Lambahópurinn undan Refi 10-067 kemur mjög vel út í samanburðinum en þetta er enn einn fituleysishrúturinn. Refur er sonur Rafts 05-966 en dóttursonur Sperðils 06-075.

## Haldórsstaðir II

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gráni	10-217	Grábotni	06-833	115,0	141,0	<b>128,0</b>	15,4	8,9	5,6	31,8	3,0	17,9
Borði	10-218	Borði	08-838	118,0	119,0	<b>119,0</b>	15,0	8,8	5,6	30,7	3,0	17,2
Þráður	08-205	Þráður	06-996	98,0	133,0	<b>116,0</b>	16,3	8,7	6,6	31,2	3,1	17,6
Þokki	10-216	Grábotni	06-833	111,0	92,0	<b>101,0</b>	15,6	9,5	6,5	29,0	2,8	17,5
Gjafar	08-207	Kunningi	06-103	93,0	106,0	<b>99,0</b>	16,4	8,5	6,7	29,9	3,1	17,4
Ruddi	07-247	Raftur	05-966	93,0	83,0	<b>88,0</b>	16,4	9,4	7,3	28,9	3,3	17,4
Prjónn	10-220	Prjónn	07-812	75,0	71,0	<b>73,0</b>	15,4	7,9	6,6	28,0	2,9	17,1
Lundi	09-211	Lundi	03-945	93,0	45,0	<b>69,0</b>	16,2	8,0	6,3	27,0	3,4	17,1

Í þessari rannsókn kemur lambahópurinn undan Grána 10-217 á toppinn en lömbin undan honum hafa mjög þykkar bakvöðva og sérlega góð lærahold og eru um leið fitulítil. Gráni er sonur Grábotna 06-833 en móðurfaðir hans er Bjálki 06-995. Borði 10-218 á lambahópinum sem bestur kemur í kjötmatssamanburði en þungasamanburður er honum í óhag þannig að hluti yfirburðanna eru reiknaðar leiðréttingar. Þráður 08-205 var á toppi í rannsókn haustið 2010 og mætir nú með hóp þroskamikilla og vel gerðra lamba en yfirburðir koma samt allir frá bakvöðvamælingunum. Þráður á samnefndan föður 06-996 en móðurfaðir er Endi 03-228 sem var undan Hyli 01-883.

## Svartárkot

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Meitill	09-568	Seitill	03-163	118,0	137,0	<b>128,0</b>	15,8	9,8	5,8	29,9	2,6	17,3
Grettir	10-550	Grábotni	06-833	118,0	90,0	<b>104,0</b>	15,4	9,7	5,6	27,5	2,5	17,1
Hrotti	10-553	Hriflon	07-837	101,0	100,0	<b>100,0</b>	15,4	9,0	5,7	28,1	2,8	17,0
Gutti	10-551	Grábotni	06-833	97,0	100,0	<b>98,0</b>	15,3	9,6	6,2	27,9	2,4	17,0
Prins	09-567	Hreinn	07-566	104,0	89,0	<b>97,0</b>	15,6	9,7	6,1	27,3	2,4	17,0
Haki	10-552	Hriflon	07-837	83,0	104,0	<b>94,0</b>	15,6	8,5	6,0	28,2	2,7	17,1
Bjarmi	09-563	Mjóður	07-811	95,0	92,0	<b>94,0</b>	13,9	9,1	5,6	27,5	2,6	17,2
Hreinn	07-566	Vitur	05-562	86,0	90,0	<b>88,0</b>	14,7	8,8	5,9	27,1	2,1	17,1

Hér er einn afkvæmahópurinn sem ber mjög af hinum en það eru lömbin undan Meitli 09-568 en lömbin undan honum standa vel í þungasamanburði og eru mjög vel vöðvafyllt en hafa um leið litla fitu. Faðir hans er Seitill 03-163 á Ingjaldsstöðum sem þar gerði garðinn frægan en móðurfaðir Meitils er Vitur 05-562 sem átti Spak 00-909 að föður.

### Ingjaldsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Dreitill	10-165	Eitill	09-159	101,0	157,0	<b>129,0</b>	16,8	10,4	6,9	33,6	3,1	17,8
Snær	07-186	Hvellur	05-969	107,0	142,0	<b>125,0</b>	16,7	9,7	6,2	33,0	2,8	17,5
Fálki	09-155	Lundi	03-945	119,0	130,0	<b>125,0</b>	16,3	10,3	6,1	32,5	2,6	17,8
Fleygur	08-189	Raftur	05-966	98,0	92,0	<b>95,0</b>	16,0	9,0	5,9	31,0	3,0	17,4
Hleri	10-163	Hriflon	07-837	91,0	94,0	<b>93,0</b>	16,9	10,0	7,0	31,0	3,1	17,4
Planki	10-162	Hriflon	07-837	100,0	64,0	<b>82,0</b>	16,9	9,7	6,5	30,5	3,8	17,3
Sporður	10-161	Hólmi	08-839	87,0	75,0	<b>81,0</b>	17,6	10,0	7,3	30,5	3,2	17,5
Lopi	10-164	Eitill	09-159	88,0	50,0	<b>69,0</b>	16,9	10,0	7,1	28,8	3,5	17,5

Afkvæmahóparnir hér skipa feðrum sínum í tvo mjög vel aðgreinda hópa. Hæsta heildareinkunn fær hópurinn undan Dreitli 10-165 en yfirburðir hans í bakvöðvamælingunum eru með fádæmum og lömbin mjög vel gerð með afbragðs lærahold. Dreitill er sonur Eitils 09-159 sem átti mjög góðan hóp í rannsókn hér haustið 2010. Móðurfaðir Dreitils er Seitill 03-163 sem var mjög öflugur sonur Leka 00-880, sem hér var notaður um árabíl. Snær 07-186 er einnig með mjög sterkan hóp þar sem þykkur bakvöðvi og hagstæður fitusamanburður telja mest. Snær er sonur Hvels 05-969 og hann er einnig dóttursonur Seitils. Snær er nú kominn inn fyrir dyr sæðingastöðvanna þar sem hann hefur númer 07-867. Fálki 09-255 stóð á toppinum hér haustið 2010 og staðfestir sig enn betur sem afburða kjöttgæðakind. Hann kemur að þessu sinni efstur í kjötmatssamanburði hópanna í rannsókninni. Fálki er sonur Lunda 03-945 en móðurfaðir hans er Byllur 06-178.

### Ystihvammur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Atson	10-156	At	06-806	117,0	140,0	<b>128,0</b>	16,5	10,6	6,3	31,0	2,7	18,1
Klútur	10-160	Frosti	843	121,0	134,0	<b>128,0</b>	15,9	10,6	6,0	30,7	2,5	18,0
Garpur	09-150	Púki	06-807	131,0	95,0	<b>113,0</b>	15,7	10,5	5,8	28,9	2,7	17,9
Ljómi	10-157	Fannar	07-808	102,0	116,0	<b>109,0</b>	15,9	9,7	6,1	29,8	2,6	17,8
Áli	10-158	Stáli	06-831	119,0	98,0	<b>109,0</b>	16,9	11,0	6,5	29,0	2,8	18,0
	10-159	Spakur	09-154	92,0	111,0	<b>101,0</b>	15,3	9,6	6,3	29,6	2,6	17,8
Hreinn	08-148	Bjálki	06-995	95,0	91,0	<b>93,0</b>	15,4	9,2	5,9	28,6	2,6	17,7
Flæðir	08-145	Kveikur	05-965	69,0	91,0	<b>80,0</b>	16,1	9,4	6,9	28,9	2,8	17,7
Ári	10-155	Spakur	09-154	75,0	82,0	<b>79,0</b>	16,0	9,2	6,7	28,5	2,9	17,7
Spakur	09-154	Gullrass	07-143	84,0	62,0	<b>73,0</b>	15,8	9,5	6,5	28,2	3,7	17,8

Tölurnar sýna að eins og svo oft áður er mikið af afburðagóðum lömbum sem fylgja hópnum hér. Klútur 10-160 er með lambahóp sem sækir mikla yfirburði í báða meginþætti rannsóknarinnar enda lömbin fádæma fönguleg og vel gerð. Þessi hrútur kemur frá Bjarnastöðum í Óxarfirði undan Frosta 07-843 og móðurfaðir er Bruni 06-154. Atson 10-156 sækir talsvert meira af yfirburðunum hjá sínum lömbum í góðar ómsjarmælingar þeirra en þau hafa feikilega mikil lærahold og eru mjög vel gerð. Eins og nafn gefur til kynna er hann sonur At 06-806 en móðurfaðir hans er Prúður 03-325. Garpur 09-150 sem toppaði rannsókn búsins á síðasta ári mætir með öflugan lambahóp mjög keimlíkan og þá, yfirburðirnir eru allri sóttir í kjötmatið og þá öðru fremur í hagstæðan fitusamanburð. Garpur er sonur Púka 06-807 og dóttursonur Hnykils 04-405.

## Litlu-Reykir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Suddi	09-262	Kveikur	05-965	115,0	145,0	<b>130,0</b>	16,7	10,7	6,7	30,6	2,3	18,1
Hnjúkur	09-261	Tindur	06-104	101,0	132,0	<b>116,0</b>	16,9	11,7	7,8	31,0	2,5	18,0
Bátur	06-237	Tappi	05-231	117,0	101,0	<b>109,0</b>	16,3	11,8	7,2	29,4	2,7	18,1
Klaki	09-260	Daði	07-119	85,0	122,0	<b>103,0</b>	16,2	9,5	6,6	30,2	2,6	17,9
Staðall	08-256	Kostur	06-105	112,0	94,0	<b>103,0</b>	16,5	10,9	6,8	29,0	2,6	18,0
Böggull	10-273	Raftur	05-966	117,0	79,0	<b>98,0</b>	16,1	10,8	6,4	28,0	2,4	18,1
Balti	08-254	Bátur	06-237	83,0	95,0	<b>89,0</b>	16,2	10,5	7,4	28,9	2,2	17,7
Smyrill	10-268	Fálki	06-834	87,0	45,0	<b>66,0</b>	16,4	9,7	6,8	27,5	2,8	17,7
Nasi	10-269	Sokki	07-835	84,0	43,0	<b>63,0</b>	15,5	9,7	6,7	26,4	2,7	17,4

Eins og ljóslega má lesa af töflunni er mikið af lömbum í afkvæmahópunum hér með frábær kjötgæði eins og verið hefur undanfarin ár. Eins og á síðasta ári er Suddi 09-262 þarna langefstur en hann var einnig á toppinum haustið 2010. Lömbin núna eru með feikilega þykka vöðva á baki og í lærum og fitumatið einnig mjög hagstætt. Hér fer einn af toppunum undan Kveiki 05-965 en móðurfaðir hans Stúfur 05-232 var hrútur undan Mangó 03-948. Hnjúkur 09-261 sem einnig var toppur á síðasta ári er einnig nú með frábæran lambahóp, vöðvaþykkt er mikil og gerð frábær en fitumat lambanna undan honum er óhagstætt í samanburði afkvæmahópanna. Hrútur þessi kemur frá Hafrafellstungu og er faðir hans Tindur 06-104 en móðurfaðir hans er Úði 01-912.

## Skarðaborg

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Prúður	08-107	Kostur	06-105	106,0	130,0	<b>118,0</b>	15,5	9,8	5,8	30,2	2,5	17,7
Þráður	09-115	Þrjónn	07-812	120,0	111,0	<b>116,0</b>	15,7	10,0	5,6	29,3	2,6	17,8
Toppur	09-103	Púki	06-807	103,0	126,0	<b>114,0</b>	15,6	9,8	5,9	29,6	2,1	17,9
Lon	10-103	Hriflon	07-837	127,0	85,0	<b>106,0</b>	15,8	11,1	6,1	27,7	1,9	17,4
Kristall	09-113	Kostur	06-105	108,0	99,0	<b>104,0</b>	15,3	9,8	5,7	28,7	2,4	17,6
Klaki	09-104	Kaldi	03-989	81,0	123,0	<b>102,0</b>	15,3	10,1	6,7	30,1	2,8	17,8
Krókur	09-106	Krókur	05-803	81,0	84,0	<b>82,0</b>	15,5	9,6	6,4	28,2	2,6	17,6
Draumur	10-104	Múri	09-112	71,0	91,0	<b>81,0</b>	15,7	9,9	6,9	28,8	3,2	17,9
Barki	07-118	Þéttir	04-109	90,0	50,0	<b>70,0</b>	15,1	10,1	6,4	26,4	2,7	17,4

Í heildareinkunn stendur hér efstur lamabahópurinn undan Prúði 08-107 en hér fer greinilega rakin kjötgæðakind sem er að skila þykkum vöðvum og lítilli fitu. Prúður er heimaalinn undan Kosti 06-105 en móðurfaðirinn Lóði 03-173 var sonur Lóða 00-871. Þráður 09-115 er þarna með sláturlömb sem eru að skila enn betra kjötmati en lömbin undan Prúði en Þráður er sonur Þrjóns 07-812 og móðurfaðir hans Þéttir 04-109 frá Reistarnesi. Toppur 09-103 er með mjög góðan lambahóp en sækir mest yfirburðanna í ómsjarmælingar og lambahópurinn undan honum stendur efstur með lærastigun. Toppur er sonur Púka 06-807 og dóttursonur Þéttis 04-109 sem að framan er nefndur. Frábært kjötmat sláturlambanna undan Lon 10-103 vekur athygli en hann er sonur Hriflonar 07-837, hins vegar er bakvöðvamæling lambanna honum mjög óhagstæð sem hann gæti sótt til móðurafa síns Lása 02-944.

## Árholt

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Franki	10-003	Dalur	08-002	117,0	138,0	<b>127,0</b>	14,7	9,1	5,6	31,6	2,8	17,6
Pyttur	09-002	Kveikur	05-965	110,0	116,0	<b>113,0</b>	14,6	8,7	5,6	30,2	2,5	17,4

Toppur	09-007	Prjónn	07-812	115,0	107,0	<b>111,0</b>	14,3	9,0	5,6	29,8	2,5	17,3
Skolli	10-004	Blær	09-006	97,0	120,0	<b>108,0</b>	13,9	8,2	5,5	30,9	2,8	17,1
Blær	09-006	Fannar	07-808	104,0	101,0	<b>103,0</b>	14,2	8,6	5,6	29,4	2,3	17,3
Prjónn	10-001	Prjónn	07-812	87,0	107,0	<b>97,0</b>	14,9	9,3	6,8	30,1	3,3	17,6
Kútur	09-003	Gotti	05-804	95,0	75,0	<b>85,0</b>	14,5	8,4	5,8	28,4	2,7	17,4
Kúði	09-005	Garður	05-802	95,0	65,0	<b>80,0</b>	14,3	8,0	5,5	27,8	2,7	17,3
Neisti	09-001	Kveikur	05-965	75,0	76,0	<b>75,0</b>	14,7	7,9	6,1	28,4	2,5	17,2

Lambahópurinn undan Franka 10-003 stendur hér nokkuð efstur, sláturlömbin hafa mjög hagfellt kjötmat og bakvöðvamælingarnar eru mjög góðar. Franki er undan Dali 08-002 sem sýndi góða niðurstöðu í rannsókn haustið 2010 en móðurfaðir Franka er Kveikur 05-965. Pyttur 09-002 er með hóp sem sækir yfirburði sína mjög jafnt eins og hann gerði einnig haustið 2010 en þetta er sonur Kveiks 05-965 og dóttursonur Gára 05-004. Toppur 09-007 á sláturlömb sem koma mjög vel í þeim samanburði og eru vöðvapykk. Toppur er sonur Prjóns 07-812 og dóttursonur Lunda 03-945.

## Norður-Pingeyjarsýsla

### Lón

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Bragi	10-102	Borði	08-838	150,0	127,0	<b>139,0</b>	15,7	10,4	5,5	30,0	2,2	17,5
Rip	08-082	Raftur	05-966	124,0	133,0	<b>128,0</b>	16,3	9,7	5,9	30,2	2,4	17,5
Geisli	09-097	Gotti	05-804	96,0	104,0	<b>100,0</b>	15,5	8,6	5,8	29,7	2,8	17,4
Rakki	10-105	Rip	08-082	91,0	102,0	<b>96,0</b>	16,1	8,2	5,8	29,0	1,8	17,3
Logi	09-093	Lundi	03-945	80,0	106,0	<b>93,0</b>	15,2	8,2	5,9	29,7	2,7	17,4
Höttur	10-107	Kóngur	05-101	89,0	89,0	<b>89,0</b>	14,6	8,0	5,5	29,1	3,1	17,5
Ljóri	09-094	Lundi	03-945	89,0	81,0	<b>85,0</b>	15,3	8,9	6,2	28,5	2,7	17,5
Rjómi	09-099	Rap	08-083	88,0	66,0	<b>77,0</b>	15,5	8,3	5,8	27,7	2,7	17,3
Riddari	10-104	Reyr	07-074	74,0	64,0	<b>69,0</b>	16,3	9,3	7,1	27,3	2,3	17,2

Í þessari rannsókn eru tveir lambahópar sem bera mjög af hinum. Sláturlömbin undan Braga 10-102 sýnir fáséða yfirburði í kjötmati bæði um gerð og litla fitu, lömbin eru um leið ákaflega vel vöðvafyllt. Bragi er undan Borða 08-838 og móðurfaðir hans Bifur 06-994. Rip 08-082 var á toppinum í rannsókninni hér haustið 2010 og mætir nú með hóp sem kemur enn betur í samanburði enda kjöttgæði lambanna augljós. Rip er sonur Rafts 05-966 en dóttursonur Snúðs 00-911.

### Hóll Kelduhverfi

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
	07-521		05-532	116,0	164,0	<b>140,0</b>	15,7	9,3	6,3	29,4	2,4	17,4
Freyr	09-535	Kveikur	05-965	98,0	167,0	<b>133,0</b>	15,8	8,6	6,4	30,0	2,6	17,4
Koddi	08-541		05-538	117,0	115,0	<b>116,0</b>	15,6	10,1	6,8	27,7	2,9	17,4
	08-540	Krókur	04-540	107,0	114,0	<b>111,0</b>	15,5	8,5	6,0	27,4	2,4	17,4
Hnykill	09-533	Koddi	08-541	111,0	108,0	<b>109,0</b>	14,9	9,3	6,3	27,2	2,7	17,6
Fróði	09-531			108,0	99,0	<b>104,0</b>	14,5	8,4	5,7	26,9	2,6	17,3
Goði	10-509	Fálki	06-834	95,0	105,0	<b>100,0</b>	14,4	8,1	5,9	27,2	2,6	17,3
Börkur	10-504			105,0	84,0	<b>94,0</b>	14,1	8,6	5,8	26,6	3,5	17,4
	08-542	Prúður	05-536	93,0	94,0	<b>93,0</b>	15,1	9,0	6,7	27,1	3,1	17,1
Breki	09-530			81,0	93,0	<b>87,0</b>	15,8	8,3	6,7	26,5	2,6	17,6
	08-543		05-538	87,0	75,0	<b>81,0</b>	15,1	8,2	6,3	26,2	2,8	17,2
Gulur	08-544	Krókur	04-540	89,0	68,0	<b>78,0</b>	15,2	8,3	6,3	25,8	2,6	17,3
Klettur	10-500	Sokki	07-835	106,0	47,0	<b>76,0</b>	15,8	8,8	6,3	25,1	3,0	17,1

Hér er allstór rannsókn en talsvert ósamræmi hjá sumum afkvæmahópunum á milli aðalþáttanna tveggja í rannsókninni. Í heildareinkunn standa efst lömbin undan hrúti, 07-521, þau eru með mjög góðan samanburð í kjötmatinu og yfirburðir gríðarlegir í ómsjarmælingunum. Þessi hrútur er sonarsonur Frosta 02-913. Freyr 09-535 sýndi mikla yfirburði í rannsókninni haustið 2010 og gerir það aftur nú en að þessu sinni sækir hann alla yfirburði í bakvöðvamælingar og þeir yfirburðir eru feikilega miklir. Þessi hrútur er frá Litlu-Reykjum sonur Kveiks 05-965 og er hann albróðir Sudda 09-262 sem þar hefur sýnt mikla yfirburði í afkvæmarannsóknunum síðustu tvö árin. Koddi 08-541 á hóp með mjög jafna yfirburði og lömbin undan honum sína besta matið um gerð í kjötmati. Lambahópurinn undan hrúti, 08-540, er einnig mjög jafn að öllum kostum en hrútur þessi er skyldleikaræktaður afkomandi Spaks 00-909 þar sem hann er bæði föður- og móðurfaðir.

## Bjarnastaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Drumbur	10-156	Bliki	09-153	101,0	155,0	<b>128,0</b>	15,9	11,4	6,7	32,3	2,5	18,3
Bliki	09-153	Korni	07-153	96,0	126,0	<b>111,0</b>	15,4	10,9	6,4	31,5	2,8	18,3
Snar	08-157	Frosti	07-843	113,0	108,0	<b>110,0</b>	15,7	11,1	6,1	30,4	2,2	18,2
Birkir	10-151	Frosti	07-843	130,0	86,0	<b>108,0</b>	15,9	11,4	5,8	29,6	2,5	18,0
Reynir	10-150	Frosti	07-843	114,0	98,0	<b>106,0</b>	16,2	11,8	6,6	30,5	2,9	18,2
Askur	10-152	Frosti	07-843	96,0	115,0	<b>105,0</b>	15,3	10,8	6,3	31,3	2,8	18,3
Bakur	10-745	Kveikur	05-965	93,0	116,0	<b>105,0</b>	16,5	11,0	6,9	31,5	2,7	18,0
Dóri	09-076	Jökull	07-844	97,0	108,0	<b>102,0</b>	16,5	10,7	6,5	30,7	2,6	18,0
Leó	05-730	Kubbur	04-152	86,0	100,0	<b>93,0</b>	16,0	11,5	7,2	30,6	3,0	18,3
Lói	09-151	Jökull	07-151	104,0	76,0	<b>90,0</b>	15,4	11,4	6,5	29,9	3,0	18,1
Beri	10-157	Byr	08-283	97,0	60,0	<b>79,0</b>	14,6	10,1	5,6	28,8	3,0	18,1
Eiki	10-155	Loki	09-607	91,0	64,0	<b>77,0</b>	15,8	10,7	6,5	28,9	2,9	17,9
Karri	09-152	Krókur	05-803	65,0	84,0	<b>75,0</b>	15,2	9,6	6,4	29,8	3,0	17,8

Í rannsókninni hér gat að líta lambahópa sem eru um margt einstakir með vöðvafyllingu. Drumbur 10-156 er efstur í heildareinkunn og eru yfirburðir hans allir komnir úr skoðun lifandi lamba, bakvöðvaykkfrábær og einnig lærahold en fitumat er aðeins óhagstætt í þessum samanburði. Drumbur er undan Blika 09-153 sem stóð honum næstur í rannsókninni núna en móðurfaðir er Ljúfur 05-968 og móðurmóðurfaðir Mölur 05-812. Drumbur er svartur að lit. Næstur með heildareinkunn er Bliki 09-153 og eins og hjá synir hans eru yfirburðirnir allir fengnir frá ómsjarmælingahlutanum. Hér eru lærahold frábær. Bliki er sonur Korna 07-153 sem var undan Kveiki 05-965 en móðurfaðir hans er Bylur 04-430 á Presthólum. Snar 08-157 er með lambahóp sem sækir yfirburði sína jafn í báða meginþætti rannsóknarinnar en hann er sonur Frosta 07-843 en Lóði 00-871 er móðurfaðir hans. Birkir 10-151 á lambahóp sem sýnir feikilega mikla yfirburði í kjötmatshluta rannsóknarinnar. Gerð lambanna er frábær og þau eru mjög fitulítill. Birkir er einnig sonur Frosta 07-843 og dóttursonur Jökuls 07-844.

## Hafrafellstunga

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Blær	08-100	Andvari	06-100	145,0	97,0	<b>121,0</b>	15,3	12,2	6,7	30,4	2,6	18,0
Vörður	10-233	Fannar	07-808	97,0	119,0	<b>108,0</b>	15,9	11,3	7,5	31,6	2,9	17,8
Kistill	10-235	Kambur	08-107	98,0	118,0	<b>108,0</b>	16,0	11,0	7,3	31,6	2,4	17,8
Línus Gauti	09-102	Kveikur	05-965	121,0	90,0	<b>106,0</b>	15,2	11,5	6,6	30,0	2,5	17,8
Djákni	10-234	Lalli	08-105	89,0	121,0	<b>105,0</b>	15,2	9,9	6,6	31,8	3,1	18,1
Fylliraftur	10-231	Raftur	05-966	105,0	103,0	<b>104,0</b>	16,7	10,9	7,3	30,6	2,5	17,8
Vindur	10-236	Garri	09-100	96,0	109,0	<b>103,0</b>	15,3	11,0	7,1	31,1	2,9	17,9
Kambur	08-107	Bifur	06-994	89,0	104,0	<b>97,0</b>	16,4	11,0	7,7	30,9	3,0	18,0
Garri	09-100	Andvari	06-100	99,0	92,0	<b>96,0</b>	14,7	10,7	6,6	30,4	3,1	17,9
Oddi	08-104	Tindur	06-104	93,0	96,0	<b>94,0</b>	15,2	10,8	7,0	30,3	2,4	17,7
Næðingur	09-101	Andvari	06-100	68,0	113,0	<b>91,0</b>	15,2	9,8	7,1	31,4	2,9	17,9
Hamar	09-106	Kveikur	05-965	90,0	86,0	<b>88,0</b>	15,8	10,5	7,1	30,2	2,7	17,6
Hrani	08-102	Gráni	03-957	94,0	78,0	<b>86,0</b>	15,4	10,4	6,8	29,7	2,7	17,7
Aftur	07-223	Raftur	05-966	84,0	66,0	<b>75,0</b>	17,1	9,8	7,5	28,8	3,2	17,9

Eins og verið hefur undanfarin ár eru mörg lömbin í hópnum hér frábær að kjötgæðum. Blær 08-100 á líkt og haustið 2010 lambahópinum með hæsta heildareinkunn og það sem er sérstakt er að alla yfirburðina sækir hann til kjötmatshluta en kjötmat lambanna undan honum er eins og áður einstakt, sérstaklega matið fyrir gerð, en eins og áður er þungasamanburður honum heldur í óhag. Þessi einstaki hrútur er sonur Andvara 06-100 en móðurfaðir hans Bobbi 04-105 var sonur Meistara 03-115 á Ærlæk.



Línus Gauti 09-102 er þarna einnig með frábært kjötmat hjá sínum afkvæmum. Línus er fenginn frá Snartarstöðum undan Kveiki 05-965 og dóttursonur Sóða 03-524.

## Ærlækur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Trítill	10-743	Dali	07-478	117,0	122,0	<b>119,0</b>	15,4	10,9	6,5	30,9	2,8	17,9
Bramli	10-742	Bramli	04-952	105,0	131,0	<b>118,0</b>	15,0	9,4	5,7	30,9	2,3	17,9
Bakur	10-745	Kveikur	05-965	106,0	128,0	<b>117,0</b>	14,9	9,9	6,0	30,4	2,4	17,7
Neisti	10-744	Hansen	09-118	96,0	113,0	<b>105,0</b>	15,4	9,5	6,2	30,1	2,4	17,8
Glæsir	05-283	Gári	02-904	86,0	110,0	<b>98,0</b>	15,5	9,2	6,3	29,8	2,5	17,8
Panni	09-114	Lundi	03-945	116,0	78,0	<b>97,0</b>	16,8	11,3	7,1	28,6	2,7	17,7
Spotti	05-751	Safi	03-204	101,0	88,0	<b>95,0</b>	14,8	9,9	6,1	29,2	2,9	17,7
Draumur	09-115	Lundi	03-945	102,0	83,0	<b>92,0</b>	15,2	9,3	5,8	28,6	2,6	17,7
Dali	07-119	Spotti	05-751	79,0	91,0	<b>85,0</b>	15,2	9,4	6,5	29,3	2,8	17,4
Spolli	09-116	Spotti	05-751	98,0	70,0	<b>84,0</b>	15,4	10,5	6,8	29,0	3,3	17,7

Hér eru þrír efstu lambahóparnir sem standa mjög jafnir með heildareinkunn og það sem jákvætt er að allir koma þeir úr hópi yngstu hrútanna. Lömbin undan Trítli 10-743 eru mjög vel gerð og vöðvabykk en Trítill er sonur Dala 07-478 og dóttursonur Lóða 00-871. Bramli 10-743 á lömb sem eru prýðisvel vöðvafyllt með litla fitu en faðir Bramla er samnefndur hrútur númer 04-952 og móðurfaðir hans Meistari 03-115 sem gerði garðinn frægan hér fyrir nokkrum árum. Bakur 10-745 á lambahóp sem sækir yfirburði talsvert meira í bakvöðvamælingar en þungasamanburður er honum ögn í óhag. Bakur er sonur Kveiks 05-965 og dóttursonur Ljúfs 05-968 og móðurmóðurfaðir hans er Meistari 03-115 sem áður er nefndur.

## Leifsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Hvítur	10-786	Snati	07-174	114,0	120,0	<b>117,0</b>	15,7	10,7	7,0	29,8	3,3	17,6
Klassi	10-784	Klás	08-690	99,0	130,0	<b>115,0</b>	15,0	9,1	6,2	30,8	3,0	17,5
Vaskur	07-175	Falur	06-401	105,0	123,0	<b>114,0</b>	15,0	9,5	6,3	29,7	3,0	17,6
Kóngsi	10-787	Kóngur	04-829	121,0	105,0	<b>113,0</b>	14,8	10,2	6,2	29,3	3,0	17,5
Klás	08-690	Valur	06-151	102,0	110,0	<b>106,0</b>	16,0	10,1	7,1	29,5	3,3	17,5
Fanni	10-785	Fannar	07-808	98,0	100,0	<b>99,0</b>	15,4	9,3	6,5	28,9	2,9	17,4
Kristþór	10-781	Gaur	07-479	101,0	93,0	<b>97,0</b>	15,5	9,1	6,3	28,3	2,5	17,3
Kraftur	08-784	Þróttur	04-991	104,0	88,0	<b>96,0</b>	14,5	9,7	6,3	28,4	3,0	17,5
Snati	07-174	Mjaldur	06-544	92,0	86,0	<b>89,0</b>	16,4	9,8	7,3	28,6	3,2	17,4
Bolli	09-171	Lundi	03-945	75,0	98,0	<b>87,0</b>	15,7	9,4	7,3	29,2	3,5	17,5
Rumur	10-782	Grábotni	06-833	97,0	61,0	<b>79,0</b>	15,2	9,5	6,6	26,7	2,4	17,3

Efstur lambahópanna hér eru lömbin undan Hvíti 10-786 en þau bera af um gerð í kjötmatinu og eru vöðvabykk. Hvítur er sonur Snata 07-174 en móðurfaðir hans er Hylur 01-883 og að lokum er Sjóður 97-846 móðurmóðurfaðir. Klassi 10-784 kemur aftur á móti með alla sína yfirburði í skoðun og mati lifandi lambanna. Hann er undan Klás 08-690 og móðurfaðir hans Gómur 05-781 var sonur Lóms 02-923. Vaskur 07-175 hefur í rannsóknum á síðustu árum sýnt góða hluti og á nú lambahóp sem sýnir góða yfirburði en Vaskur kemur frá Presthólum undan Fal 06-401. Kóngsi 10-787 á lambahópin sem bestur kemur í kjötmatshluta rannsóknarinnar en þungasamanburðurinn er honum heldur í óhag. Kóngsi er sonur Kóngs 04-829 en móðurfaðir hans er Sjóður 97-846 og Túli 98-858 birtist þegar móðurhliðin er skoðuð áfram.

## Klifshagi 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Paddi	07-774	Lubbi	03-760	112,0	123,0	<b>117,0</b>	16,0	9,7	7,0	31,3	2,7	17,6

Svenni	05-753	Cat	04-992	109,0	113,0	<b>111,0</b>	16,4	10,2	7,5	30,7	2,9	17,7
Áki	10-764	Fálki	06-834	107,0	114,0	<b>111,0</b>	16,2	10,4	7,6	30,7	2,7	17,4
Gosi	10-762	Blær	08-100	101,0	133,0	<b>117,0</b>	16,2	9,8	7,4	31,0	2,5	18,0
Hómer	10-765	Kveikur	05-965	95,0	85,0	<b>90,0</b>	16,7	10,0	7,8	29,6	3,0	17,5
Kjáni	09-776	Geisli	07-256	93,0	79,0	<b>86,0</b>	16,0	10,0	7,7	29,1	3,1	17,5
Drilli	07-772	Goli	06-161	89,0	87,0	<b>88,0</b>	16,2	9,6	7,6	29,6	3,3	17,6
Þver	10-761	Byr	08-283	88,0	67,0	<b>77,0</b>	16,0	9,6	7,6	28,7	3,2	17,7

Hér skiptast hrútarnir í tvo flokka á grundvelli niðurstaðnanna í rannsókninni. Paddi 07-774 á lambahóp sem sækir yfirburði í báða þættina en samt talsvert meira í bakvöðvamælingar. Paddi er sonur Lubba 03-760 og móðurfaðir Bolli 02-270. Gosi 10-762 á lömb með frábær lærahold og þykka vöðva. Gosi kemur frá Hafrafellstungu undan Blæ 08-100 og móðurfaðir Ýmir 06-103 sem var sonur Mímis 04-951. Svenni 05-753 er fullorðinn hrútur sem þarna er með prýðisgóðan og jafnan lambahóp en þessi hrútur er frá Sveinungsvík undan Cat 04-992 en Prúður 94-834 er móðurfaðir hans. Áki 10-754 er með lambahóp sem einnig sækir yfirburði nokkuð jafnt í alla þætti. Áki er sonur Fálka 06-834 en móðurfaðir hans er Lómur 02-923.

## Sandfellshagi 1

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Knapi	07-155	Raftur	05-966	126,0	112,0	<b>119,0</b>	17,0	11,2	7,0	30,8	2,3	17,7
Ljúfur	10-218	Birtir	07-217	103,0	123,0	<b>113,0</b>	16,4	11,1	7,5	31,3	2,7	17,7
Hergill	08-322	Vinkill	04-022	107,0	118,0	<b>112,0</b>	16,1	11,1	7,3	31,0	2,7	17,8
Klóni	09-716	Goli	06-161	104,0	120,0	<b>112,0</b>	15,8	10,8	7,1	31,3	3,0	17,9
Guffi	08-257	Þráður	06-996	108,0	115,0	<b>111,0</b>	16,2	10,2	6,7	30,8	2,5	17,6
Gassi	10-211	Hriflon	07-837	82,0	121,0	<b>101,0</b>	16,2	9,4	6,9	31,2	2,6	17,5
Multi	08-206	Bjálki	06-995	90,0	97,0	<b>94,0</b>	16,1	9,8	6,9	30,5	2,6	17,6
Birtir	07-217	Fróði	04-963	96,0	86,0	<b>91,0</b>	14,7	10,3	6,7	29,8	2,8	17,6
Dali	07-478	Spotti	05-751	101,0	79,0	<b>90,0</b>	16,0	10,3	6,9	29,7	2,7	17,7
Randi	10-213	Birtir	07-217	96,0	66,0	<b>81,0</b>	15,8	10,6	7,2	29,7	3,4	17,7
Byr	08-283	At	06-806	102,0	59,0	<b>81,0</b>	15,1	10,3	6,6	28,7	2,8	17,6
Grímur	10-216	Rumur	09-718	94,0	61,0	<b>78,0</b>	15,7	9,8	6,7	28,0	2,4	17,3
Aggi	09-720	At	06-806	83,0	66,0	<b>75,0</b>	15,8	10,1	7,3	29,6	3,4	17,7

Stóra afkvæmarannsóknin vegna sæðingastöðvanna haustið 2011 í Norður-Þingeyjarsýslu var unnin á báðum búunum í Sandfellshaga. Hrútarnir þrír sem valdir voru fyrir stöðvarnar; Knapi 07-155, Hagalandi, Guffi 08-257, Garði og Hergill 08-322, Laxárdal áttu þarna allir mjög öfluga lambahópa eins og taflan sýnir. Lömbin undan Knapa sýndu afburðagott kjötmat og voru vöðvastælt, lömbin undan Guffa sækja yfirburði sína nokkuð jafnt og Hergill er að gefa vöðvabykk og vel gerð lömb. Til viðbótar voru aðrir þrír hrútar þarna í rannsókninni en þeir náðu sér ekki á strik í þessum samanburði en það voru Dali 07-478 á Ærlæk, Multi 08-206 í Sveinungsvík og Byr 08-283 á Þverá. Tveir heimahrútar áttu þarna hópa sem ástæða er til að vekja athygli á Ljúfur 10-218 átti mjög vel gerð lömb en yfirburðirnir hjá honum komu mestir frá bakvöðvamælingum lambanna. Ljúfur er sonur Birtis 07-217 en móðurfaðir hans Mjaldur 06-544. Lambahópurinn undan Klóna 09-716 var einnig prýðisvel gerður en mest af yfirburðunum hans voru fengnir frá ómsjarmælingunum. Klóni er sonur Gola 06-161.

## Sandfellshagi 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Guffi	08-257	Þráður	06-996	107,0	158,0	<b>132,0</b>	16,2	10,0	6,6	31,9	2,5	17,7
Hergill	08-322	Vinkill	04-022	115,0	147,0	<b>131,0</b>	16,4	10,9	7,0	31,7	2,6	17,8
Knapi	07-155	Raftur	05-966	137,0	110,0	<b>124,0</b>	16,8	10,5	6,1	30,3	2,0	17,6

Kappi	10-689	Rapp	08-683	98,0	135,0	<b>117,0</b>	15,5	10,5	7,1	31,5	2,4	18,0
Flotti	10-687	Grábotni	06-833	119,0	108,0	<b>114,0</b>	15,9	10,6	6,3	30,4	2,3	17,9
Multi	08-206	Bjálki	06-995	100,0	103,0	<b>101,0</b>	16,6	10,0	6,9	30,5	2,7	17,6
Byr	08-283	At	06-806	113,0	88,0	<b>101,0</b>	15,8	10,1	6,4	30,0	2,8	17,7
Dali	07-478	Spotti	05-751	85,0	95,0	<b>90,0</b>	16,0	9,5	6,9	30,3	2,8	17,6
Kraftur	10-683	Magni	08-682	89,0	88,0	<b>88,0</b>	16,1	9,8	7,0	30,0	2,9	17,7
Sómi	10-688	Blossi	07-823	101,0	65,0	<b>83,0</b>	15,6	10,8	7,2	28,2	2,7	17,5
Sólon	09-167	Spakur	03-976	79,0	71,0	<b>75,0</b>	15,8	9,2	7,0	28,9	2,7	17,8
Plútó	08-686	Spakur	03-976	80,0	65,0	<b>72,0</b>	16,1	9,4	7,1	28,2	2,9	17,6
Kóngur	05-101	Laxi	04-107	88,0	52,0	<b>70,0</b>	15,1	8,9	6,4	28,1	3,3	17,4
Birtir	07-217	Fróði	04-963	79,0	59,0	<b>69,0</b>	15,5	9,8	7,4	28,8	3,5	17,6

Stóra afkvæmarannsóknin vegna sæðingastöðvanna í Norður-Pingeyjarsýslu haustið 2011 var gerð með sameiginlegri notkun prófunarhrútanna á báðum búunum í Sandfellshaga. Talsvert meiri munur á milli afkvæmahópanna kom fram hér en í Sandfellshaga 1 en samræmi á niðurstöðum fyrir aðkomuhrútana var feikilega gott og niðurstöður þannig mjög eindregnar. Lambahóparnir undan hrútum þrem sem valdir voru fyrir stöðvarnar skipuðu þeim í efstu sætin. Knapi 07-155, Hagalandi er að gefa þroskamikil lömb, sem eru mjög vel gerð og hann er mestur fituleysishrútur af þessum þremur. Guffi 08-257, Garði er að skila mjög góðum kjöttgæðum og vöðvabykkt hjá afkvæmum hans er mikil. Hergill 08-322, Laxárdal er að skila mjög góðri gerð og sérstaklega læraholdum til afkvæma sinna en hann er líklega ekki jafn sterkur og hinir tveir kapparnir með að minnka fitu hjá afkvæmum sínum. Eins og á hinu búinu þá náðu engir af hinum þremur aðkomahrútunum sem þarna voru að sýna yfirburði en það voru Dali 07-478 á Ærlæk, Multi 08-206 í Sveinungsvík og Byr 08-283 á Þverá. Tveir af veturgömlu heimahrútunum áttu þarna afkvæmahópa sem rétt er að vekja athygli á. Lömbin undan Kappa 10-689 eru með frábær lærahold og yfirburði sína sækir hann alla í mat og mælingar á lifandi lömbunum. Kappi er sonur Rapp 08-683 en móðurfaðir hans er At 06-806. Flotti 10-687 sækir hins vegar meira af yfirburðum afkvæma sinna í kjöttmatið sem er feikilega hagstætt. Flotti er sonur Grábotna 06-833 en móðurfaðir hans er Goli 06-161. Flotti er svartbotnóttur að lit.

## Presthólar

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Toppur	08-421	Bifur	06-994	117,0	151,0	<b>134,0</b>	14,9	10,2	5,9	29,3	1,9	17,4
Kopar	07-406	Monsari	05-441	117,0	115,0	<b>116,0</b>	14,6	10,5	6,0	28,1	2,1	17,4
Dani	10-435	Dúx	09-203	107,0	92,0	<b>99,0</b>	13,6	9,9	5,6	27,0	2,1	17,3
Svíi	10-434	Multi	08-206	95,0	95,0	<b>95,0</b>	13,9	9,1	5,5	27,2	2,0	17,3
Letti	10-432	Toppur	08-421	100,0	89,0	<b>95,0</b>	14,2	9,5	5,7	27,1	2,2	17,3
Falur	06-401	Bobbi	04-962	104,0	85,0	<b>94,0</b>	14,0	9,6	5,6	26,9	2,3	17,3
Glói	09-428	Kopar	07-406	91,0	92,0	<b>91,0</b>	13,7	9,0	5,5	26,9	1,9	17,4
Hjálmur	09-425	Kveikur	05-965	89,0	92,0	<b>90,0</b>	14,3	9,3	5,9	27,1	2,0	17,3
Leistur	09-429	Smyrill	04-800	101,0	79,0	<b>90,0</b>	14,6	9,4	5,7	26,5	2,1	17,4
Tékki	10-433	Toppur	08-421	77,0	93,0	<b>85,0</b>	14,4	8,6	5,8	27,4	2,5	17,3
Rússi	10-436	Kveikur	05-965	88,0	76,0	<b>82,0</b>	13,6	8,9	5,5	25,9	1,7	17,1

Í rannsókninni hér að þessu sinni eru það tveir afkvæmahópar sem taka til sín nánast alla yfirburði sem mögulegir eru. Þetta eru þeir tveir sömu hrútar og skipuðu efstu sætin í rannsókn á búinu haustið 2010. Toppur 08-421 sækir yfirburði mikið í báða þætti rannsóknarinnar en samt mun meira í bakvöðvamælingarnar. Toppur er sonur Bifurs 06-994 og dóttursonur Lása 01-413. Hjá Kopar 07-406 koma yfirburðir lambanna nokkuð jafnt frá aðalþáttunum tveim og lömbin mjög vel gerð. Kopar er sonur Monsara 05-441 sem var undan Cat 04-992 en móðurfaðir Kopars er Frosti 02-913.

## Leirhöfn

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Gnýr	09-316	Smellur	07-307	117,0	125,0	<b>121,0</b>	15,2	10,0	6,4	26,9	2,4	17,6
Bósi	10-323	Gellir	07-306	105,0	135,0	<b>120,0</b>	14,2	9,0	5,7	27,4	2,2	17,5
Rosi	10-322	Gellir	07-306	109,0	104,0	<b>107,0</b>	15,6	9,3	6,2	26,1	2,4	17,3
Sandur	09-317	Kiddi	08-314	96,0	110,0	<b>103,0</b>	15,0	9,1	6,3	26,8	2,7	17,2
Reki	08-310	Raftur	05-966	90,0	106,0	<b>98,0</b>	15,5	8,5	6,2	26,2	2,3	17,5
Dill	08-311	Blettur	05-967	102,0	89,0	<b>95,0</b>	15,5	9,3	6,4	25,9	2,9	17,3
Fúli	08-313	Argur	06-301	84,0	101,0	<b>92,0</b>	16,7	9,0	7,1	25,9	2,3	17,4
Gussi	09-315	Ívar	08-691	110,0	54,0	<b>82,0</b>	14,5	9,6	6,0	23,6	2,5	16,9
Uggi	09-319	Lax	04-385	73,0	82,0	<b>77,0</b>	15,1	8,0	6,2	25,3	2,4	17,3

Hér eru tveir lambahópar sem hossa feðrum sínum ofar en aðrir. Gnýr 09-316 er með mjög ákveðna yfirburði í kjötmatshluta rannsóknarinnar og er um leið að skila þykkum vöðvum. Gnýr er sonur Smells 07-307 en móðurfaðir hans er Skari 03-525. Hjá lömbunum undan Bósa 10-323 er það aftur á móti þykkur bakvöðvinn sem telur mest og hefur hann vafalítið erfitt þann eiginleika frá föður sínum Gelli 07-306 sem var einstök kind að því leyti. Bósi er dóttursonur Snafs 03-378.

### Garður Þistilfirði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Fjarki	10-150	Búri	09-165	114,0	190,0	<b>152,0</b>	16,8	10,9	7,5	34,2	3,2	18,1
Guffi	08-257	Þráður	06-996	107,0	134,0	<b>120,0</b>	16,4	10,4	7,3	31,5	2,4	17,6
Rúbín	10-251	Borði	08-838	118,0	110,0	<b>114,0</b>	15,8	10,7	7,0	30,6	2,3	17,4
Rupp	10-250	Rapp	08-683	110,0	109,0	<b>109,0</b>	16,1	10,6	7,3	30,9	3,0	17,7
Ripp	09-252	Mjöður	07-811	97,0	102,0	<b>99,0</b>	15,8	10,1	7,3	30,3	2,5	17,4
Lampi	09-253	Kveikur	05-965	96,0	99,0	<b>98,0</b>	15,6	9,7	7,0	30,2	2,4	17,5
Aron	10-255	Hriflon	07-837	93,0	91,0	<b>92,0</b>	15,2	9,8	7,1	29,9	2,8	17,6
Kopar	10-257	Freri	07-251	96,0	76,0	<b>86,0</b>	15,3	9,6	6,9	29,2	3,3	17,6
Freri	07-251	Gaddur	04-950	100,0	67,0	<b>84,0</b>	15,9	10,8	7,7	28,8	2,7	17,3
Atli	09-254	Blettur	05-967	94,0	63,0	<b>78,0</b>	16,4	9,9	7,4	28,9	2,2	17,3
Hreinn	10-256	Gunni	09-103	77,0	63,0	<b>70,0</b>	16,3	9,3	7,5	28,6	2,6	17,5

Hér er eins og stundum áður athyglisverðar niðurstöður. Fjarki 10-150 er þarna með lambahóp sem sýnir einstakar niðurstöður í ómsjármælingahluta rannsóknarinnar, lömbin eru mjög þroskamikil en fitusamanburður er honum aðeins óhagstæður. Fjarki er kominn frá Sandfellshaga 2 undan Búra 09-165 frá Ytra-Lóni en móðurfaðir hans er Hnallur 05-166 sem til fjölda ára var aðalkynbótahrútur í Sandfellshaga 2. Guffi 08-257 á þarna lambahóp sem sýnir alla þá sömu sterku eiginleika sem hann sýndi í afkvæmarannsókninni á Sandfellshagabæjunum en úr henni fór hann á stöð og ber þar nú númerið 08-869. Rúbín 10-251 á lambahóp sem gefur mjög góðar kjötmatсниðurstöður en lömbin hafa einnig þykkar vöðva. Rúbín er sonur Borða 08-838 en móðurfaðir hans Kaldi 05-252 var sonur Kulda 03-924.

### Svalbarð

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Kjöti	10-105	Ýmir	09-105	110,0	148,0	<b>129,0</b>	15,6	10,0	7,0	31,3	2,7	17,8
Ýmir	09-105	Drellir	08-103	100,0	141,0	<b>121,0</b>	15,5	9,0	6,6	31,0	2,4	17,7
Gunni	09-103	Magni	08-682	112,0	127,0	<b>119,0</b>	15,9	10,0	7,1	30,4	3,0	17,7
Þykki	10-108	Ýmir	09-105	102,0	102,0	<b>102,0</b>	15,3	9,5	6,8	29,9	3,3	17,7
Hnjúkur	10-106	Fjalli	07-105	103,0	94,0	<b>98,0</b>	15,1	9,1	6,4	29,3	3,0	17,5
Gillz	10-107	Fjalli	07-105	86,0	102,0	<b>94,0</b>	15,3	8,7	6,8	29,5	2,8	17,6
Hrotti	09-104	Gotti	05-804	91,0	86,0	<b>89,0</b>	15,9	9,1	7,1	29,4	3,4	17,4
Fjalli	07-105	Kveikur	05-965	101,0	70,0	<b>85,0</b>	15,9	9,1	6,8	28,3	2,4	17,5

Siggi	09-102	Glitnir	07-153	94,0	63,0	<b>79,0</b>	15,1	9,4	6,9	28,0	2,7	17,5
Kjarval	09-107	Naggur	08-101	92,0	63,0	<b>78,0</b>	15,3	9,2	6,9	27,8	2,8	17,5

Efsti lambahópurinn í rannsókninni hér er undan Kjóta 10-105 en hann er að gefa mjög gott kjötmat og frábærar bakvöðvamælingar. Kjöti er undan Ými 09-105, sem fjallað er um hér á eftir en móðurfaðir hans er Bjartur 01-415 og þannig ekki útilokað að þessi hrútur geti erft Lóugenið. Ýmir 09-105 sækir yfirburði sína alla til bakvöðvamælinganna þar sem yfirburðir eru miklir. Ýmir er sonur Drellis 08-103 en móðurfaðirinn Glámur 04-106 var sonur Lóða 00-871. Gunni 09-103 sem stóð efstur í rannsókn 2010 mætir nú með mjög góðan lambahóp sem enn styrkir stöðu hans. Þessi hrútur er frá Sandfellshaga 2 undan Magna 08-682 en móðurfaðir hans Laxi 01-207 frá Sveinungsvík.

## Laxárdalur

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Flóki	10-320	Kveikur	05-965	111,0	154,0	<b>132,0</b>	15,3	9,8	6,5	32,2	2,3	17,4
Hergill	08-322	Vinkill	04-022	123,0	124,0	<b>124,0</b>	15,3	10,6	6,7	31,1	2,3	17,5
Þengill	09-323	Hergill	08-322	100,0	110,0	<b>105,0</b>	15,0	9,8	6,7	30,8	2,6	17,5
Lási	07-024	Lási	05-226	97,0	98,0	<b>97,0</b>	15,5	9,7	6,9	30,1	2,2	17,4
Glaumur	10-315	Gellir	07-306	87,0	102,0	<b>95,0</b>	15,4	9,1	6,8	30,6	2,6	17,4
Erpur	10-321	Kveikur	05-965	99,0	90,0	<b>94,0</b>	15,8	9,6	6,9	29,6	2,0	17,4
Öxull	10-323	Grábotni	06-833	106,0	77,0	<b>91,0</b>	14,7	9,8	6,4	29,4	2,5	17,3
Lykill	09-324	Lási	07-024	96,0	85,0	<b>90,0</b>	15,2	9,4	6,6	29,6	2,0	17,3
Asi	10-322	Dúx	09-203	88,0	86,0	<b>87,0</b>	15,3	9,6	7,0	30,2	2,7	17,1
Brúsi	09-320	Bruni	06-154	83,0	73,0	<b>78,0</b>	15,2	9,2	6,8	28,7	2,3	17,1

Í rannsókninni hér er lambahópur undan Flóka 10-320 sem sýnir feikilega mikla yfirburði. Mest af yfirburðunum eru samt í bakvöðvamælingu lambanna um leið og þau eru mjög vel gerð. Flóki er einn margra toppanna undan Kveiki 05-965 en móðurfaðir hans er Jafet 00-023 sem um langt árabil var einn aðal kynbótahrútur hér á búinu. Hergill 08-322 er hins vegar með lang mesta yfirburði í kjötmatshlutunum og er það allt vegna gríðarmikilla yfirburða í gerðarmatinu hjá lömbunum undan honum. Samtímis mælis þykkur bakvöðvi. Þetta eru niðurstöður mjög í samræmi við fyrri niðurstöður og niðurstöður um afkvæmi hans í stóru afkvæmarannsókninni en þaðan var hann valinn á stöð þar sem hann nú ber númer 08-870.

## Hvammur 2

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Viddi	10-226	Garri	09-100	118,0	117,0	<b>118,0</b>	16,0	10,1	7,0	29,9	2,8	17,5
	05-061	Áki	04-533	120,0	105,0	<b>113,0</b>	16,6	10,7	7,5	29,1	2,5	17,4
Lalli	08-105	At	06-806	93,0	130,0	<b>112,0</b>	16,5	10,2	7,9	30,5	3,5	17,8
Rapp	08-153	Bruni	06-154	104,0	111,0	<b>108,0</b>	16,4	10,7	7,9	29,7	3,2	17,7
Loki	09-228	Gústi	08-228	102,0	113,0	<b>107,0</b>	16,0	9,4	7,0	29,9	3,2	17,4
Bjartur	10-221	Hriflon	07-837	105,0	101,0	<b>103,0</b>	16,3	9,6	7,1	28,8	2,4	17,3
Stapi	08-221	Hylur	01-883	90,0	105,0	<b>97,0</b>	15,8	9,1	7,1	29,6	3,0	17,2
Massi	06-101	Baugur	05-105	94,0	63,0	<b>79,0</b>	16,0	10,0	7,6	28,4	3,7	17,3
Fengur	10-224	Kjarkur	05-228	80,0	57,0	<b>69,0</b>	15,8	9,3	7,5	27,6	3,0	17,3

Efstur í heildareinkunn í rannsókninni hér kemur lambahópurinn undan Vidda 10-226 og er hann að sækja yfirburði sína jafnt í báða aðalþætti rannsóknarinnar en þar telur mest hagstætt fitumat og þykkur bakvöðvi. Þessi hrútur kemur frá Hafrafellstungu og er hann sonur Garra 09-100 en móðurfaðir hans Slóði 02-233 var sonur Lóða 00-871. Hrútur, 05-061, var á toppi í rannsókn hér haustið 2010 og mætir hér aftur með mjög góðan lambahóp. Í kjötmatinu telur mest ákaflega góðar niðurstöður í mati um gerð sláturlambanna. Hrútur

Þessi kemur frá Snartarstöðum undan Áka 04-533 en móðurfaðir hans er Prúður 94-834. Þá skal bent á hópinn undan Lalla 08-105 en hjá honum koma allir yfirburðirnir frá skoðun og mælingum á lifandi lömbum en fitumatið er honum nokkuð þungt í skauti. Lalli er fenginn frá Hafrafellstungu undan At 06-806 en móðurfaðir hans er Máni 98-552.

### Gunnarsstaðir

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Lif/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Loki	10-051	Dúx	09-203	131,0	158,0	<b>145,0</b>	14,9	10,4	5,8	32,4	2,0	17,9
Ljómi	09-041	Kveikur	05-965	120,0	132,0	<b>126,0</b>	15,4	10,0	6,2	30,4	2,2	17,6
Fantur	10-046	Hriflon	07-837	124,0	123,0	<b>124,0</b>	14,9	10,1	5,7	30,7	2,3	17,5
Helgi	05-205	Áki	04-533	121,0	125,0	<b>123,0</b>	14,8	10,1	6,0	30,8	2,7	17,6
Váli	10-047	Stáli	06-831	137,0	97,0	<b>117,0</b>	15,1	10,7	5,9	29,6	2,4	17,5
Svoli	06-043	Moli	00-882	98,0	123,0	<b>110,0</b>	14,6	9,2	6,0	31,1	2,6	17,5
Elli	09-047	Raftur	05-966	104,0	108,0	<b>106,0</b>	13,9	9,2	5,6	30,2	2,3	17,4
Stúfur	10-052	Hrani	08-102	106,0	101,0	<b>103,0</b>	15,5	10,0	6,5	29,9	2,7	17,5
Massi	07-045	Sunni	05-043	88,0	111,0	<b>99,0</b>	14,4	9,0	6,1	30,5	2,8	17,7
Klettur	10-042	Hólmi	08-839	94,0	91,0	<b>93,0</b>	15,0	9,1	6,2	29,2	2,2	17,6
Skarði	09-571	Fjóli	07-769	87,0	88,0	<b>88,0</b>	15,1	8,5	6,1	29,6	3,0	17,6
Mari	10-044	Dóri	08-051	85,0	90,0	<b>87,0</b>	15,0	9,3	6,6	29,1	2,2	17,5
Safir	08-041	Safi	03-204	92,0	83,0	<b>87,0</b>	14,2	8,8	5,8	28,8	2,5	17,5
Jói	09-046	Svoli	06-043	97,0	73,0	<b>85,0</b>	14,9	9,2	6,1	28,1	2,1	17,6
	10-053	Sóði	09-515	95,0	75,0	<b>85,0</b>	14,4	9,0	5,9	28,7	2,6	17,5
Brjánn	10-041	Sveinki	07-046	97,0	71,0	<b>84,0</b>	14,0	8,4	5,3	27,7	2,3	17,3
Mímir	09-043	Magni	08-046	90,0	75,0	<b>83,0</b>	13,9	6,9	4,7	28,7	2,6	17,0
Lurkur	09-044	Raftur	05-966	75,0	84,0	<b>80,0</b>	14,6	8,1	5,9	28,9	2,4	17,4
Brynjar	10-049	Grábotni	06-833	85,0	72,0	<b>78,0</b>	16,1	9,2	6,9	28,8	2,6	17,3
Múkki	09-048	Lundi	03-945	95,0	60,0	<b>77,0</b>	13,9	8,8	5,6	28,2	2,7	17,3
Þúfi	10-048	Mókollur	03-978	100,0	53,0	<b>77,0</b>	15,6	9,6	6,5	27,1	3,2	17,1

Hér er ein af stóru afkvæmarannsóknunum á landinu. Nokkrir lambahópar bera talsvert af og skal aðeins gerð grein fyrir þeim. Loki 10-051 á þann lambahópinn sem talsvert ber af öðrum. Kjötmat sláturlambanna er mjög gott og yfirburðirnir sem hann kemur með í samanburði lifandi lambanna eru fádæma miklir enda allir vöðvar mjög þykkir. Þessi hrútur er fenginn á Snartarstöðum undan Dúx 09-203 en móðurfaðir hans er Sör 04-531. Ljómi 09-041 mætir til leiks með lambahóp sem er ákaflega jafn á öllum kostum og lömbin mjög þéttþolda og vel gerð. Ljómi er sonur Kveiks 05-965 en móðurfaðir hans er Toppur 00-926. Lömbin undan Fantu 10-046 sækja yfirburði sína jafnt í báða aðalþætti rannsóknarinnar. Þessi hrútur gefur fituleysi um leið og vöðvafylling er góð. Fantur er sonur Hriflonar 07-837 en móðurfaðir hans er Blámi 04-048. Helgi 05-205 minnir enn á sig sem mikla kjöttgæðakind en hann stóð hér efstur í rannsókninni 2010. Einnig má minna á son hans Lambás 07-648 á Stóru-Giljá, sem hefur verið í afkvæmarannsóknunum síðustu ár að skipa sér mjög ofarlega á landsvísu. Lömbin undan Helga núna eru að sýna jafna yfirburði um flesta eiginleika í rannsókninni. Hrútur þessi er frá Sveinungsvík undan Áka 04-533 á Snartarstöðum en móðurfaðir hans er Prúður 94-834. Váli 10-047 er með þann lambahópanna sem skilar mestu í kjötmatssamanburðinum en kjötmat sláturlambanna undan honum er sérlega hagstætt bæði um góða gerð og litla fitu. Váli er sonur Stála 06-831 en móðurfaðir hans er Nesjar 05-046.

### Sauðanes

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Lif/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Jónas	10-010	Hriflon	07-837	125,0	119,0	<b>122,0</b>	15,9	9,9	5,7	29,6	2,2	17,3
Félagi	08-010	Tindur	06-104	104,0	135,0	<b>119,0</b>	16,4	9,8	6,5	30,4	2,8	17,6
Steðji	08-009	Royal	06-005	88,0	132,0	<b>110,0</b>	16,2	9,7	6,8	30,2	3,0	17,9
Lurkur	09-010	Raftur	05-966	100,0	115,0	<b>108,0</b>	16,8	9,6	6,6	29,5	2,9	17,5

Gottfred	09-011	Gotti	05-804	112,0	100,0	<b>106,0</b>	16,3	9,3	5,9	29,0	3,1	17,4
Smellur	08-013	Hvellur	05-969	106,0	100,0	<b>103,0</b>	15,7	9,5	6,0	28,7	2,9	17,4
	08-018			111,0	83,0	<b>97,0</b>	16,1	10,4	6,6	28,6	3,5	17,3
Kappi	09-016	Garpur	04-815	76,0	49,0	<b>63,0</b>	16,3	9,0	6,7	27,6	3,7	17,3

Lambahópurinn sem hér skipar efsta sætið í samanburðinum er undan Jónasi 10-010. Í kjötmatssamanburðinum skipar hann sér langefstur enda eru lömbin mjög fitulítill með þykkun vöðva. Þessi hrútur er sonur Hriflonar 07-837 en móðurfaðir hans Faktor 03-201 frá Sveinungsvík sem hér var notaður um árabíl með góðum árangri. Þá á Félagi Bróðir 08-010 þarna mjög góðan lambahóp en mest af yfirburðunum hjá honum koma frá mjög góðum bakvöðvamælingum. Hrútur þessi kemur frá Hafrafellstungu og er sonur Tinds 06-104 og móðurfaðir hans Nökkvi 05-231 er sonur Týs 02-929.

## Tungusel

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Geysir	09-052	Byr	08-057	117,0	126,0	<b>121,0</b>	15,6	9,0	6,2	30,1	2,5	17,0
Byr	08-057	Kveikur	05-965	116,0	122,0	<b>119,0</b>	16,2	9,6	6,8	29,3	2,1	17,0
Kjarval	09-054	Púki	06-807	115,0	107,0	<b>111,0</b>	15,9	9,2	6,5	29,6	2,9	16,9
Ærlækur	06-058	Meistari	03-115	115,0	107,0	<b>111,0</b>	16,0	9,7	6,9	29,5	3,2	17,3
Ljúfur	09-057	Mjöður	07-811	112,0	100,0	<b>106,0</b>	16,0	9,5	6,8	29,2	3,1	16,8
Hattur	08-055	Frakksso	03-974	104,0	89,0	<b>96,0</b>	16,6	9,3	7,1	28,3	2,8	16,8
Hafdal	10-050	Blær	08-100	107,0	83,0	<b>95,0</b>	15,3	9,3	6,6	27,9	2,4	16,8
Punktur	07-050	Kristall	06-057	94,0	94,0	<b>94,0</b>	14,9	8,9	6,6	28,7	2,8	16,8
Gliitnir	08-058	Royal	06-005	99,0	88,0	<b>94,0</b>	15,3	8,8	6,5	28,0	2,4	16,8
Loki	04-706	Roði	00-921	79,0	98,0	<b>88,0</b>	15,5	7,8	6,5	28,8	2,8	17,0
Soldán	09-059	Garpur	04-815	86,0	84,0	<b>85,0</b>	15,3	8,1	6,4	28,0	2,4	16,7

Hér eru það lambahópar undan tveimur feðgum sem standa eftir. Eldri hrúturinn Byr 08-057 stóð ofarlega í rannsókninni hér á síðasta ári og hann á nú góðan hóp, sláturlömbin sýna hagstætt kjötmat og bakvöðvinn er þykkur. Byr er fenginn frá Ytra-Lóni og er undan Kveiki 05-965 (ranglega skráður undan Hvelli 05-969 í rannsókn á síðasta ári) en móðurfaðir hans er Túli 00-005. Sonur Byrs, Geysir 09-052 á lambahóp sem skipar sér hænu fetinu ofar í öllum samanburði og hreppir hér toppsætið. Kjarval 09-054 er með lambahóp sem er jákvæður í samanburði, lítil fita og þykkur bakvöðvi tryggja það. Kjarval er sonur Púka 06-807 og dóttursonur Flosa 03-059. Ærlækur 06-058 hefur í rannsóknum á fyrri árum stimplað sig með kjöttgæði og mætir enn til leiks með prýðisgóðan hóp en sérstaklega bera afkvæmi hans af um kjöttgæði. Eins og nafnið bendir til er hrútur þessi fæddur að Ærlæk undan Meistara 03-115 og móðurfaðir hans er Kuningi 02-903.

## Fell Bakkafirði

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Pistill	06-300			100,0	134,0	<b>117,0</b>	17,2	9,3	7,9	30,1	2,7	17,0
Landi	05-080	Fróði	04-963	120,0	104,0	<b>112,0</b>	17,1	9,5	7,2	28,7	2,1	16,9
Hagi	07-082	Alur	06-155	108,0	115,0	<b>111,0</b>	15,3	8,1	6,3	29,0	2,1	16,9
Hnútur	06-080	Unnar	04-218	98,0	123,0	<b>110,0</b>	15,5	8,2	6,8	29,7	2,4	16,7
Selur	10-081	Hagi	06-629	97,0	98,0	<b>98,0</b>	16,3	8,0	6,9	28,9	2,7	16,5
Glampi	09-081	Krókur	05-803	96,0	98,0	<b>97,0</b>	16,2	8,2	7,1	28,3	2,3	16,3
Gerðir	10-302	Atli	09-254	110,0	79,0	<b>95,0</b>	15,8	8,4	6,5	27,5	2,0	16,5
Naggur	08-080	Ögri	05-005	78,0	88,0	<b>83,0</b>	16,0	8,0	7,5	28,3	2,4	16,7
Egó	09-084	Feigur	08-081	91,0	67,0	<b>79,0</b>	16,1	8,5	7,4	27,9	2,9	16,3

Lambahópurinn sem hér skorar hæst í heildareinkunn er undan Þistli 06-300 en yfirburðirnir eru allir sóttir í mjög góðar bakvöðvamælingar. Ekki liggja fyrir nánari upplýsingar um ætterni en nafnið gefur eindregnar vísbendingar um upprunann. Landi 05-080 sækir meirihluta yfirburðanna til kjötmatsins, sérstaklega fyrir gerð. Þessi hrútur er frá Hagalandi undan Fróða 04-963 og dóttursonur Lóða 00-871. Hagi 07-082 sem einnig er þarna með hóp velvöðvaðra lamba er einnig frá Hagalandi undan Ali 06-155 og dóttursonur Haga 98-857



# Múlasýslur

## Bustarfell

Nafn	Númer	Faðir	Númer	Kjötmat	Líf/lömb	Heild	Fall	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri
Safir	07-678	Raftur	05-966	108,0	124,7	<b>116,4</b>	17,2	9,7	7,0	29,0	2,7	17,7
Kaðall	08-683	Þráður	06-996	98,0	109,4	<b>103,7</b>	16,5	8,3	6,3	28,3	3,4	17,7
Stíll	08-685	Kill	06-672	109,0	106,6	<b>107,8</b>	16,5	8,4	5,9	27,8	3,0	17,2
Lómur	09-721	Lundi	03-945	100,8	112,0	<b>106,4</b>	16,2	8,5	6,3	28,2	3,2	17,6
Landi	10-727	Gambri	08-101	101,3	53,4	<b>77,4</b>	17,3	9,8	7,3	26,0	3,5	17,3
Lon	10-730	Hriflon	07-837	106,1	127,2	<b>116,7</b>	17,1	9,2	6,7	28,4	2,6	17,5
Don	10-731	Hriflon	07-837	115,4	104,7	<b>110,1</b>	17,1	9,8	6,8	27,3	2,9	17,3
Ægir	10-733	Kill	06-672	104,0	101,7	<b>102,9</b>	17,0	9,4	6,9	27,8	3,8	17,3
Ópall	10-734	Safir	07-678	81,0	106,6	<b>93,8</b>	17,5	8,8	7,4	27,8	2,9	17,3

